

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-rikkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2010/EES/29/01		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 500/08/COL frá 16. júlí 2008 um sextugustu og fimmту breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar; felldur er inn nýr kafli með fyrirsögninni Ríkisaðstoð til umhverfisverndar.	1
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Ráðið	
	2.	Framkvæmdastjórnin	
2010/EES/29/02		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5838 – Bertelsmann/Planeta/Círculo).	35
2010/EES/29/03		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5863 – Merck/Millipore)	36
2010/EES/29/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5899 – Warburg Pincus/Silver Lake/Interactive Data Corporation) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð.	37
2010/EES/29/05		Upphaf málsmeðferðar (mál COMP/M.5658 – Unilever/Sara Lee Body Care)	38
2010/EES/29/06		Ríkisaðstoð – Spánn – Málsnúmer C 10/10 (áður N 562/09) – Aðstoð til endurskipulagningar í fyrirtækinu A NOVO Comlink SL – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. ESB-sáttmálans	38

2010/EES/29/07	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í bandalaginu – Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug (Finnland)	39
2010/EES/29/08	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í bandalaginu – Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug (Finnland)	39
2010/EES/29/09	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í bandalaginu – Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannaþjónustukvaðir (Finnland).	40
2010/EES/29/10	Orðsending stjórnvalda í Frakklandi með vísan til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni – Sérleyfi sem kennd eru við „Langlade“ og „Hermine“	41
2010/EES/29/11	Orðsending stjórnvalda í Frakklandi með vísan til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni – „Sézanne-leyfin“	42
2010/EES/29/12	Auglýsing eftir tillögum – EACEA/12/10 – Áætlunin „Virk æska“ – Aðgerð 4.5 – Stuðningur við upplýsingastarfsemi fyrir ungmenni og þá sem starfa að æskulýðsmálum og í æskulýðssamtökum	44

3. Dómstóllinn

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRDUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2010/EES/29/01

500/08/COL

frá 16. júlí 2008

um sextugustu og fimmtu breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar; felldur er inn nýr kafli með fyrirsögninni Ríkisaðstoð til umhverfisverndar

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN (1)

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (2), einkum ákvæða 61., 62. og 63. gr. og bókar 26,

með hliðsjón af samningi milli EFTA-rikkanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (3), einkum ákvæða 24. gr. og staflíðar b) í 2. mgr. 5. gr.,

Samkvæmt 24. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól ber Eftirlitsstofnun EFTA að koma ákvæðum EES-samningsins um ríkisaðstoð til framkvæmda.

Samkvæmt staflíð b) í 2. mgr. 5. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól ber Eftirlitsstofnun EFTA að gefa út auglýsingar eða leiðbeiningar um mál sem EES-samningurinn fjallar um ef sá samningur eða samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól kveða skýrt á um slíkt eða stofnunin álitur það nauðsynlegt.

Samkvæmt 1. gr. í I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól (4) ber Eftirlitsstofnun EFTA að hafa stöðugt til skoðunar öll aðstoðarkerfi sem eru við lýði í EFTA-rikkjunum og leggja til viðeigandi ráðstafanir sem krafist er í samræmi við þróun og framkvæmd EES-samningsins.

Minnt er á málsmeðferðar- og efnisreglur á sviði ríkisaðstoðar sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti 19. janúar 1994 (5).

Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna („framkvæmdastjórn EB“ í því sem hér fer á eftir) samþykkti 23. janúar 2008 orðsendingu um leiðbeiningar Evrópubandalagsins um ríkisaðstoð til umhverfisverndar (6).

Sú orðsending varðar einnig Evrópska efnahagssvæðið.

Tryggja ber að EES-reglum um ríkisaðstoð sé beitt á sama hátt hvarvetna á Evrópska efnahagssvæðinu.

Samkvæmt ákvæðum II. liðar undir fyrirsögninni „ALMENNT“ í lok XV. viðauka við EES-samninginn ber Eftirlitsstofnun EFTA, að höfðu samráði við framkvæmdastjórn EB, að samþykkja gerðir sem samsvara þeim sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur leitað samráðs við framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Minnt er á að í bréfi dagsettu 30. júní 2008 benti Eftirlitsstofnun EFTA stjórnvöldum í EFTA-rikkjunum á að leggja fram athugasemdir sínar.

(1) [Á ekki við í íslenska textanum.]

(2) Nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir.

(3) Nefnist „samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“ í því sem hér fer á eftir.

(4) Nefnist „bókun 3“ í því sem hér fer á eftir.

(5) Leiðbeiningar um beitingu og túlkun 61. og 62. gr. EES-samningsins og 1. gr. bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti 19. janúar 1994 og birtar voru í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* („Stjtið. EB/ESB“ í því sem hér fer á eftir) L 231, 3.9.1994, bls. 1, og EES-viðbæti nr. 32, 3.9.1994, bls. 1. Leiðbeiningunum var breytt síðast 19. desember 2006. Þær nefnast „Leiðbeiningar um ríkisaðstoð“ í því sem hér fer á eftir. Dagrætt gerð Leiðbeininga um ríkisaðstoð (á ensku) er birt á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA: <http://www.eftasurv.int/fieldsofwork/fieldstateaid/guidelines>

(6) Birtist í Stjtið. ESB C 82, 1.4.2008, bls. 1.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði Leiðbeininga um ríkisaðstoð breytist þannig að við bætist nýr kafli með fyrirsögninni Ríkisaðstoð til umhverfisverndar. Nýi kafllinn er birtur í I. viðauka við ákvörðun þessa.

2. gr.

Núverandi kafli um aðstoð á sviði umhverfisverndar falli brott.

3. gr.

Fullgild er aðeins ensk útgáfa þessarar ákvörðunar.

Gjört í Brussel 16. júlí 2008.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Per Sanderud

Forseti

Kristján Andri Stefánsson

Stjórnarmaður

I. VIÐAUKI

RÍKISAÐSTOÐ TIL UMHVÆRISVERNDAR ⁽¹⁾

1. INNGANGUR

1. Árið 1994 gaf Eftirlitsstofnun EFTA út leiðbeiningar um ríkisaðstoð á sviði umhverfisverndar. Árið 2001 gaf stofnunin út nýjar leiðbeiningar (sjá EES-viðbæti við Stjtið. EB nr. 6, 24.1.2002) og var gildistími þeirra upphaflega til loka ársins 2007 en síðar framlengdur þar til nýjar leiðbeiningar öðluðust gildi.
2. Hafa skal hliðsjón af markmiðum á sviði umhverfisstefnu þegar metið er hvort ríkisaðstoð á sviði umhverfismála samræmist gildandi EES-reglum, einkum með það í huga að stuðla að sjálfbærri þróun, sbr. 73.–75. gr. EES-samningsins og níundu málsgrein inngangsorða samningsins. Af þessu leiðir að stefnumörkun á sviði samkeppnismála gengur ekki gegn stefnumörkun á sviði umhverfismála heldur er nauðsynlegt að fella kröfur um umhverfisvernd að skilgreiningu og framkvæmd samkeppnisstefnu, einkum í því skyni að stuðla að sjálfbærri þróun.

1.1. Stefnumörkun á sviði ríkisaðstoðar og orkustefna fyrir Evrópu

3. Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna hefur gefið út nýjar leiðbeiningar um ríkisaðstoð til umhverfisverndar. Leiðbeiningarnar eru stjórnþæki til að koma í framkvæmd i) niðurstöðum leiðtogaáráðsins frá vorinu 2007, en þar var kallað eftir aðgerðum til þess að koma upp sjálfbærri og samhæfðri stefnu undir heitinu Orkustefna fyrir Evrópu, og ii) „Aðgerðaáætlun á sviði orkumála“ sem er einn þáttur Orkustefnu fyrir Evrópu.

Í niðurstöðum leiðtogaáráðsins sagði meðal annars: „Sökum þess að losun gróðurhúsalofttegunda á sér aðallega stað í tengslum við orkuvinnslu og orkunotkun verður þessu markmiði ekki náð nema með því að samhæfa aðgerðir á sviði loftslags- og orkumála. Rétt er að haga slíkri samhæfingu þannig að sviðin njóti stuðnings hvort af öðru. Með þetta í huga verður Orkustefna fyrir Evrópu byggð á eftirtöldum þremur markmiðum sem miðast við að taka fullt tillit til þess hvaða samsetningu orkugjafa aðildarríkin hafa kosið að nota svo og yfirráða þeirra yfir frumorkugjöfum og eru valin í anda samstöðu milli aðildarríkjana:

- Að auka afhendingaröryggi
- Að tryggja samkeppnishæfni efnahagskerfanna í Evrópu og að orka sé fánleg á viðráðanlegu verði
- Að stuðla að sjálfbærni á sviði umhverfismála og takast á við loftslagsbreytingar“

Þá lýsti leiðtogaáráðið stuðningi við víðtæka aðgerðaáætlun í orkumálum og beindi því til framkvæmdastjórnarinnar að leggja meðal annars fram tillögur að endurskoðun leiðbeininga Evrópubandalaganna um ríkisaðstoð til umhverfisverndar.

4. EFTA-ríkin hafa gert margvíslegar ráðstafanir til að auka verndun umhverfisins. Þau eru í þann veginn að öðlast aðild að Evrópuviðskiptakerfi bandalagsins með losunarheimildir, og hafa meðal annars gefið staðfest fyrirheit um tiltekinn samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda samkvæmt Kýotóbókuninni fyrir árið 2012. Þá standa yfir viðræður í tengslum við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar með það fyrir augum að ákveða frekari markmið í samræmi við Kýotóbókunina.

1.2. Stefnumörkun á sviði ríkisaðstoðar og umhverfisvernd

5. Ríkisaðstoð getur stundum verið áhrifaríkt tæki til að ná markmiðum á sviði almannahagsmuna, og bæta á þann hátt úr markaðsbrestum, og bæta starfsemi markaða og auka samkeppnishæfni. Í skjalinu „Aðgerðaáætlun um ríkisaðstoð – Minni og markvissari ríkisaðstoð: Leiðarvísir vegna umbóta á sviði ríkisaðstoðar 2005–2009“ ⁽²⁾ kemur fram að ríkisaðstoð geti stuðlað að markmiðum umhverfisverndar og skapað þannig ný tækifæri til nýsköpunar, opnað nýja markaði og aukið samkeppnishæfni með skilvirkari auðlindanýtingu og nýjum fjárfestingarfærum. Leiðbeiningar Evrópubandalaganna um aðstoð til umhverfisverndar eru byggðar á „Aðgerðaáætlun um ríkisaðstoð“ og því verður einnig tekið tillit til sjónarmiða af þessu tagi við mat Eftirlitsstofnunar EFTA á því hvort ríkisaðstoð samrýmist framkvæmd EES-samningsins.

Til stefnumótandi skjala, sem eru bakgrunnur leiðbeininganna sem hér birtast, heyrir einnig ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1600/2002/EB frá 22. júlí 2002 um sjöttu aðgerðaáætlun Bandalagsins á sviði umhverfismála ⁽³⁾ („sjötta aðgerðaáætlun á sviði umhverfismála“ í því sem hér fer á eftir), sem hefur verið felld inn í bókun 31 við EES-samninginn, sjá staflid d) í 3. gr., og lýsir því hvaða sviði skuli njóta forgangs við aðgerðir í umhverfisverndarskyni ⁽⁴⁾.

6. Helsta markmið eftirlits með ríkisaðstoð á sviði umhverfisverndar er að tryggja að með ráðstöfunum af því tagi sé umhverfið betur verndað en verið hefði ef engin aðstoð hefði komið til og að kostir aðstoðarinnar vegi þyngra en gallar hennar með vísan til samkeppnisröskunar, að teknu tilliti til mengunarbótareglunnar sem kveðið er á um í 73. gr. EES-samningsins.

⁽¹⁾ Leiðbeiningar þessar samsvara leiðbeiningum Evrópubandalaganna um ríkisaðstoð til umhverfisverndar sem voru samþykktar 23. janúar 2008 (Stjtið. ESB C 82, 1.4.2008, bls. 1).

⁽²⁾ COM(2005) 107 final.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 242, 10.9.2002, bls. 1.

⁽⁴⁾ Þessi forgangssvið eru: loftslagsbreytingar, náttúra og líffjölbreytni, umhverfi og heilbrigðismál og náttúruauðlindir og úrgangur. Heilbrigðismál falla ekki undir leiðbeiningarnar sem hér birtast.

7. Atvinnustarfsemi getur leitt til umhverfistjóns, ekki síst af völdum mengunar. Ef engin afskipti stjórnvalda koma til geta fyrirtæki í vissum tilvikum komið sér hjá því að bera allan kostnaðinn af umhverfistjóni sem leiðir af starfsemi þeirra. Afleiðingin af þessu er að markaðurinn nýtir ekki framleiðsluþætti á skilvirkan hátt, þar eð framleiðandinn tekur ekki tillit til (neikvæðra) úthrifa framleiðslustarfseminnar, heldur hvílir sú byrði á þjóðfélaginu í heild.
8. Samkvæmt mengunarbótareglunni er unnt að taka á þessum neikvæðu úthrifum með því að tryggja að sá beri kostnaðinn af menguninni sem hefur valdið henni, en það felur í sér að mengandinn felli allan umhverfiskostnað inn í framleiðslukostnað. Með þessu er ætlunin að tryggja að kostnaður einkaaðila (sá kostnaður sem fyrirtækið ber) endurspeglir raunverulegan félagslegan kostnað atvinnustarfseminnar. Með því að koma mengunarbótareglunni að fullu í framkvæmd væri þannig unnt að leiðrétta markaðsbrestinn. Framkvæmd reglunnar getur átt sér stað hvort heldur sem er með lögbundnum umhverfisreglum eða markaðslegum stjórnækjum⁽⁵⁾. Sum markaðsleg stjórnækki geta falið í sér að ríkisaðstoð sé veitt öllum eða sumum þeim fyrirtækjum sem eiga í hlut.
9. Sem stendur eru að vísu takmörk fyrir því hversu langt er unnt að ganga í beitingu mengunarbótareglunnar, en sá reglubrestur á ekki að standa í vegi fyrir því að EFTA-ríkin geri umhverfisverndarkröfur sem ganga lengra en gert er í Evrópubandalaginu⁽⁶⁾ og dragi úr neikvæðum úthrifum eftir því sem frekast er unnt.
10. Í því skyni að bæta umhverfisvernd kunna EFTA-ríkin að vilja fara þá leið að veita einstökum gerendum (þ.e. fyrirtækjum) ríkisaðstoð til að hvetja þá til að vinna að meiri umhverfisvernd en krafist er í EB-reglum eða í þeim tilvikum að engum slíkum reglum er til að dreifa. Þau geta einnig ákveðið að landsreglur skuli vera strangari eða umhverfisskattar hærrí en kveðið er á um í EB-rétti eða notað umhverfisskatta til að koma mengunarbótareglunni í framkvæmd einhliða þegar engum ákvæðum EB-réttar er til að dreifa.

Samkvæmt leiðbeiningum Evrópubandalaganna um aðstoð til umhverfisverndar getur aðstoð við fyrirtæki, sem ganga lengra en krafist er í EB-reglum, talist samrýmanleg ákvæðum um sameiginlega markaðinn sé tilteknum skilyrðum fullnægt. Með svipuðum hætti getur aðstoð, sem er fólgin í afslætti eða undanþágum frá samræmdum sköttum Evrópubandalaganna, talist samrýmanleg sameiginlega markaðnum sé tilteknum skilyrðum fullnægt. Hugsanlegt er að löggjöf, sem kveður á um slíkar EB-reglur, hafi að einhverju leyti ekki verið felld inn í EES-samninginn. Þá falla ákvæði EB-réttar um samræmda skatta sem slík utan gildissviðs EES-samningsins. Engu að síður, og með það í huga að tryggja einsleita beitingu ríkisaðstoðarreglna og jöfn samkeppnisskilyrði á öllu Evrópska efnahagssvæðinu, mun Eftirlitsstofnun EFTA að jafnaði beita sömu viðmiðum og í leiðbeiningum Evrópubandalaganna þegar metið er hvort aðstoð til umhverfisverndar samræmist framkvæmd EES-samningsins, að teknu tilliti til sérstakrar stöðu löggjafar í EFTA-ríkjunum. Í þessu felst að í leiðbeiningunum, sem hér birtast, er vísað til viðkomandi reglna og skattsamræmingarákvæða Evrópubandalaganna þegar slíku er til að dreifa. Eftirlitsstofnun EFTA tekur sérstaklega fram að slík vísan til ákvæða í EB-rétti merkir ekki að EFTA-ríkjunum sé skylt að hlíta þeim ákvæðum nema þau hafi verið felld inn í EES-samninginn⁽⁷⁾. Tilvísanirnar þjóna aðsins sem grundvöllur mats á því hvort aðstoðarráðstafanir geti talist samrýmanlegar framkvæmd EES-samningsins með vísan til staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. samningsins.

11. Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að nauðsynlegt sé að endurskoða leiðbeiningarnar um ríkisaðstoð til umhverfisverndar til þess að stefna megi að svipuðum markmiðum og þeim sem sett eru í Aðgerðaáætlun um ríkisaðstoð, einkum í því skyni að gera aðstoðina markvissari, bæta greiningu á efnahagslegum þáttum og stuðla að skilvirkari málsmeðferð. Þá lítur Eftirlitsstofnun EFTA svo á að taka verði tillit til breytinga á stefnumörkun í umhverfismálum og tækni sem notuð er í umhverfisverndarskyni og breyta reglunum með hliðsjón af reynslu.
12. Eftirlitsstofnun EFTA hyggst nota þessar leiðbeiningar við mat á aðstoð til umhverfisverndar og auka þannig réttaröryggi og gagnsæi að því er varðar ákvarðanir stofnunarinnar. Aðstoð til umhverfisverndar má réttlæta fyrst og fremst með vísan til ákvæða staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Leiðbeiningarnar, sem hér birtast, koma í stað kaflans Aðstoð á sviði umhverfisverndar í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð sem óðlaðist gildi árið 2001⁽⁸⁾.
13. Gefnar eru leiðbeiningar um tvenns konar mat: staðlað mat á ráðstöfunum sem fela í sér aðstoð undir tilteknum mörkum eða aðstoð sem er veitt framleiðslustöðvum með framleiðslugetu undir tilteknum mörkum (3. undirkafla) og ítarlegt mat á ráðstöfunum sem fela í sér aðstoð yfir ofangreindum mörkum eða aðstoð sem er veitt framleiðslustöðvum með framleiðslugetu yfir ofangreindum mörkum auk aðstoðar sem er veitt til nýrra vera sem framleiða endurnýjanlega orku og er reiknuð á grundvelli þess ytri kostnaðar sem unnt reynist að komast hjá (5. undirkafla).
14. Leiðbeiningum þessum verður beitt við mat á öllum ráðstöfunum sem Eftirlitsstofnun EFTA berst tilkynning um (hvort sem það gerist vegna þess að ráðstöfunin fellur ekki undir reglugerð um hópundanþágu eða kveðið er á um það í slíkri reglugerð að hvert tilvik aðstoðar skuli tilkynnt sérstaklega eða vegna þess að hlutaðeigandi EFTA-ríki ákveður að tilkynna ráðstöfun sem hefði í grundvallaratriðum getað notið undanþágu

⁽⁵⁾ Að því er hið síðastnefnda varðar sjá grænbók um markaðsleg stjórnækki fyrir stefnumótun á sviði umhverfismála og skyldra mála 28. mars 2007, COM(2007) 140 final.

⁽⁶⁾ Kröfur og reglur af því tagi verða EES-reglur um leið og þær eru felldar inn í EES-samninginn.

⁽⁷⁾ Til að mynda hefur tilskipun 2003/96/EB um endurskipulagningu á lagamma Bandalagsins um skattlagningu orkugjafa og raforku (Stjótið. ESB L 283, 31.10.2003, bls. 51, með áorðnum breytingum, síðast samkvæmt tilskipun 2004/75/EB, Stjótið. ESB L 157, 30.4.2004, bls. 100) ekki verið tekin upp í EFTA-ríkjunum.

⁽⁸⁾ Sjá 1. nmgr.

samkvæmt hópundanþágureglugerð), sem og við mat á hvers kyns aðstoð sem engin tilkynning berst um eftir gildistöku leiðbeininganna.

1.3. Jafnvægmátið og beiting þess gagnvart aðstoð í umhverfisverndarskyni

1.3.1. Minni en markvissari aðstoð, jafnvægmáti á aðstoð

15. Í Aðgerðaáætlun um ríkisaðstoð, sem vísað er til hér á undan, lýsti framkvæmdastjórnin yfir að hún myndi „styrkja eftir því sem við á hagfræðilega nálgun sína á sviði greiningar á ríkisaðstoð“.
16. Við mat á því hvort ráðstöfun á sviði ríkisaðstoðar geti talist samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins vegur Eftirlitsstofnun EFTA kosti ráðstöfunarinnar, sem snúa að því að unnið er að markmiði á sviði almannahagsmuna, á móti hugsanlegum neikvæðum hliðaráhrifum á borð við röskun á samkeppni og viðskiptum. Í Aðgerðaáætlun um ríkisaðstoð er byggt á fyrirbyggjandi reynslu og þessu mati gefin formleg mynd með því sem nefnt er „jafnvægmáti“⁽⁹⁾. Mátið skiptist í þrjú þrep og snúa hin tvö fyrstu að kostum ríkisaðstoðarinnar en hið þriðja að göllum hennar og heildarjafnvægi kosta og galla. Uppbygging jafnvægmátsins er sem hér segir:
- 1) Beinist aðstoðarráðstöfunin að vel skilgreindu markmiði á sviði almannahagsmuna (t.d. hagvexti, atvinnu, samheldni, umhverfisvernd, orkuöryggi)? Í skilningi þessara leiðbeininga er viðkomandi markmið á sviði almannahagsmuna verndun umhverfisins.
 - 2) Er aðstoðin vel sniðin að viðkomandi markmiði á sviði almannahagsmuna, með öðrum orðum er stefnt að því með hinni fyrirhuguðu aðstoð að takast á við markaðsbrestinn eða annað markmið?
 - a) Er ríkisaðstoð viðeigandi stjórnþæki?
 - b) Eru hvatningaráhrif fyrir hendi, þ.e. breytir aðstoðin hegðun fyrirtækja?
 - c) Er aðstoðarráðstöfunin hæfileg að umfangi, þ.e. mætti ná fram sömu breytingum á hegðun með minni aðstoð?
 - 3) Eru samkeppnisröskun og áhrif á viðskipti takmörkuð á þann hátt að heildaráhrifin verði jákvæð?
17. Jafnvægmátið má nota við athugun á ákvæðum um úthlutun ríkisaðstoðar svo og við mat á einstökum málum.

1.3.2. Markmið á sviði almannahagsmuna sem leiðbeiningarnar beinast að

18. Í niundu málsgrein inngangsorða EES-samningsins er greint frá því að EFTA-ríkin séu staðráðin að varðveita, vernda og bæta umhverfið og tekið fram að sjálfbær þróun sé meðal markmiða sem þau hafi sett sér. Aukin umhverfisvernd er því mikilvægt markmið á sviði almannahagsmuna. Þá kemur fram í 2. mgr. 73. gr. EES-samningsins að fella beri umhverfisvernd inn í stefnumörkun EFTA-ríkjana á öðrum sviðum og þar er kveðið á um að stefna á sviði umhverfismála skuli byggð á þeim meginreglum að beita forvörnum, draga úr mengun⁽¹⁰⁾ þar sem hún á upptök sín og leggja bótaskyldu á þann sem mengun veldur.
19. Í þessum leiðbeiningum kemur fram hvaða skilyrði eru sett fyrir því að heimila ríkisaðstoð í því skyni að ráða bót á markaðsbrestum sem leiða af sér ófullnægjandi umhverfisvernd.
20. Algengustu markaðsbrestir að því er varðar umhverfisvernd tengjast neikvæðum úthrifum. Fyrirtæki, sem hafa eigin hagsmuni að leiðarljósi, hafa engan hvata til að taka tillit til neikvæðra úthrifa af framleiðslustarfsemi sinni, hvorki þegar þau ákveða hvaða tækni skuli notuð við framleiðsluna né þegar þau ákveða umfang framleiðslunnar. Með öðrum orðum er framleiðslukostnaður fyrirtækisins lægri en sá kostnaður sem þjóðfélagið þarf að bera. Fyrirtæki hafa því engan hvata til að draga úr mengun eða gera einstakar ráðstafanir til að vernda umhverfið.
21. Þegar stjórnvöld standa frammi fyrir þessum markaðsbresti nota þau yfirleitt reglur til að tryggja að neikvæð úthrif af framleiðslustarfsemi séu tekin til greina. Á grundvelli staðla, skattareglna, efnahagslegra stjórnþækja og annarra reglna er mengunarvaldandi fyrirtækjum gert að greiða kostnað þjóðfélagsins af menguninni í samræmi við mengunarbótaregluna. Þegar fyrirtækin fella þessi neikvæðu úthrif inn í framleiðslukostnaðinn hækkar það því eigin kostnað þeirra og kemur niður á arðsemi. Þar eð mengun er mismikil eftir atvinnugreinum og fyrirtækjum verður kostnaðurinn af umhverfisverndandi reglum jafnframt mismunandi, ekki aðeins milli fyrirtækja heldur einnig milli EES-ríkja. Þá kunna EES-ríkin að hafa mismunandi viðhorf til þess hversu hátt beri að setja markið þegar kemur að umhverfisvernd.
22. Þegar engum EB-reglum eða markaðslegum stjórnþækjum er til að dreifa sem endurspegli að fullu það markmið sem stefnt er að með mengunarbótareglunni (reglubrestur) geta EFTA-ríkin þannig ákveðið einhliða að stefna að betri umhverfisvernd. Þetta getur leitt til kostnaðarauka fyrir fyrirtæki sem eru starfandi á yfir-

⁽⁹⁾ Sbr. Aðgerðaáætlun um ríkisaðstoð, 11. og 20. mgr., sem og nánari útlistun í orðsendingunni um nýsköpun (COM(2005) 436 final 21.9.2005).

⁽¹⁰⁾ Undir þetta getur fallið starfsemi sem felur í sér losun manngerðra mengunarefna í umhverfið, eða til að mynda efnislegar breytingar á vatnsumhverfi, og veldur þannig röskun á vistkerfum, eða starfsemi sem hefur neikvæð áhrif á stöðu vatnsauðlinda.

ráðasvæði þeirra. Af þeim ástæðum kunna EFTA-ríkin að beita auk reglusetningar ríkisaðstoð sem ívilnun í því skyni að ná fram betri umhverfisvernd. Eftirtaldir tvær aðferðir koma til greina:

- **Ívilnun í þágu einstakra fyrirtækja til þess að hvetja þau til að draga úr mengun og öðrum neikvæðum áhrifum á umhverfið:** Í fyrsta lagi geta EFTA-ríkin ívilnað einstökum aðilum (þ.e. fyrirtækjum) til þess að hvetja þá til að ganga lengra en krafist er í EB-reglum ⁽¹⁾. Í þessu tilviki dregur aðstoðarþeginn úr mengun vegna þess að hann fær aðstoð til að breyta starfsháttum sínum, en ekki vegna þess að honum er gert að greiða kostnaðinn af menguninni. Markmið ríkisaðstoðarinnar er hér að taka með beinum hætti á markaðsbrestinum sem tengist neikvæðum áhrifum mengunarinnar.
- **Ívilnun í tengslum við innleiðingu landsreglna um umhverfisvernd sem ganga lengra en EB-reglur:** Í öðru lagi geta EFTA-ríkin sett landsreglur sem ganga lengra en EB-reglur. Það getur hins vegar valdið tilteknum fyrirtækjum kostnaðarauka og þannig haft áhrif á samkeppnisstöðu þeirra. Þá getur þessi kostnaður lagst mismunandi þungt á fyrirtæki eftir stærð þeirra, stöðu á markaði, tæknibúnaði og öðrum sérkennum. Í því tilviki getur reynst nauðsynlegt að veita ríkisaðstoð þeim fyrirtækjum sem bera þyngstu byrðina til þess að EFTA-ríkin geti sett landsreglur um umhverfisvernd sem hafa að geyma strangari ákvæði en EB-reglur.

1.3.3. Viðeigandi stjórnþæki?

23. Stjórnvöld hafa hlutverki að gegna þegar kemur að því að tryggja betri umhverfisvernd. Reglusetning og markaðsleg stjórnþæki eru mikilvægustu tækin sem unnt er að beita til að ná markmiðum á sviði umhverfisverndar. Stjórnþæki, sem eru ekki bindandi, svo sem valfrjálssar umhverfismerkingar og útbreiðsla umhverfishaefrar tækni, geta einnig leikið mikilvægt hlutverk. Flókið getur reynst að finna bestu samsetningu stjórnþækja en það þarf þó ekki að þýða að markaðsbrestir eða tiltekin stjórnálagaleg markmið réttlæti sjálfkrafa að ríkisaðstoð sé beitt.
24. Samkvæmt mengunarbótareglunni á allur kostnaður vegna mengunar að falla á mengandann, að meðtöldum óbeinum kostnaði þjóðfélagsins. Í þessum tilgangi getur setning reglna um umhverfismál komið að gagni sem stjórnþæki við að færa byrðina yfir á mengandann. Með því að virða mengunarbótaregluna er tryggt, fræðilega, að brugðist verði við markaðsbresti sem stafar af neikvæðum úthrifum. Af þessu leiðir að væri mengunarbótareglunni fylgt að fullu væri engin þörf á frekari afskiptum hins opinbera til þess að tryggja skilvirka markaðsniðurstöðu. Mengunarbótareglan er eftir sem áður helsta reglan og ríkisaðstoð í raun annar besti kosturinn. Notkun ríkisaðstoðar í tengslum við mengunarbótaregluna myndi leysa mengandann undan því að bera kostnaðinn af menguninni. Ríkisaðstoð er því iðulega óviðeigandi stjórnþæki í slíkum tilvikum.
25. Oft er þó litið svo á, með vísan til þess sérstaklega að nokkuð skortir á framkvæmd mengunarbótareglunnar, að umhverfisvernd sé að óbreyttu ófullnægjandi af eftirtöldum ástæðum:
 - a) Í fyrsta lagi er ekki auðvelt að ákvarða kostnað af mengun nákvæmlega. Því fylgja tæknilegir örðugleikar að reikna kostnaðarauka þjóðfélagsins vegna allra tegunda framleiðslu og stundum getur verið lítil hagkvæmni fölginn í því að taka tillit til mismunandi mengunar mismunandi framleiðenda ef því fylgir mikill stjórnsýslukostnaður. Mismunandi næmi fyrir breytingum á vöruverði (verðnæmi) hefur einnig áhrif. Þá getur mat á kostnaði af mengun verið breytilegt milli einstaklinga og þjóðfélaga og farið eftir þeim ákvörðunum sem teknar eru í þjóðfélaginu, til að mynda að því er varðar áhrif gildandi stefnumörkunar á kynslóðir framtíðarinnar. Við þetta bætist að suma kostnaðarlíði er erfitt að tilgreina með vissu, til dæmis að því er varðar minni ævilíkur eða umhverfisskaða. Þess vegna verður jafnan nokkur óvissa tengd útreikningi á kostnaði af mengun.
 - b) Í öðru lagi er hugsanlegt að sé verð á ýmsum (iðnaðar)vörum hækkað of hratt í því skyni að fella kostnað af mengun inn í framleiðslukostnaðinn hafi það sömu áhrif og utanaðkomandi áfall og valdi röskun í efnahagslífinu. Stjórnvöld kunna því að telja það betri kost að ganga hægt fram við það að fella allan mengunarkostnaðinn inn í tilteknar tegundir framleiðslu.
26. Þegar umhverfisvernd telst ófullnægjandi getur staðið þannig á að þótt ríkisaðstoð leysi ekki öll ofangreind vandamál geti hún orðið til þess að hvetja fyrirtæki til starfsemi eða fjárfestinga sem þeim ber ekki skylda til að ráðast í og fyrirtæki, sem sækjast eftir hagnaði, myndu ekki takast á hendur að öðrum kosti. Ríkisaðstoð getur einnig verið viðeigandi stjórnþæki til að gera EFTA-ríkjunum kleift að setja landsreglur um umhverfisvernd sem eru strangari en EB-reglur með því að minnka byrði þeirra fyrirtækja sem slíkar reglur leggjast þyngst á og gera þannig mögulegt að setja reglur af því tagi.

1.3.4. Hefur aðstoðin hvatningaráhrif og er hún nauðsynleg?

27. Ríkisaðstoð til umhverfisverndar verður að leiða til breytinga á hegðun viðtakandans þannig að umhverfið sé betur verndað en verið hefði ef engin aðstoð hefði verið veitt. Á hinn bóginn geta fjárfestingar, sem leiða til betri umhverfisverndar, bæði aukið tekjur ⁽¹²⁾ og/eða dregið úr útgjöldum ⁽¹³⁾ og verið þannig hagkvæmir kostir í sjálfum sér. Þess vegna er nauðsynlegt að ganga úr skugga um að ekki hefði orðið af fjárfestingunni ef ekki hefði komið til ríkisaðstoðar.

⁽¹¹⁾ Eins og þegar hefur verið getið verða reglur af því tagi EES-reglur um leið og þær eru felldar inn í EES-samninginn.

⁽¹²⁾ Ef meira tillit er tekið til umhverfisins getur framleiðslan til að mynda leitt til aukins svigrúms til að endurvinnna úrgangsefni og þannig skapað viðbótartekjur. Einnig er hugsanlegt að ná fram verðhækkun eða söluaukningu á vörum sem teljast umhverfisskollari og höfða þannig meira til neytenda.

⁽¹³⁾ Ef meira tillit er tekið til umhverfisins er einkum hugsanlegt að draga megi úr orkunotkun og aðfanganotkun við framleiðsluna.

28. Markmiðið er að tryggja að fyrirtæki myndu ekki reka starfsemi vegna ávinnings af henni sjálfri ef aðstoð væri ekki veitt. Hvatningaráhrif eru greind með athugun á því hvaða staða hefði verið uppi ef aðstoð hefði ekki komið til, þ.e. borið er saman umfang starfseminnar, sem stefnt er að, með aðstoð annars vegar og án aðstoðar hins vegar. Rétt greining á stöðunni, sem uppi hefði verið án aðstoðar, skiptir höfuðmáli um ákvörðun á því hvort ríkisaðstoð hafi hvatningaráhrif. Þetta er einnig grundvallaratriði í tengslum við útreikning á þeim aukna kostnaði við fjárfestingar eða framleiðslu sem er því samfara að bæta umhverfisvernd.
29. Nýjar fjárfestingar geta reynst nauðsynlegar til að fullnægja lögbundnum EB-reglum. Þar eð fyrirtækið þarf að fylgja slíkum reglum hvað sem öðru líður er ekki unnt að réttlæta að ríkisaðstoð sé veitt til að fullnægja lögbundnum EB-reglum sem þegar eru í gildi.

1.3.5. Er aðstoðin hæfileg að umfangi?

30. Aðstoð telst hæfileg að umfangi því aðeins að ekki væri unnt að ná sömu niðurstöðu með minni aðstoð. Hvort umfangið telst hæfilegt getur einnig ráðist af því hversu sértæk viðkomandi ráðstöfun er.
31. Einkum verður að takmarka aðstoðarfjárhæðina við það sem er nauðsynlegt til þess að ná fram þeirri umhverfisvernd sem stefnt er að. Þess vegna miðast styrkhæfur kostnaður í tengslum við fjárfestingaraðstoð við þá (hreinu) kostnaðaraukningu sem er nauðsynleg til þess að ná settum markmiðum á sviði umhverfisverndar. Þetta felur í sér að til þess að ákvarða hversu mikil aðstoðin má vera er það frumregla að draga verður allan fjárhagslegan ávinning fyrirtækisins af fjárfestingunni frá viðbótarfjárfestingarkostnaðinum.
32. Á hinn bóginn eru tormeiki á því að taka tillit til alls fjárhagslegs ávinnings sem fyrirtæki getur haft af viðbótarfjárfestingu. Svo dæmi sé tekið er ekki tekið tillit til rekstrarlegs ávinnings í aðferðinni við að reikna styrkhæfan kostnað, sem lýst er í 80. til 84. mgr., nema um tiltekið skeið fyrst eftir fjárfestinguna. Á sama hátt er í þessu samhengi einnig horft fram hjá tilteknum tegundum ávinnings sem ekki er alltaf auðvelt að mæla – til að mynda bættri „grænni mynd“ í kjölfar fjárfestingar í umhverfisverndarskyni. Til þess að aðstoðin geti talist hæfileg að umfangi lítur Eftirlitsstofnun EFTA því svo á að styrkfjárhæðin verði að jafnaði að vera lægri en sem nemur styrkhæfum fjárfestingarkostnaði, sjá II. viðauka. Það er aðeins í þeim tilvikum að fjárfestingaraðstoð er veitt á grundvelli eiginlegs samkeppnisútbóðs með skýrum, gagnsæjum forsendum og á jafnréttisgrundvelli – þannig að tryggt sé í reynd að aðstoðin takmarkist við það lágmark sem er nauðsynlegt til að ná settum umhverfismarkmiðum – að styrkfjárhæðin má nema 100% af styrkhæfum fjárfestingarkostnaði. Ástæðan er sú að við slíkar aðstæður má líta svo á að einstök tilboð endurspegli allan hugsanlegan ávinning sem viðbótarfjárfestingin gæti haft í för með sér.
33. Þá er ógerningur, að því er varðar sumar ráðstafanir, að reikna aðstoðarfjárhæðina á grundvelli kostnaðaraukans; þetta á við um aðstoð sem er veitt sem undanþága frá umhverfissköttum eða lækkun á slíkum sköttum og aðstoð sem byggist á kerfum framseljanlegra losunarheimilda. Í slíkum tilvikum verður að tryggja að umfang aðstoðarinnar sé hæfilegt með því að setja skilyrði og viðmið sem ráða ákvörðun um undanþágu eða lækkun þannig að aðstoðarþeginn njóti ekki óhóflega mikils hagræðis og að ráðstöfunin sé ekki sértækari en nauðsynlegt er.
34. Kostnaður lítilla og meðalstórra fyrirtækja af umhverfisvernd er oft hærri hlutfallslega þegar horft er til rekstrarumfangs. Við það bætist að ófullkominn fjármagnsmarkaður þrengir iðulega möguleika lítilla og meðalstórra fyrirtækja á að bera slíkan kostnað. Af þeim sökum, og með hliðsjón af því að hætta á verulegri samkeppnisröskun er minni þegar aðstoðarþeginn er lítið eða meðalstórt fyrirtæki, má réttlæta styrkkaða til slíkra fyrirtækja í tengslum við vissar tegundir aðstoðar.
35. EFTA-ríkin eru einnig hvött til að gæta þess að umhverfistengdum ávinningi sé náð fram á hagkvæman hátt, til að mynda með ráðstöfunum sem leiða til þess að ytri kostnaður, sem komist er hjá, er verulegur í samanburði við fjárhæð veittrar aðstoðar. Aftur á móti eru engin bein tengsl milli ytri kostnaðar, sem komist er hjá, og kostnaðar fyrirtækisins og því er það aðeins í undantekningartilvikum sem leggja má ytri kostnað, sem komist er hjá, til grundvallar fjárhæð ríkisaðstoðarinnar. Til þess að tryggja að fyrirtækið búi við fullnægjandi hvata til að breyta hegðun sinni verður að jafnaði að tengja styrkfjárhæðina beint kostnaðinum sem fellur á fyrirtækið.

1.3.6. Neikvæð áhrif af aðstoð til umhverfisverndar verða að vera takmörkuð þannig að heildaráhrif séu jákvæð

36. Ef ríkisaðstoð til umhverfisverndar er beitt á markvissan hátt, þannig að hún vegi aðeins upp raunverulegan kostnaðarauka af bættri umhverfisvernd, er hætta á óhóflegri samkeppnisröskun af völdum aðstoðarinnar að jafnaði fremur lítil. Því skiptir höfuðmáli að ráðstafanir á sviði ríkisaðstoðar til umhverfisverndar séu markvissar. Þegar þannig stendur á að aðstoðin er ekki nauðsynleg eða hæfileg að umfangi með hliðsjón af settu markmiði kemur það niður á samkeppni. Þetta getur einkum gerst ef afleiðingar aðstoðarinnar eru:
- áframhaldandi rekstur óhagkvæmra fyrirtækja,
 - röskun á viðvarandi hvata/ruðningsáhrif,
 - markaðsráðandi staða eða markaðshindrandi athæfi,
 - óeðlilegar breytingar á vörufleði eða framleiðslustöðum.

37. Í sumum tilvikum er aðstoð veitt til þess að hafa áhrif á starfsemi markaðarins með það markmið í huga, í almennu umhverfisverndarskyni, að ívilna tilteknum tegundum umhverfshæfrar framleiðslu umfram aðrar sem valda meiri mengun. Ráðstafanir sem þessar hafa þær afleiðingar að framleiðendur umhverfshæfra vara af þessu tagi geta styrkt stöðu sína á markaði gagnvart keppinautum sem bjóða minna umhverfshæfar vörur. Í slíkum tilvikum mun Eftirlitsstofnun EFTA líta til heildaráhrifa ráðstöfunarinnar á umhverfið við mat á neikvæðum áhrifum hennar á markaðsstöðu, og þannig hagnað, fyrirtækja sem njóta ekki aðstoðar. Því minni sem hin væntu umhverfisáhrif ráðstöfunarinnar eru, þeim mun mikilvægara er að sannreyna áhrif hennar á markaðshlutdeild samkeppnisvöru og hagnað framleiðenda af henni.

1.4. Framkvæmd jafnvægisáttar: lagalegar ályktanir og þörfin á nákvæmara mati

38. Með fyrirvara um ákvæði 4.–7. gr. II. hluta bókar 3 við samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (sem nefnist „samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“ í því sem hér fer á eftir) byggir Eftirlitsstofnun EFTA á mismunandi lagalegum ályktunum eftir eðli hinar tilkynntu aðstoðar.
39. Í 3. undirkafla þessara leiðbeininga tiltekur Eftirlitsstofnun EFTA ýmsar ráðstafanir á sviði ríkisaðstoðar sem hún telur fyrirfram ástæðu til að ætla að beita megi til að draga úr markaðsbresti sem hamlar umhverfisvernd eða til að ná fram betri umhverfisvernd. Þá mælir stofnunin fyrir um skilyrði og breytur af ýmsu tagi sem hafa þann tilgang að tryggja að ríkisaðstoðin hafi raunveruleg hvatningaráhrif, sé hæfileg að umfangi og hafi sem minnst neikvæð áhrif á samkeppni og viðskipti. Í 3. undirkafla er þannig að finna breytur sem lúta að starfseminni sem er styrkt, aðstoðarhlutföllum og skilyrðum sem sett eru fyrir því að aðstoð geti talist samrýmanleg gildandi ríkisaðstoðarreglum.
40. Þegar kemur að styrkfjárhæðum umfram tiltekin mörk, svo og við vissar sérstakar aðstæður, er nánari athugunar þörf vegna aukinnar hættu á að röskun verði á samkeppni og viðskiptum. Sú nánari athugun verður að jafnaði fölgin í frekari og ítarlegri staðreindagreiningu á ráðstöfuninni í samræmi við ákvæði 5. undirkafla. Ráðstafanir af þessu tagi verða lýstar samrýmanlegar gildandi reglum ef jafnvægismat samkvæmt 5. undirkafla leiðir til jákvæðrar heildarniðurstöðu. Að því er þessa greiningu varðar verður ekki gert ráð fyrir því í upphafi að neinum skilyrðum fyrir því að telja ráðstöfun samrýmanlega gildandi reglum hafi þegar verið fullnægt. Um mat á undanþágum frá, og afslátt af, umhverfissköttum fer eingöngu eftir ákvæðum 4. undirkafla ⁽¹⁴⁾.
41. Í kjölfar nánara mats af þessu tagi getur Eftirlitsstofnun EFTA samþykkt aðstoðina, lýst hana ósamrýmanlega framkvæmd EES-samningsins eða lýst hana samrýmanlega samningnum með tilteknum skilyrðum.

1.5. Forsendur fyrir sértækum ráðstöfunum sem falla undir ákvæði þessara leiðbeininga

42. Eftirlitsstofnun EFTA tilgreinir hér fyrir neðan ráðstafanir sem eru þess eðlis að hugsanlegt er, við sérstakar aðstæður, að þær samrýmist ákvæðum staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

1.5.1. *Aðstoð við fyrirtæki sem ganga lengra en krafist er í EB-reglum, eða bæta umhverfisvernd í þeim tilvikum að engum slíkum reglum er til að dreifa*

43. Með þessari tegund aðstoðar er einstökum fyrirtækjum ívilnað til þess að hvetja þau til aukinnar umhverfisverndar. Fyrirtæki hafa að jafnaði ekki hvata til að ganga lengra en lögbundnar reglur mæla fyrir um ef kostnaðurinn við það er meiri en ávinningurinn. Í slíkum tilvikum kemur til greina að veita fyrirtækjum ríkisaðstoð til þess að hvetja þau til að auka umhverfisvernd. Í samræmi við það markmið Evrópubandalagsins að styrkja vistvæna nýsköpun kemur til greina að fallast á meiri stuðning við verkefni á því sviði sem ætlað er að bæta úr þeim tvöfalda markaðsbresti sem tengist annars vegar aukinni áhættu í tengslum við nýsköpun og hins vegar umhverfisþætti verkefnisins. Aðstoð til vistvænnar nýsköpunar hefur þannig það markmið að flýta fyrir markaðsdreifingu á afurðum slíkrar nýsköpunar.

1.5.2. *Aðstoð til kaupa á nýjum samgöngutækjum með búnaði sem gengur lengra en krafist er í EB-reglum, eða bætur umhverfisvernd í þeim tilvikum að engum slíkum reglum er til að dreifa*

44. Stór hluti heildarlosunar á gróðurhúsalofttegundum (um 30 %) stafar af samgöngum, auk staðbundinnar mengunar af ryki, svifryki, NOx og SOx. Það er því mikilvægt að ýta undir notkun samgöngutækni sem veldur lítilli mengun, bæði til þess að vinna gegn hlýnandi veðurfari og til þess að draga úr staðbundinni mengun, einkum í þéttbýli. Í þessu tilliti er einkum mikilvægt að stuðla að kaupum á lítt mengandi samgöngutækjum (að meðtöldum skipum).

1.5.3. *Aðstoð til snemmbærrar aðlögunar að væntanlegum EB-reglum*

45. Ekki er heimilt samkvæmt þessum leiðbeiningum að styrkja fyrirtæki til að fara að gildandi EB-reglum, vegna þess að slík aðstoð myndi ekki leiða til betri umhverfisverndar. Aftur á móti getur ríkisaðstoð tryggt að nýsamþykktar EB-reglur, sem hafa ekki öðlast gildi, verði teknar upp miklu fyrr en ella og stuðlað þannig að hraðari samdrætti í mengun en verið hefði ef aðstoð hefði ekki komið til. Við slíkar aðstæður getur ríkisaðstoð því ívilnað einstökum fyrirtækjum til þess að hvetja þau til aðgerða sem vinna gegn neikvæðum úthrifum sem tengjast mengun.

⁽¹⁴⁾ Aðstoð, sem er veitt sem skattívilnun í samræmi við ákvæði 3. undirkafla, verður tekin til ítarlegs mats ef hún er umfram leyfileg hámark samkvæmt 5. undirkafla.

1.5.4. Aðstoð til athugana á umhverfisáhrifum

46. Aðstoð við fyrirtæki til athugana á fjárfestingum sem miðast að því að ná fram umhverfisvernd umfram það sem krafist er í EB-reglum eða auka umhverfisvernd í þeim tilvikum að engum slíkum reglum er til að dreifa, svo og athugana á orkusparnaði og orkuvinnslu með endurnýjanlegum orkugjöfum, beinist að markaðsbresti sem stafar af ójöfnum aðgangi að upplýsingum. Fyrirtæki vanmeta oft þá möguleika og þann ávinning sem tengist orkusparnaði og endurnýjanlegri orku, með þeim afleiðingum að fjárfesting á þessu sviði verður of lítil.

1.5.5. Aðstoð til orkusparnaðar

47. Þessari tegund aðstoðar er ætlað að vinna gegn markaðsbresti sem tengist neikvæðum úthrifum með því að hvetja einstök fyrirtæki til að vinna að umhverfismarkmiðum að því er varðar orkusparnað og minni losun gróðurhúsalofttegunda. Ríkisaðstoð getur verið viðeigandi þegar fjárfestingarnar, sem leiða til orkusparnaðar, eru ekki lögbundnar samkvæmt gildandi EB-reglum og þegar þær eru ekki arðbærar, það er þegar kostnaðurinn við að ná fram orkusparnaði er hærri en samsvarandi ábati einkafyrirtækisins. Þegar um ræðir lítil og meðalstór fyrirtæki getur umfangsmeiri stuðningur reynst nauðsynlegur til þess unnt sé að taka tillit til þess að slík fyrirtæki vanmeta oft hversu mikill ávinningur getur verið af orkusparnaði á löngum tíma, með þeim afleiðingum að fjárfestingar þeirra á sviði orkusparnaðar verða of litlar.

1.5.6. Aðstoð til nýtingar endurnýjanlegra orkugjafa

48. Þessari tegund aðstoðar er ætlað að vinna gegn markaðsbresti sem tengist neikvæðum úthrifum með því að hvetja einstök fyrirtæki til að auka hlutdeild endurnýjanlegra orkugjafa í heildarorkuvinnslu. Almenn er talið að aukin nýting endurnýjanlegra orkugjafa muni skipta miklu máli í tengslum við markmiðið að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Ríkisaðstoð er réttlætunleg ef kostnaður við orkuvinnslu með endurnýjanlegum orkugjöfum ef hærri en kostnaður við framleiðslu með minna umhverfishæfum orkugjöfum og ef engum lögbundnum EB-reglum er til að dreifa að því er varðar hlut endurnýjanlegra orkugjafa í orkunotkun einstakra fyrirtækja. Hár framleiðslukostnaður að því er suma endurnýjanlegra orkugjafa varðar veldur því að fyrirtæki geta ekki boðið samkeppnishæft verð á markaði og skapar þannig markaðshindrun fyrir orku sem er framleidd með slíkum orkugjöfum. Þó hafa tækniframfarir á sviði endurnýjanlegra orkugjafa og síaukin tilhneiging til að fella umhverfistengd úthrif inn í framleiðslukostnað (meðal annars vegna ákvæða tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/1/EB frá 15. janúar 2008 um samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun⁽¹⁵⁾), lög-gjafar um loftgæði og viðskiptakerfis með losunarheimildir, leitt til þess að kostnaðarmunurinn hefur farið minnkandi undanfarin ár og þannig dregið úr þörfinni á aðstoð.
49. Við þetta bætist að stuðningur til nýtingar á lífoldsneyti⁽¹⁶⁾ ætti að efla bæði afhendingaröryggi og framkvæmd stefnu á sviði loftslagsbreytinga á sjálfbæran hátt. Af þeim sökum kann ríkisaðstoð að vera viðeigandi stjórnæki aðeins að því er varðar þá nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa sem augljóst er að hefur í för með sér umhverfistengdan ávinning og sjálfbæra framleiðslu. Nánar tiltekið getur lífoldsneyti, sem fullnægir ekki sjálfbærnikröfum samkvæmt 15. gr. frumvarps til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins um stuðning við orkuvinnslu með endurnýjanlegum orkugjöfum⁽¹⁷⁾, ekki talist styrkhæft í tengslum við ríkisaðstoð. EFTA-rikin geta hagað stuðningskerfum sínum þannig að þau ýti undir notkun lífoldsneytis sem hefur aðra kosti – meðal annars þá kosti fjölnýtingar sem fylgja lífoldsneyti sem er framleitt úr úrgangi, efnaleifum og beðmisríku eða viður- og beðmisríku efni – með því að taka tilhlýðilegt tillit til mismunandi kostnaðar við orkuvinnslu með venjulegu lífoldsneyti annars vegar og lífoldsneyti sem hefur aðra kosti hins vegar.
50. Þegar kemur að vatnsorkuverum ber að hafa í huga að umhverfisáhrif þeirra geta verið tvenns konar. Með því að þau valda lítilli losun gróðurhúsalofttegunda eru þau vissulega álitlegur kostur. Af þeim sökum geta þau haft mikilvægu hlutverki að gegna í heildarframleiðslu orku. Á hinn bóginn geta slík orkuver einnig haft óæskileg áhrif, til að mynda á vatnakerfi og líffjölbreytni⁽¹⁸⁾.

1.5.7. Aðstoð til samvinnslu orku og aðstoð til hitaveitu

51. Þessari tegund aðstoðar er ætlað að vinna gegn markaðsbresti sem tengist neikvæðum úthrifum með því að hvetja einstök fyrirtæki til að vinna að umhverfismarkmiðum á sviði orkusparnaðar. Samvinnsla varma og raforku er skilvirkasta leiðin til að framleiða raforku og varma samtímis. Við samvinnslu raforku og varma fer minni orka til spillis en ella væri. Mikilvægi slíkrar samvinnslu í tengslum við stefnumótun Evrópusambandsins á sviði orkumála hefur verið áréttað með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/8/EB frá 11. febrúar 2004 um að auka samvinnslu raf- og varmaorku sem byggist á eftirspurn eftir notvarma á innri orkumarkaðinum og um breytingu á tilskipun 92/42/EBE⁽¹⁹⁾. Einnig má vísa til kaflans um samvinnslu orku í aðgerðaáætlun fram-

⁽¹⁵⁾ Stjótið. ESB L 24, 29.1.2008, bls. 8. Þessi tilskipun er endurútgáfa á tilskipun ráðsins 96/61/EB frá 24. september 1996, en hún hefur verið felld inn í EES-samninginn, sjá lið 1f í XX. viðauka.

⁽¹⁶⁾ Sjá stöðuskýrslu um notkun lífoldsneytis, Biofuel Progress Report COM(2006) 845 final, sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins gaf út.

⁽¹⁷⁾ COM(2008) 19 final. Eftir að tilskipunin hefur hlotið samþykki Evrópuþingsins og ráðsins mun Eftirlitsstofnun EFTA beita sjálfbærnikröfum eins og þær verða í endanlegum texta.

⁽¹⁸⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum (Stjótið. EB L 327, 22.12.2000, bls. 1) með áorðnum breytingum, síðast samkvæmt tilskipun 2455/2001/EB (Stjótið. EB L 331, 15.12.2001, bls. 1). Þess er einkum að gæta að í 7. mgr. 4. gr. er mælt fyrir um hvaða viðmið skuli ráða þegar heimild er veitt fyrir nýjum breytingum á vatnshlutum. Tilskipun 2000/60/EB og ákvörðun nr. 2455/2001/EB hafa verið felldar inn í EES-samninginn, sjá staflíð a) í lið 13c í XX. viðauka.

⁽¹⁹⁾ Stjótið. ESB L 52, 21.2.2004, bls. 50. Gerðin hefur verið felld inn í EES-samninginn, sjá 24. lið IV. viðauka.

kvæmdastjórnar Evrópubandalaganna á sviði orkunýtingar⁽²⁰⁾. Í síðastnefnda skjalinu er bent á möguleika á hagnýtingu afgangsvarma, til að mynda frá iðjuverum eða veitufyrirtækjum, svo sem í hitaveitum. Hitaveitur nýta orku iðulega betur en sjálfstæð hitunarkerfi og geta dregið verulega úr loftmengun í þéttbýli. Að því tilskildu að hitaveita reynist menga minna og leiða til betri orkunýtingar við vinnslu og dreifingu varma, þótt kostnaðurinn sé meiri en í sjálfstæðum hitunarkerfum, má veita ríkisaðstoð í þeim tilgangi að hvetja fyrirtæki til að vinna að umhverfismarkmiðum. Rétt eins og við á um endurnýjanlega orkugjafa er þó við því að búast að vaxandi tilhneiging til að fella umhverfistengd úthrif inn í kostnað við annars konar tækni muni draga úr þörfinni á aðstoð með því að minnka smám saman muninn á þeim kostnaði og kostnaði af samvinnslu orku og hitaveitu.

1.5.8. Aðstoð til úrgangsstjórnunar

52. Þessi tegund aðstoðar hefur það markmið að hvetja einstök fyrirtæki til að vinna að umhverfistengdum markmiðum sem tengjast úrgangsstjórnun⁽²¹⁾. Í „sjötta aðgerðaáætlun Bandalagsins á sviði umhverfismála“⁽²²⁾ er það að draga úr myndun úrgangs svo og úrgangsstjórnun skilgreint sem eitt fjögurra helstu forgangsatríða. Helsta markmið áætlunarinnar er að skilja milli úrgangsmýndunar og atvinnustarfsemi til þess að hagvöxtur í ríkjum Evrópusambandsins valdi ekki síauknu magni úrgangs. Í því samhengi er heimilt að veita ríkisaðstoð þeim sem veldur úrganginum (sjá undirkafla 3.1.1) svo og fyrirtækjum sem sinna úrgangsstjórnun eða endurvinnslu úrgangs frá öðrum fyrirtækjum (sjá undirkafla 3.1.9). Þó verður að vera tryggt að umhverfisáhrifin séu jákvæð, að mengunarbótareglan sé ekki sniðgengin og að ekki sé raskað eðlilegri starfsemi á markaði fyrir enduruninn efni.

1.5.9. Aðstoð til hreinsunar á mengunarstöðum

53. Aðstoð af þessu tagi er ætlað að hvetja einstök fyrirtæki til að vinna gegn neikvæðum úthrifum þegar þannig stendur á að ógerningur er að greina hver mengandinn er og krefja hann um greiðslu fyrir þann skaða sem hann hefur valdið umhverfinu. Í slíkum tilvikum er ríkisaðstoð réttlæt看leg ef kostnaður við hreinsunina er hærri en sem nemur auknu verðmæti lóðar eða svæðis að lokinni hreinsun.

1.5.10. Aðstoð til flutnings fyrirtækja

54. Markmið fjárfestingaraðstoðar af þessu tagi er að hvetja einstök fyrirtæki til að draga úr neikvæðum úthrifum með því að flytja fyrirtæki sem valda mikilli mengun til svæða sem bíða minni skaða af slíkri mengun, en þannig dregur úr ytri kostnaði sem henni fylgir. Í samræmi við varúðarregluna er í þessum leiðbeiningum bætt við heimild til að veita aðstoð til flutnings *starfstöðva sem valda mikilli hættu* í samræmi við tilskipun ráðsins 96/82/EB frá 9. desember 1996 um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna⁽²³⁾ (sem nefnist „Seveso II-tilskipunin“ í því sem hér fer á eftir)⁽²⁴⁾. Óhöpp á liðnum árum hafa leitt í ljós að staðsetning starfstöðvar, sem fellur undir ákvæði þessarar tilskipunar, skiptir höfuðmáli bæði um slysavarnir og aðgerðir til að draga úr afleiðingum slysa á mannfólk og umhverfi. Ríkisaðstoð getur því verið réttlæt看leg ef flutningur á sér stað af umhverfisástæðum. Til þess að tryggja að aðstoðin sé ekki veitt til flutnings sem fer fram af öðrum ástæðum er tilskilið að ákvörðun um hana byggist á stjórnsýslu- eða dómsúrskurði lögbærs stjórnvalds eða samningi lögbæra stjórnvaldsins og fyrirtækisins um flutning fyrirtækisins. Við mat á styrkhæfum kostnaði er skylt að taka tillit til hvers kyns hagræðis sem fyrirtækið getur haft af flutningnum.

1.5.11. Aðstoð í tengslum við kerfi framseljanlegra losunarheimilda

55. Kerfi framseljanlegra losunarheimilda geta falið í sér ríkisaðstoð á ýmsan hátt, til dæmis þegar EFTA-ríkin úthluta heimildum gegn lægra gjaldi en sem nemur markaðsvirði og ástæðuna fyrir því má rekja til EFTA-ríkjanna. Aðstoð af þessu tagi má nota til að vinna gegn neikvæðum úthrifum með því að innleiða stjórnæki sem nýta markaðsöfl til að vinna að markmiðum á sviði umhverfisverndar. Ef EFTA-ríkið úthlutar færri leyfum en sem nemur áætlaðri þörf allra fyrirtækja verða heildaráhrif á umhverfisvernd jákvæð. Þegar kemur að einstökum fyrirtækjum eiga þau um það að velja, ef losunarheimildir þess fullnægja ekki áætlaðri heildarþörf fyrirtækisins, að draga úr mengun, og stuðla þannig að betri umhverfisvernd, eða kaupa viðbótarheimildir á markaði, og láta þannig af hendi endurgjald fyrir mengunina. Æskilegt er að takmarka samkeppnisröskun sem mest og af þeim sökum er ekki unnt að réttlæta of rausnarlega úthlutun losunarheimilda og gera verður ráðstafanir til þess að forðast óeðlilegar aðgangshindranir.

56. Eftirlitsstofnun EFTA byggir á viðmiðunum, sem sett eru í 55. mgr., við mat á aðstæðum sem upp hafa komið á viðskiptatímabilinu sem lýkur 31. desember 2012. Að því er varðar aðstæður, sem upp koma á viðskiptatímabilinu sem þá tekur við, mun stofnunin meta viðkomandi ráðstafanir að teknu tilliti til þess hvort þær miðast bæði við nauðsyn og meðalhóf.

1.5.12. Aðstoð sem er veitt sem afsláttur af umhverfissköttum eða undanþága frá þeim

57. Ef tilteknum atvinnugreinum eða flokkum fyrirtækja er veittur afsláttur af umhverfissköttum eða undanþága frá þeim getur verið vænlegt að leggja hærri skatta á önnur fyrirtæki þannig að herra hlutfall umhverfiskostnaðar falli á fyrirtæki og skapi þeim frekari hvata til að auka umhverfisvernd. Þessi tegund aðstoðar getur þannig

⁽²⁰⁾ [e. *Action Plan for Energy Efficiency: Realising the Potential*] COM(2006) 545 final.

⁽²¹⁾ Undir úrgangsstjórnun falla endurnýting, endurvinnsla og endurheimta.

⁽²²⁾ Sjötta aðgerðaáætlun á sviði umhverfismála hefur verið felld inn í EES-samninginn, sjá staflíð d) í 7. mgr. 3. gr. bókunar 31.

⁽²³⁾ Stjtið. EB L 10, 14.1.1997, bls. 13. Breytingar á tilskipuninni urðu síðast með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

⁽²⁴⁾ Gerðin hefur verið felld inn í EES-samninginn, sjá lið 23a í XX. viðauka.

verði nauðsynleg til að vinna óbeint gegn neikvæðum úthrifum með því að gera auðveldara að taka upp eða viðhalda tiltölulega háum umhverfissköttum í hverju landi. Til þess að aðstoðin teljist samrýmanleg gildandi ríkisaðstoðarreglum verður að sýna fram á að nauðsynlegt sé að veita undanþágu eða afslátt öllum þeim flokkum fyrirtækja sem fyrirhugað er að láta njóta þeirra og að gætt sé meðalhófs við ákvörðun þeirra. Lítið er svo á að þessum skilyrðum sé fullnægt ef aðstoðarþegarnir greiða minnsta kosti lágmarksskatt EB samkvæmt ákvæðum viðeigandi tilskipunar, ef slíku er til að dreifa⁽²⁵⁾. Að öðrum kosti ákvarðast nauðsyn aðstoðarinnar af því hvaða áhrif skattheimta í landinu hefur á framleiðslukostnað og af því að hvaða marki skattbyrðin getur færst yfir á neytendur eða dregið úr framlegð. Hvort aðstoðin er í samræmi við meðalhóf ákvarðast af því í hvaða mæli hún stuðlar að því að aðstoðarþegarnir dragi enn frekar úr notkun eða losun, greiði skatt í landinu að hluta eða geri umhverfisverndarsamninga sem miðast við að draga úr mengun⁽²⁶⁾.

2. GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

2.1. Gildissvið leiðbeininganna

58. Leiðbeiningarnar, sem hér birtast, gilda um ríkisaðstoð til umhverfisverndar. Þeim verður beitt í samræmi við önnur stefnumarkandi EES-ákvæði á sviði ríkisaðstoðar og önnur ákvæði í EES-samningnum og löggjöf sem er sett með vísan til EES-samningsins. Í leiðbeiningunum verður einnig vísað til löggjafar sem hefur ekki verið felld inn í EES-samninginn⁽²⁷⁾.
59. Þessar leiðbeiningar gilda um aðstoð⁽²⁸⁾ sem er veitt til að stuðla að umhverfisvernd, í öllum atvinnugreinum sem falla undir EES-samninginn. Þær taka einnig til greina sem falla undir sérreglur um ríkisaðstoð á Evrópska efnahagssvæðinu (stáliðnaðar, skipasmíða, ökutækjaframleiðsla, gervitrefjaframleiðsla, flutningastarfsemi og kolavinnslu) nema ákvæði séu um annað í slíkum sérreglum.
60. Þessar leiðbeiningar taka hvorki til hönnunar eða framleiðslu á umhverfshæfum vörum, vélum eða samgöngutækjum, sem miðast við að ganga sem minnst á náttúruauðlindir, né aðgerða sem gripið er til í verksmiðjum og á öðrum framleiðslustöðum í því skyni að auka öryggi eða hreinlæti.
61. Verslun með landbúnaðarvörur, fisk og aðrar sjávarafurðir stendur að miklu leyti utan gildissviðs EES-samningsins⁽²⁹⁾. Þar eð valdsvið Eftirlitsstofnunar EFTA nær ekki til skoðunar á ríkisaðstoð sem er veitt til umhverfisverndar en stendur af þessum ástæðum utan gildissviðs EES-samningsins verður ekki fjallað um slíka aðstoð í þessum leiðbeiningum.
62. Fjármögnun ráðstafana á sviði umhverfisverndar, sem varða samgönguvirki til flutninga í lofti, á vegum, járnbrautum, skipgengum vatnaleiðum eða sjó, að meðtöldum framkvæmdum sem varða sameiginlega hagsmuni eins og þær eru skilgreindar í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1692/96/EB frá 23. júlí 1996 um viðmiðunarreglur bandalagsins við uppbyggingu samevrópska flutningakerfisins⁽³⁰⁾, fellur ekki undir ákvæði þessara leiðbeininga.
63. Um ríkisaðstoð til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar á sviði umhverfismála fer eftir ákvæðum leiðbeininga Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar⁽³¹⁾. Í leiðbeiningunum, sem hér birtast, er þó fjallað um það stig vistvænnar nýsköpunar sem snýr að fyrstu markaðssetningu (kaupum á eignum sem eru afurð slíkrar nýsköpunar).
64. Aðstoð til fræðslustarfs á sviði umhverfismála er ekki þess eðlis að það réttlæti að settar séu um hana reglur aðrar en þær sem gilda um aðstoð til fræðslustarfs almennt og Eftirlitsstofnun EFTA mun því taka slíka aðstoð til athugunar í samræmi við ákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 68/2001 frá 12. janúar 2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart aðstoð til menntunar⁽³²⁾.
65. Miklu skiptir að lítil og meðalstór fyrirtæki geti nýtt sér ráðgjafarþjónustu til þess að gera breytingar til batnaðar á sviði umhverfisverndar. Þau geta einkum nýtt sér slíka þjónustu í tengslum við umhverfisendurskoðun og til að meta hagræði af því að ráðast í umhverfshæfar fjárfestingar og hún getur því hvatt slík fyrirtæki til fjárfestinga sem stuðla að umhverfisvernd. Heimilt er að veita litlum og meðalstórum fyrirtækjum aðstoð til kaupa á ráðgjafarþjónustu á sviði umhverfismála samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 70/2001

⁽²⁵⁾ Sjá 10. mgr. hér á undan.

⁽²⁶⁾ Svo getur farið að framkvæmdastjórnin endurmeti afstöðu sína til aðstoðar af þessu tagi þegar kemur að endurskoðun á tilskipun 2003/96/EB.

⁽²⁷⁾ Sjá 10. mgr. hér á undan.

⁽²⁸⁾ Í þessum leiðbeiningum er ekki fjallað um hugtakið ríkisaðstoð, en skilgreiningu á því leiðir af ákvæðum 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins og dómafrankvæmd EFTA-dómstólsins og dómstóla Evrópubandalaganna.

⁽²⁹⁾ Sjá 3. mgr. 8. gr. EES-samningsins.

⁽³⁰⁾ Stjtið. EB L 228, 9.9.1996, bls. 1. Gerðin hefur verið felld inn í EES-samninginn, sjá XIII. viðauka. Breytingar á ákvörðuninni urðu síðast með reglugerð ráðsins (EB) nr. 1791/2006 (Stjtið. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 1).

⁽³¹⁾ Málsmeðferðar- og efnisreglur á sviði ríkisaðstoðar – Leiðbeiningar um beitingu og túlkun 61. og 62. gr. EES-samningsins og 1. gr. I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti og gaf út 19. janúar 1994 og birtar voru í Stjtið. EB 1994 L 231, 3.9.1994, bls. 1, og EES-viðbæti nr. 32, 3.9.1994, bls. 1 („Leiðbeiningar um ríkisaðstoð“). Sá kaflí Leiðbeininga um ríkisaðstoð, sem fjallar um aðstoð til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar, biður enn birtingar þegar þetta er ritað en er aðgengilegur á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA: www.eftasurv.int. [Kaflinn var birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* hinn 19. nóvember 2009 (aths. þýð.).]

⁽³²⁾ Stjtið. EB L 10, 13.1.2001, bls. 20. Reglugerðin hefur verið felld inn í EES-samninginn, sjá XV. viðauka, með áorðnum breytingum samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1976/2006 (Stjtið. ESB L 368, 23.12.2006, bls. 85). Eftir að væntanleg reglugerð um hópundanþágu að því er varðar fræðsluástoð hefur verið samþykkt munu reglur hennar gilda.

frá 12. janúar 2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja ⁽³³⁾.

66. Leiðbeiningarnar, sem hér birtast, gilda ekki um bundinn kostnað eins og hann er skilgreindur í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð, kaflanum um aðferðir til að greina ríkisaðstoð vegna bundins kostnaðar ⁽³⁴⁾.
67. Þá gilda leiðbeiningarnar ekki um ríkisaðstoð til fjárfestinga í hitaveitum, nema að því marki sem ákvæði undirkafla 3.1.5 um aðstoð til orkusparnaðar eiga við, heldur fer mat á slíkri aðstoð fram samkvæmt ákvæðum stafl. c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.
68. Í sumum EFTA-ríkjum kann að standa þannig á að fyrirtæki greiði umhverfisskatta og eigi jafnframt aðild að kerfum framseljanlegra losunarheimilda. Eftirlitsstofnun EFTA hefur enn sem komið er ekki næga reynslu af mati á því hvort afsláttur af umhverfissköttum, sem er veittur í slíkum tilvikum, sé samrýmanlegur gildandi ríkisaðstoðarreglum. Því er enn of snemmt að gefa út almennar leiðbeiningar um þetta efni. Mat á slíkum málum mun því fara fram samkvæmt ákvæðum stafl. c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins, að því leyti sem þau fela í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. samningsins.
69. Loks er hugsanlegt að ríkisaðstoð sé fölginn í sumum af þeim aðgerðum sem EFTA-ríkin áforma til stuðnings orkuverum, sem brenna jarðefnaeldsneyti, eða öðrum iðjuverum með búnaði til að binda, flytja og geyma CO₂, en þar eð engin reynsla er komin á þetta er enn of snemmt að gefa út leiðbeiningar um hvenær unnt er að heimila aðstoð af því tagi. Taka ber tillit til þess hversu mikilvæg þessi tækni er að því er varðar stefnumótun EES-ríkjanna á sviði afhendingaröryggis orku og það markmið að draga úr losun gróðurhúsagasa. Þá má vísa til þess langtíma markmiðs Evrópubandalaganna að koma í veg fyrir að lofhjúpur jarðar hitni um meira en 2 °C frá því sem var fyrir tíma iðnvæðingar og yfirlýsinga framkvæmdastjórnar EB að styrkja beri byggingu tilraunavera í fullri stærð fram til ársins 2015 ⁽³⁵⁾, að því tilskildu að þeim fylgi ekki hættu fyrir umhverfið og að þau stuðli að umhverfisvernd. Með hliðsjón af þessu mun Eftirlitsstofnun EFTA taka jákvæða afstöðu í aðalatriðum gagnvart ríkisaðstoð til slíkra verkefna. Hugsanlegt er að meta verkefni á grundvelli stafl. c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins eða taka þau til greina sem mikilvæg sameiginleg evrópsk hagsmunamál með þeim skilyrðum sem sett eru í stafl. b) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins og 147. mgr. þessara leiðbeininga.

2.2. Skilgreiningar

70. Í leiðbeiningum þessum gilda eftirtaldar skilgreiningar:
- 1) „**Umhverfisvernd**“ er hver sú aðgerð sem hefur að markmiði að bæta úr eða vinna gegn skaða á umhverfi eða náttúruauðlindum sem rekja má til eigin starfsemi aðstoðarþega, að draga úr hættunni á slíkum skaða eða bæta nýtingu náttúruauðlinda; undir þetta falla aðgerðir til að bæta orkunýtingu og auka notkun endurnýjanlegra orkugjafa ⁽³⁶⁾.
 - 2) „**Orkusparandi ráðstöfun**“ er hver sú aðgerð sem leiðir til þess að fyrirtæki geta dregið úr orkunotkun, einkum í tengslum við framleiðslu.
 - 3) „**Bandalagskröfur**“ eru
 - i) lögbundnar kröfur Evrópubandalaganna um það hversu langt einstök fyrirtæki þurfa að ganga á umhverfisvernd ⁽³⁷⁾ eða
 - ii) sú skylda samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2008/1/EB ⁽³⁸⁾ að nota fullkomnustu tækni sem völ er á samkvæmt nýjustu upplýsingum um slíkt sem framkvæmdastjórn EB gefur út í samræmi við ákvæði 2. mgr. 17. gr. þeirrar tilskipunar.
 - 4) „**Vistvæn nýsköpun**“ er hvers konar nýsköpunarstarf sem leiðir til verulega aukinnar umhverfisverndar eða hefur hana að markmiði. Undir vistvæna nýsköpun falla nýjar framleiðsluáætlunir, ný vara og þjónusta og nýjar aðferðir við stjórnun og rekstur sem líklegt má telja að nota megi til að koma í veg fyrir, eða minnka verulega, hættu sem stafar að umhverfinu, mengun og önnur neikvæð áhrif auðlindanýtingar, á öllum líftíma tengdrar starfsemi.
- Eftirtalið telst ekki til nýsköpunar:
- i) Smávægilegar breytingar og endurbætur
 - ii) Aukin framleiðslu- eða þjónustugeta vegna nýrra framleiðslu- eða vörustjórnarkerfa sem líkjast mjög þeim sem þegar eru í notkun

⁽³³⁾ Stjtið. EB L 10, 13.1.2001, bls. 33. Reglugerðin hefur verið felld inn í EES-samninginn, sjá XV. viðauka, með áorðnum breytingum samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1976/2006. Eftir að væntanleg reglugerð um hópundanþágu að því er varðar aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki hefur verið samþykkt munu reglur hennar gilda.

⁽³⁴⁾ EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 25, 25.5.2006.

⁽³⁵⁾ Sjá frumvarp framkvæmdastjórnarinnar að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um bindingu koltvísýrings í jarðlögum COM(2008) 18 final.

⁽³⁶⁾ Sjá einkum sjöttu aðgerðaáætlun á sviði umhverfismála, en hún hefur verið felld inn í EES-samninginn, sjá staflíð d) í 7. mgr. 3. gr. bókunar 31.

⁽³⁷⁾ Af þessu leiðir að reglur og markmið, sem Evrópubandalagið setur og eru bindandi á landsvísu en ekki fyrir einstök fyrirtæki, teljast ekki „EB-reglur“. EB-reglur verða EES-reglur þegar þær eru felldar inn í EES-samninginn.

⁽³⁸⁾ Eins og tekið er fram í 21. nmgr. er tilskipun 2008/1/EB endurútgáfa á tilskipun ráðsins 96/61/EB frá 24. september 1996 sem hefur verið felld inn í EES-samninginn, sjá líð 1f í XX. viðauka.

- iii) Breytingar á viðskiptaháttum, skipulagi á vinnustað eða samskiptum út á við sem rekja má til aðferða við skipulagningu sem þegar eru í notkun í fyrirtækinu
 - iv) Breytingar á stefnumörkun yfirstjórnar
 - v) Samruni og yfirtaka fyrirtækja
 - vi) Niðurfelling verkferils
 - vii) Hrein endurnýjun framleiðslutækja eða viðbætur við þau
 - viii) Breytingar sem stafa eingöngu af breytingum á verði aðfanga, sérframleiðslu, reglulegum árstíða-bundnum breytingum og öðrum lotubundnum breytingum
 - ix) Viðskipti með nýjar eða verulega endurbættar vörur
- 5) „**Endurnýjanlegir orkugjafar**“ eru eftirtaldir endurnýjanlegir orkugjafar sem byggjast ekki á jarðefnum: vindur, sól, jarðhiti, haföldur, sjávarföll, vatnsorkuver, lífmassi, hauggas, gas frá skolp-hreinsistöðvum og lífgas.
 - 6) „**Lífmassi**“ er lífbrjótanlegur hluti afurða, úrgangs og afganga frá landbúnaði (hvort sem upprunninn er í jurta- eða dýraríkinu), trjávinnslu og skyldum greinum, ásamt lífbrjótanlegum hluta fyrirtækja- og heimilissorps.
 - 7) „**Lífeldsneyti**“ er fljótandi eða loftkennt eldsneyti sem er framleitt úr lífmassa og ætlað til notkunar í samgöngutækjum.
 - 8) „**Sjálfbært lífeldsneyti**“ er lífeldsneyti sem fullnægir sjálfbærnikröfum samkvæmt 15. gr. frumvarps til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins um stuðning við orkuframleiðslu með endurnýjanlegum orkugjöfum⁽³⁹⁾.
 - 9) „**Orka úr endurnýjanlegum orkugjöfum**“ er orka frá orkuverum sem nota endurnýjanlega orkugjafa eingöngu, auk þess hluta orku sem er framleidd úr endurnýjanlegum orkugjöfum í blönduðum orkuverum sem nota einnig hefðbundna orkugjafa, þegar miðað er við brennslugildi. Undir þetta fellur raforka sem er framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum og notuð til að fylla á orkugeymslur, en ekki raforka sem er tekin úr orkugeymslum.
 - 10) „**Samvinnsla**“ er framleiðsla varmaorku og raforku og/eða vélorku sem fer fram samtímis í einu og sama vinnsluferli.
 - 11) „**Orkunýtin samvinnsla**“ er samvinnsla sem fullnægir viðmiðunum sem eru sett í III. viðauka við tilskipun 2004/8/EB og samræmdum nýtniviðmiðum sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2007/74/EB frá 21. desember 2006 um að ákveða samræmdar nýtniviðmiðanir við aðskilda framleiðslu raforku og varma við beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/8/EB⁽⁴⁰⁾.
 - 12) „**Fjarhitun**“ er hitaveita gegnum flutnings- og dreifingarkerfi frá miðlægri vinnslustöð, annaðhvort með gufu eða heitu vatni, í upphitunarskyni.
 - 13) „**Orkunýtin fjarhitun**“ er fjarhitun sem fullnægir að því er varðar orkuvinnslu annaðhvort viðmið fyrir orkunýtna samvinnslu eða, þegar um ræðir katla sem framleiða aðeins varma, nýtniviðmið fyrir aðskilda varmaframleiðslu sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2007/74/EB.
 - 14) „**Umhverfisskattur**“ er skattur sem er reiknaður af tilteknum skattstofni sem hefur skýr neikvæð umhverfisáhrif eða er lagður á í því skyni að fella umhverfiskostnað inn í verð tiltekinnar starfsemi, vöru eða þjónustu og/eða til þess að beina framleiðendum og neytendum í átt að starfsemi sem hefur betri áhrif á umhverfið.
 - 15) „**Lágmarksskattur EB**“ er minnsta heimila skattheimtuhlutfall samkvæmt ákvæðum EB-réttar. Að því er varðar orkugjafa og raforku er lágmarksskattur EB sá lágmarksskattur sem mælt er fyrir um í I. viðauka við tilskipun ráðsins 2003/96/EB frá 27. október 2003 um endurskipulagningu á lagaramma Bandalagsins um skattlagningu orkugjafa og raforku⁽⁴¹⁾.
 - 16) „**Lítill og meðalstór fyrirtæki**“, „**lítill fyrirtæki**“ og „**meðalstór fyrirtæki**“ eru fyrirtæki sem þannig eru skilgreind í reglugerð (EB) nr. 70/2001 eða hverri þeirri reglugerð sem kemur í hennar stað⁽⁴²⁾.
 - 17) „**Stórfyrirtæki**“ eru fyrirtæki sem falla ekki undir skilgreininguna á litlum og meðalstórum fyrirtækjum.

⁽³⁹⁾ COM(2008) 19 final. Eftir að tilskipunin hefur hlotið samþykki Evrópuþingsins og ráðsins verður beitt sjálfbærnikröfunum eins og þær verða í endanlegum texta.

⁽⁴⁰⁾ Stjtið. ESB L 32, 6.2.2007, bls. 183. Gerðin hefur verið felld inn í EES-samninginn, sjá 24. lið IV. viðauka.

⁽⁴¹⁾ Stjtið. ESB L 283, 31.10.2003, bls. 51. Breytingar á tilskipuninni urðu síðast með tilskipun 2004/75/EB (Stjtið. ESB L 157, 30.4.2004, bls. 100).

⁽⁴²⁾ Reglugerðin hefur verið felld inn í EES-samninginn, sjá XV. viðauka.

- 18) „**Aðstoð**“ er hver sú ráðstöfun sem fullnægir öllum viðmiðum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.
- 19) „**Aðstoðarhlutfall**“ er heildarfjárhæð aðstoðar sem hundradshluti af styrkhæfum kostnaði. Allar tölur, sem notaðar eru, verða að miðast við stöðu fyrir frádrátt vegna skatta eða annarra gjalda. Ef aðstoð er veitt á annan hátt en sem styrkur verður aðstoðarfjárhæðin að vera styrkigildi aðstoðarinnar. Ef aðstoð er greidd út í áföngum verður að núvirða hana til þess tíma sem hún er veitt. Vextir, sem notaðir eru við núvirðingu og útreikning á aðstoðarfjárhæð sem er fölginn í láni á hagfelldum kjörum, verða að vera gildandi viðmiðunarvextir á þeim tíma sem aðstoðin er veitt. Aðstoðarhlutfallið er reiknað sérstaklega fyrir hvern móttakanda aðstoðar.
- 20) „**Rekstrarhagræði**“ er, í tengslum við útreikning á styrkhæfum kostnaði, einkum sá sparnaður og sú aukaframleiðslugeta sem rekja má beint til viðbótarfjárfestingar í umhverfisverndarskyni, svo og, eftir því sem við á, það hagræði sem leiðir af öðrum stuðningsráðstöfunum, hvort sem þær fela í sér ríkisaðstoð eða ekki (rekstraraðstoð sem er veitt vegna sama styrkhæfa kostnaðar, kaup á raforku á föstu verði og aðrar stuðningsráðstafanir). Aftur á móti verður ekki litið svo á að tekjur fyrirtækisins af sölu framseljanlegra losunarheimilda samkvæmt Evrópuviðskiptakerfinu séu rekstrarhagræði.
- 21) „**Rekstrarkostnaður**“ er, í tengslum við útreikning á styrkhæfum kostnaði, einkum sú aukning framleiðslukostnaðar sem stafar af viðbótarfjárfestingu í umhverfisverndarskyni.
- 22) „**Efnislegar eignir**“ eru, í tengslum við útreikning á styrkhæfum kostnaði, fjárfesting í landrymi sem er óhjákvæmileg til þess að ná settum markmiðum á sviði umhverfisverndar, fjárfesting í byggingum, framleiðslutækjum og búnaði í því skyni að takmarka eða losna við mengun og óþægindi og fjárfesting í breyttum framleiðsluáferðum í þeim tilgangi að vernda umhverfið.
- 23) „**Óefnislegar eignir**“ eru, í tengslum við útreikning á styrkhæfum kostnaði, útgjöld vegna miðlunar tækniþekkingar sem eru til komin vegna kaupa á rekstrarleyfum eða framleiðslukunnáttu, hvort sem hún er bundin einkaleyfi eða ekki, enda sé eftirtöldum skilyrðum fullnægt:
- Fara verður með viðkomandi óefnislega eign sem afskrifanlega eign.
 - Eignin þarf að vera keypt á markaðskjörum og af fyrirtæki sem kaupandi hefur engin yfirráð í, bein eða óbein.
 - Eignin verður að teljast til eigna fyrirtækisins og haldast í starfstöð viðtakanda aðstoðarinnar og vera notuð þar um að minnsta kosti fimm ára skeið. Fallið er frá þessu skilyrði ef óefnislega eignin er orðin úrelt í tæknilegum skilningi. Ef eignin er seld á þessu fimm ára tímabili verður að draga afrakstur sölunnar frá styrkhæfum kostnaði og endurgreiða alla aðstoðina eða hluta hennar, eftir því sem við á.
- 24) „**Innfelling kostnaðar**“ er sú regla að allur kostnaður, sem tengist umhverfisvernd, skuli felldur inn í framleiðslukostnað mengandi fyrirtækja.
- 25) „**Mengunarbótareglan**“ er sú regla að sá sem veldur mengun skuli bera kostnaðinn við að verjast henni nema ókleift reynist að greina hver mengunarvaldurinn er eða ógerningur er að draga hann til ábyrgðar samkvæmt EB-rétti eða landsrétti eða gera honum að greiða kostnaðinn við hreinsun. Í þessu tilliti er mengun sá skaði sem mengandinn veldur með því að spilla umhverfinu beint eða óbeint, eða með því að skapa skilyrði sem leiða til skaða af því tagi ⁽⁴³⁾, annaðhvort á umhverfi eða náttúruauðlindum.
- 26) „**Mengandi**“ er hver sá sem spillir umhverfinu beint eða óbeint eða skapar skilyrði sem leiða til skaða af því tagi ⁽⁴⁴⁾.
- 27) „**Mengunarstaður**“ er staður sem staðfest er að sé mengaður af hættulegum efnum vegna athafna manna að því marki að heilbrigði manna eða umhverfi stafi veruleg hætta af með hliðsjón af núverandi notkun svæðisins og samþykktum áformum um notkun þess í framtíðinni.

3. ER AÐSTOÐIN SAMRÝMANLEG RÍKISAÐSTOÐARREGLUM MEÐ VÍSAN TIL 3. MGR. 61. GR. EES-SAMNINGSINS?

3.1. Er aðstoðin samrýmanleg ríkisaðstoðarreglum með vísan til staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins?

71. Ríkisaðstoð til umhverfisverndar er samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins með vísan til staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. samningsins ef jafnvægismatið leiðir í ljós að hún muni leiða til aukinnar umhverfisverndar án þess að hafa svo óhagstæð áhrif á viðskiptaskilyrði að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum. Í þessu tilliti er eðlilegt að setja gildistíma aðstoðarkerfa hæfileg mörk, þó þannig að EFTA-ríki geti endurtilkynnt ráðstöfun eftir að sá tími er liðinn sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur ákveðið. Til stuðnings tilkynntum aðstoðarráðstöfunum geta EFTA-ríkin vísað til áreiðanlegs mats á sambærilegum eldri aðstoðarráðstöfunum sem sýnir hvatningaráhrif aðstoðarinnar.

⁽⁴³⁾ Tilmæli ráðsins frá 3. mars 1975 um hvernig opinber yfirvöld skipta kostnaði vegna umhverfismála (Stjtið. ESB L 194, 25.7.1975, bls. 1), sem hafa verið felld inn í EES-samninginn, sjá 33. lið XX. viðauka.

⁽⁴⁴⁾ Tilmæli ráðsins frá 3. mars 1975 um hvernig opinber yfirvöld skipta kostnaði vegna umhverfismála, sem hafa verið felld inn í EES-samninginn, sjá 33. lið XX. viðauka.

72. Ráðstafanirnar, sem lýst er í 73.–146. mgr., eru þess eðlis að hugsanlegt er að þær verði taldar samrýmanlegar ríkisaðstoðarreglum með vísan til staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr.

3.1.1. Aðstoð við fyrirtæki sem ganga lengra en krafist er í EB-reglum, eða bæta umhverfisvernd í þeim tilvikum að engum slíkum reglum er til að dreifa⁽⁴⁵⁾

73. Fjárfestingaraðstoð, sem gerir fyrirtækjum kleift að ganga lengra en krafist er í EB-reglum um umhverfisvernd, eða bæta umhverfisvernd í þeim tilvikum að engum slíkum reglum er til að dreifa, verður talin samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins með vísan til staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. samningsins ef fullnægt er skilyrðunum sem lýst er í 74.–84. mgr. og undirkafla 3.2.
74. Fjárfestingin, sem aðstoð er veitt til, verður að fullnægja öðru eftirtalinna skilyrða:
- Fjárfestingin gerir viðtakanda kleift að bæta umhverfisvernd í tengslum við starfsemi sína þannig að gengið sé lengra en krafist er í gildandi EB-reglum, óháð því hvort í gildi eru lögbundnar landsreglur sem eru strangari en EB-reglurnar, eða
 - fjárfestingin gerir viðtakanda kleift að bæta umhverfisvernd í tengslum við starfsemi sína þó að engum EB-reglum sé til að dreifa.
75. Óheimilt er að veita aðstoð vegna umbóta sem gera fyrirtækjum kleift að fullnægja EB-reglum sem hafa verið samþykktar en hafa ekki öðlast gildi⁽⁴⁶⁾.

Aðstoðarhlutfall

76. Aðstoðarhlutfallið má ekki vera hærra en sem nemur 50% af styrkhæfum fjárfestingarkostnaði eins og hann er skilgreindur í 80.–84. mgr.
77. Ef fjárfestingaraðstoðin er veitt á grundvelli eiginlegs samkeppnisútbóðs með skýrum, gagnsæjum forsendum og á jafnréttisgrundvelli þannig að tryggt sé í reynd að aðstoðin takmarkist við það lágmark sem er nauðsynlegt til að ná settum umhverfismarkmiðum, má aðstoðarhlutfallið nema allt að 100% af styrkhæfum fjárfestingarkostnaði eins og hann er skilgreindur í 80.–84. mgr. Samkeppnisútbóð af þessu tagi verður að fara fram á jafnréttisgrundvelli og með þátttöku nægilegra margra fyrirtækja. Þá verður fjárveiting í tengslum við útbóðið að vera bindandi takmörkun í þeirri merkingu að ekki sé unnt að veita öllum bjóðendum aðstoð. Loks verður að veita aðstoðina á grundvelli upprunalegs tilboðs bjóðanda, en ekki með vísan til síðari samningaviðræðna.
78. Ef fjárfestingin tengist kaupum á eign sem er afurð vistvænnar nýsköpunar eða upphafi verkefnis á því sviði er heimilt að hækka aðstoðarhlutfallið um 10 prósentustig, enda sé eftirtöldum skilyrðum fullnægt:
- Viðkomandi eign eða verkefni á sviði vistvænnar nýsköpunar verður að fela í sér nýnæmi eða veigamiklar endurbætur í samanburði við bestu fánalegu tækni í viðkomandi atvinnugrein á Evrópska efnahagssvæðinu. Til þess að sýna fram á nýnæmi geta EFTA-rikin til að mynda byggt á nákvæmri lýsingu á nýjunginni og þeim markaðsaðstæðum sem hafa myndu áhrif á markaðssetningu hennar eða dreifingu, auk samanburðar við bestu framleiðslu- og skipulagningartækni sem tíðkast almennt í öðrum fyrirtækjum í greininni.
 - Væntanlegur umhverfistengdur ávinningur verður að vera talsvert miklu meiri en þær framfarir sem leiðir af almennri þróun bestu fánalegu tækni í sambærilegri starfsemi⁽⁴⁷⁾.
 - Tengslum þessara eigna og verkefna við nýsköpunarstarf fylgir augljós áhætta – tæknileg, markaðsleg og fjárhagsleg – sem er meiri en sú áhætta sem venjulega fylgir sambærilegum eignum og verkefnum sem tengjast ekki nýsköpun. Til þess að sýna fram á áhættuna getur EFTA-rikið til að mynda vísað til eftirtalinna atriða: kostnaðar í samanburði við veltu fyrirtækisins, hversu mikill tími muni fara í þróunarvinnu, hvaða ávinnings sé að vænta af vistvænu nýsköpuninni í samanburði við útlagðan kostnað, hvaða líkur séu á að verkefnið skili ekki árangri.
79. Ef fjárfestingaraðstoðin gerir fyrirtækjum kleift að ganga lengra en krafist er í EB-reglum um umhverfisvernd, eða bæta umhverfisvernd í þeim tilvikum að engum slíkum reglum er til að dreifa, má hækka aðstoðarhlutfallið um 10 prósentustig þegar um meðalstór fyrirtæki er að ræða, og um 20 prósentustig þegar um lítil fyrirtæki er að ræða, eins og sýnt er í töflunni.

⁽⁴⁵⁾ Um þetta vísast til 10. mgr.

⁽⁴⁶⁾ Aftur á móti er heimilt að veita aðstoð til snemmbærrar aðlögunar að væntanlegum reglum og til kaupa á nýjum samgöngutækjum samkvæmt þeim skilyrðum sem fjallað er um í undirkaflum 3.1.3 og 3.1.2.

⁽⁴⁷⁾ Við mat samkvæmt ákvæðum staflíðar b) í 78. mgr. gildir að ef unnt er að nota magnrænar breytur til að bera saman vistvæna nýsköpun og venjulega starfsemi, sem byggist ekki á nýsköpun, merkir „talsvert miklu hærri“ að jaðarávinningur sem vænta má af starfsemi á sviði vistvænnar nýsköpunar, annaðhvort í formi minni umhverfisáhættu eða mengunar eða skilvirkari nýtingar orku eða hráefna, ætti að vera að minnsta kosti tvöfaldur sá jaðarávinningur sem vænta má af almennri þróun sambærilegrar starfsemi sem byggist ekki á nýsköpun. Ef nálgunin, sem hér er lögð til, á ekki við í tilteknu máli, eða engum magnrænum samanburði verður komið við, skal í umsóknargögnum um ríkisaðstoðarmálið lýsa nákvæmlega aðferðinni sem notuð var við mat samkvæmt þessu viðmiði þannig að fram komi að hún sé sambærileg við aðferðina sem lögð er til.

	Aðstoðarhlutfall þegar aðstoð er veitt fyrir- tækjum sem ganga lengra en krafist er í EB-reglum, eða bæta umhverfisvernd í þeim tilvikum að engum slíkum reglum er til að dreifa, <i>nema að því er varðar styrki til vistvænnar nýsköpunar</i>	Aðstoðarhlutfall þegar aðstoð er veitt fyrir- tækjum sem ganga lengra en krafist er í EB-reglum, eða bæta umhverfisvernd í þeim tilvikum að engum slíkum reglum er til að dreifa, <i>á sviði vistvænnar nýsköpunar</i>
Lítill fyrirtæki	70 %	80 %
Meðalstór fyrirtæki	60 %	70 %
Stórfyrirtæki	50 %	60 %

Aðferð við útreikning á styrkhæfum kostnaði

80. Styrkhæfur kostnaður verður að takmarkast við þann aukna fjárfestingarkostnað sem er nauðsynlegur til að bæta umhverfisvernd umfram það sem krafist er í EB-reglum, og fer útreikningur á honum fram í tveimur þrepum. Í fyrsta lagi er fjárfestingarkostnaður, sem tengist beint umhverfisvernd, ákvarðaður með vísan til stöðunnar sem uppi hefði verið án hans, þar sem það á við. Í öðru lagi er dreginn frá ávinningur sem fylgir auknu rekstrarhagræði, og rekstrarkostnaði bætt við.
81. Greining á þeim hluta fjárfestingar sem tengist beint umhverfisvernd
- Þegar engin tormerki eru á að greina hvaða hlutfall heildarfjárfestingar er kostnaður sem tengist umhverfisvernd telst styrkhæfur kostnaður vera einmitt sá umhverfistengdi kostnaður ⁽⁴⁸⁾.
 - Í öllum öðrum tilvikum verður að ákvarða kostnaðaraukann með því að bera fjárfestinguna saman við stöðuna sem uppi hefði verið ef engin aðstoð hefði verið veitt. Rétt greining á þeirri stöðu miðast við kostnað við fjárfestinguna sem hefði verið sambærileg í tæknilegum skilningi en síðri með tilliti til umhverfisverndar (þ.e. aðeins samsvarandi lögbundnum EB-reglum, ef þeim er til að dreifa) og raunhæft er að unnt hefði verið að ráðast í án aðstoðar („viðmiðunarfjárfesting“). Fjárfesting telst sambærileg í tæknilegum skilningi ef hún miðast við sömu framleiðslugetu og öll sömu tæknileg viðmið að öðru leyti (önnur en þau sem tengjast beint kostnaðarauka vegna umhverfisverndar). Þá verður slík viðmiðunarfjárfesting að vera trúverðugur kostur við hlið fjárfestingarinnar sem er til athugunar, frá viðskiptalegu sjónarmiði.
82. Greining á rekstrarhagræði/rekstrarkostnaði: Ef annað er ekki tekið fram í þessum undirkafla ber að reikna styrkhæfan kostnað að teknu tilliti til rekstrarhagræðis og rekstrarkostnaðar sem tengist viðbótarfjárfestingu í umhverfisverndarskygni og fram kemur á fyrstu fimm árum eftir að ráðist er í fjárfestinguna. Þetta merkir að skylt er að reikna viðbótarfjárfestinguna að frádregnum ávinningi vegna rekstrarhagræðis af þessu tagi en heimilt að bæta við hana rekstrarkostnaði af þessu tagi.
83. Til styrkhæfra fjárfestinga getur talist fjárfesting í efnislegum og óefnislegum eignum.
84. Þegar um ræðir fjárfestingar sem ráðist er í til að ná fram umhverfisvernd umfram það sem krafist er í EB-reglum skal staðan, sem uppi hefði verið án fjárfestingarinnar, ákvörðuð sem hér segir:
- Ef viðleitni fyrirtækisins miðast við að fullnægja landsreglum sem settar hafa verið þar sem engum EB-reglum er til að dreifa** telst styrkhæfur kostnaður vera sá aukni fjárfestingarkostnaður sem er nauðsynlegur til að ná fram umhverfisvernd samkvæmt ákvæðum landsreglnanna.
 - Ef viðleitni fyrirtækisins miðast við að fullnægja landsreglum sem eru strangari en viðkomandi EB-reglur eða ganga lengra en þar er krafist, eða að ganga lengra en krafist er í EB-reglum**, telst styrkhæfur kostnaður vera sá aukni fjárfestingarkostnaður sem er nauðsynlegur til að ná fram betri umhverfisvernd en krafist er í EB-reglunum. Kostnaður við fjárfestingar, sem eru nauðsynlegar til að ná fram umhverfisvernd samkvæmt EB-reglum, er ekki styrkhæfur.
 - Ef engum reglum er til að dreifa** telst styrkhæfur kostnaður vera sá aukni fjárfestingarkostnaður sem er nauðsynlegur til að ná fram betri umhverfisvernd en verið hefði hjá viðkomandi fyrirtæki eða fyrirtækjum ef þau hefðu ekki fengið aðstoð til umhverfisverndar.
- 3.1.2. Aðstoð til kaupa á nýjum samgöngutækjum með búnaði sem gengur lengra en krafist er í EB-reglum, eða bætur umhverfisvernd í þeim tilvikum að engum slíkum reglum er til að dreifa**
85. Þær almennu reglur, sem mælt er fyrir um í 73.–84. mgr., gilda um aðstoð við fyrirtæki sem ganga lengra en krafist er í EB-reglum, eða bæta umhverfisvernd í þeim tilvikum að engum slíkum reglum er til að dreifa. Þrátt fyrir ákvæði 75. mgr. er heimilt að veita aðstoð til kaupa á nýjum samgöngutækjum til flutninga í lofti, á vegum, járnbrautum, skipgengum vatnaleiðum eða sjó ef þau samræmast gildandi EB-reglum, að því tilskildu að kaupin fari fram áður en hinar nýju EB-reglur öðlast gildi og að nýju reglurnar verði ekki látnar gilda afturvirkir um samgöngutæki sem þegar hafa verið keypt.

⁽⁴⁸⁾ Þannig getur staðið á, til að mynda, þegar eldri framleiðsluáferð er endurnýjuð og unnt er að tilgreina ótvírætt þá hluta hennar sem leiða til betri umhverfisverndar.

86. Þegar um ræðir endurbætur í umhverfisverndarskygni á eldri samgöngutækjum er styrkhæfur kostnaður heildarkostnaðarauki af slíkum endurbótum samkvæmt þeirri aðferð til útreiknings á styrkhæfum kostnaði sem lýst er í 80.–84. mgr. ef samgöngutækin eru endurbætt þannig að þau fullnægi umhverfisreglum sem höfðu ekki öðlast gildi daginn sem þau voru tekin í notkun eða ef þau falla ekki undir neinar umhverfisreglur.

3.1.3. Aðstoð til snemmbærrar aðlögunar að væntanlegum EB-reglum

87. Ef aðstoð er veitt til að fullnægja nýjum EB-reglum sem stuðla að betri umhverfisvernd, en hafa ekki enn öðlast gildi, verður hún talin samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins með vísan til staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. samningsins ef EB-reglurnar hafa þegar verið samþykktar, að því tilskildu að fjárfestingin komist að fullu til framkvæmda að minnsta kosti einu ári áður en reglurnar öðlast gildi.

Aðstoðarhlutfall

88. Hæsta leyfilega aðstoðarhlutfall er 25 % (lítill fyrirtæki), 20 % (meðalstór fyrirtæki) og 15 % (stórfyrirtæki) ef fjárfestingin kemst að fullu til framkvæmda meira en þremur árum fyrir lögbundna lögfestingu eða gildistöku reglnanna. Aðstoðarhlutfallið er 20 % (lítill fyrirtæki), 15 % (meðalstór fyrirtæki) og 10 % (stórfyrirtæki) ef fjárfestingin kemst að fullu til framkvæmda einu til þremur árum fyrir lögbundna lögfestingu eða gildistöku reglnanna.

	Aðstoðarhlutfall þegar um ræðir aðstoð til snemmbærrar aðlögunar að EB-reglum, ef fjárfestingin kemst að fullu til framkvæmda:	
	Meira en þremur árum fyrir lögbundna lögfestingu eða gildistöku reglnanna	Einu til þremur árum fyrir lögbundna lögfestingu eða gildistöku reglnanna
Lítill fyrirtæki	25 %	20 %
Meðalstór fyrirtæki	20 %	15 %
Stórfyrirtæki	15 %	10 %

Styrkhæfur kostnaður

89. Styrkhæfur kostnaður verður að takmarkast við þann aukna fjárfestingarkostnað sem er nauðsynlegur til að ná fram þeirri umhverfisvernd sem krafist er í EB-reglum, umfram þá umhverfisvernd sem krafist var áður en þær reglur voru settar.
90. Styrkhæfur kostnaður skal reiknaður að teknu tilliti til rekstrarhagræðis og rekstrarkostnaðar sem tengist viðbótarfjárfestingunni og fram kemur á fyrstu fimm árum eftir að ráðist er í þá fjárfestingu, sbr. 81., 82. og 83. mgr.

3.1.4. Aðstoð til athugana á umhverfisáhrifum

91. Aðstoð, sem fyrirtækjum er veitt til athugana sem tengjast beint fjárfestingum í því skyni að fullnægja reglum samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru í undirkafla 3.1.1, ná fram orkusparnaði samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru í undirkafla 3.1.5 eða framleiða orku með endurnýjanlegum orkugjöfum samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru í undirkafla 3.1.6, verður talin samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins með vísan til staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. samningsins ef fullnægt er skilyrðunum sem lýst er í þessum undirkafla. Þetta gildir einnig þegar niðurstöður undirbúningskönnunar leiða til þess að ekkert verður af fjárfestingunni sem er til athugunar.
92. Aðstoðarhlutfall má ekki vera hærra en sem nemur 50 % af kostnaði við athuginina.
93. Ef athuginin fer fram fyrir hönd lítils eða meðalstórs fyrirtækis er heimilt að hækka aðstoðarhlutfallið um 10 prósentustig þegar um meðalstór fyrirtæki er að ræða, og um 20 prósentustig þegar um lítill fyrirtæki er að ræða, eins og sýnt er í töflunni.

	Athuganir á umhverfisáhrifum
Lítill fyrirtæki	70 %
Meðalstór fyrirtæki	60 %
Stórfyrirtæki	50 %

3.1.5. Aðstoð til orkusparnaðar

94. Fjárfestingaraðstoð og rekstraraðstoð, sem gerir fyrirtækjum kleift að ná fram orkusparnaði, verður talin samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins með vísan til staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. samningsins ef eftirtöldum skilyrðum er fullnægt:

3.1.5.1. Fjárfestingaraðstoð

Aðstoðarhlutfall

95. Aðstoðarhlutfallið má ekki vera hærra en sem nemur 60% af styrkhæfum fjárfestingarkostnaði.
96. Þegar fjárfestingaraðstoð í orkusparnaðarskyni rennur til lítila eða meðalstórra fyrirtækja má hækka aðstoðarhlutfallið um 10 prósentustig þegar um meðalstór fyrirtæki er að ræða og um 20 prósentustig þegar um lítil fyrirtæki er að ræða, eins og sýnt er í töflunni.

	Aðstoðarhlutfall vegna orkusparandi fjárfestinga
Lítill fyrirtæki	80%
Meðalstór fyrirtæki	70%
Stórfyrirtæki	60%

97. Ef fjárfestingaraðstoðin er veitt á grundvelli eiginlegs samkeppnisútbóðs með skýrum, gagnsæjum forsendum og á jafnréttisgrundvelli þannig að tryggt sé í reynd að aðstoðin takmarkist við það lágmark sem er nauðsynlegt til að ná fram hámarksorkusparnaði, má aðstoðarhlutfallið nema allt að 100% af styrkhæfum fjárfestingarkostnaði eins og hann er skilgreindur í 98. mgr. Samkeppnisútbóð af þessu tagi verður að fara fram á jafnréttisgrundvelli og með þátttöku nægilegra margra fyrirtækja. Þá verður fjárveiting í tengslum við útbóðið að vera bindandi takmörkun í þeirri merkingu að ekki sé unnt að veita öllum bjóðendum aðstoð. Loks verður að veita aðstoðina á grundvelli upprunalegs tilboðs bjóðanda, en ekki með vísan til síðari samningaviðræðna.

Styrkhæfur kostnaður

98. Styrkhæfur kostnaður verður að takmarkast við þann aukna fjárfestingarkostnað sem er nauðsynlegur til að ná fram orkusparnaði umfram það sem krafist er í EB-reglum.

Kostnaðaraukann ber að reikna samkvæmt eftirfarandi reglum:

- Sá hluti fjárfestingarinnar, sem tengist beint orkusparnaði, skal reiknaður samkvæmt reglunum sem mælt er fyrir um í 81. og 83. mgr. þessara leiðbeininga.
- Orkusparnaður umfram það, sem krafist er í EB-reglum, skal reiknaður samkvæmt reglunum sem mælt er fyrir um í 84. gr. þessara leiðbeininga.
- Greining á rekstrarhagræði/rekstrarkostnaði: Styrkhæfur kostnaður skal reiknaður að teknu tilliti til rekstrarhagræðis og rekstrarkostnaðar sem tengist viðbótarfjárfestingu í orkusparnaðarskyni og fram kemur á fyrstu þremur árum eftir að ráðist er í fjárfestinguna, þegar lítil og meðalstór fyrirtæki eiga í hlut, en á fyrstu fjórum árunum þegar hlut eiga að máli stórfyrirtæki sem falla ekki undir Evrópuviðskiptakerfið með CO₂-losunarheimildir og fyrstu fimm árunum þegar um ræðir stórfyrirtæki sem falla undir Evrópuviðskiptakerfið með CO₂-losunarheimildir. Að því er varðar stórfyrirtæki er heimilt að stytta þennan tíma í fyrstu þrjú ár eftir að ráðist er í fjárfestinguna ef sýnt er fram á að afskriftatími hennar sé ekki lengri en þrjú ár.

3.1.5.2. Rekstraraðstoð

99. Ekki skal veita rekstraraðstoð í tengslum við aðgerðir í orkusparnaðarskyni nema eftirtöldum skilyrðum sé fullnægt:
- Aðstoðin takmarkast við að bæta upp hreinan kostnaðarauka vegna framleiðslu sem af fjárfestingunni leiðir, að teknu tilliti til hagræðis sem orkusparnaðurinn hefur í för með sér⁽⁴⁹⁾. Þegar fjárhæð rekstraraðstoðar er ákveðin verður að draga frá framleiðslukostnaði alla fjárfestingaraðstoð sem viðkomandi fyrirtæki hefur fengið vegna nýja iðjuversins.
 - Aðstoðin er ekki veitt lengur en um fimm ára skeið.
100. Ef aðstoðin er veitt á þann hátt að hún fer smám saman minnkandi má aðstoðarhlutfallið ekki vera hærra en sem nemur 100% af kostnaðaraukanum á fyrsta árinu og verður svo að lækka jafnt og þétt þannig að það sé núll í lok fimmta ársins. Ef aðstoðin fer ekki stigminkandi má aðstoðarhlutfallið ekki vera hærra en sem nemur 50% af kostnaðaraukanum.

3.1.6. Aðstoð til nýtingar endurnýjanlegra orkugjafa

101. Fjárfestingaraðstoð og rekstraraðstoð, sem er veitt til þess að stuðla að orkuvinnslu með endurnýjanlegum orkugjöfum, verður talin samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins með vísan til staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. samningsins ef skilyrðunum, sem sett eru í 102.–111. mgr. er fullnægt. Ríkisaðstoð er réttlætunleg ef engum lögbundnum EB-reglum er til að dreifa að því er varðar hlut endurnýjanlegra orkugjafa í orkunotkun einstakra fyrirtækja. Að því er varðar framleiðslu lífildsneytis skal fjárfestingaraðstoð og rekstraraðstoð aðeins heimilud í tengslum við sjálfbæra framleiðslu af því tagi.

⁽⁴⁹⁾ Hugtakið framleiðslukostnað ber að skilja þannig að hvers konar aðstoð sé undanskilin en eðlilegur hagnaður meðalinn.

3.1.6.1. *Fjárfestingaraðstoð**Aðstoðarhlutfall*

102. Aðstoðarhlutfallið má ekki vera hærra en sem nemur 60% af styrkhæfum fjárfestingarkostnaði.
103. Þegar fjárfestingaraðstoð til nýtingar endurnýjanlegra orkugjafa rennur til lítilla eða meðalstórra fyrirtækja má hækka aðstoðarhlutfallið um 10 prósentustig þegar um meðalstór fyrirtæki er að ræða og um 20 prósentustig þegar um lítil fyrirtæki er að ræða, eins og sýnt er í töflunni.

	Aðstoðarhlutfall vegna endurnýjanlegra orkugjafa
Lítill fyrirtæki	80%
Meðalstór fyrirtæki	70%
Stórfyrirtæki	60%

104. Ef fjárfestingaraðstoðin er veitt á grundvelli eiginlegs samkeppnisútbóðs með skýrum, gagnsæjum forsendum og á jafnréttisgrundvelli þannig að tryggt sé í reynd að aðstoðin takmarkist við það lágmark sem er nauðsynlegt til að ná fram hámarksnýtingu endurnýjanlegra orkugjafa, má aðstoðarhlutfallið nema allt að 100% af styrkhæfum fjárfestingarkostnaði eins og hann er skilgreindur í 105. og 106. mgr. Samkeppnisútbóð af þessu tagi verður að fara fram á jafnréttisgrundvelli og með þátttöku nægilegra margra fyrirtækja. Þá verður fjárveiting í tengslum við útbóðið að vera bindandi takmörkun í þeirri merkingu að ekki sé unnt að veita öllum bjóðendum aðstoð. Loks verður að veita aðstoðina á grundvelli upprunalegs tilboðs bjóðanda, en ekki með vísan til síðari samningaviðræðna.

Styrkhæfur kostnaður

105. Að því er varðar endurnýjanlega orkugjafa verður að takmarka styrkhæfan fjárfestingarkostnað við þann kostnaðarauka sem fellur á aðstoðarþega vegna fjárfestingarinnar þegar borið er saman við hefðbundið orkuver eða hefðbundið hitunarkerfi með sömu afköstum þegar lítið er til raunframleiðslu á orku.
106. Styrkhæfur kostnaður skal reiknaður að teknu tilliti til rekstrarhagræðis og rekstrarkostnaðar sem tengist viðbótarfjárfestingu í endurnýjanlegum orkugjöfum og fram kemur á fyrstu fimm árum eftir að ráðist er í þá fjárfestingu, sbr. 81., 82. og 83. mgr.

3.1.6.2. *Rekstraraðstoð*

107. Rekstraraðstoð, sem er veitt til þess að stuðla að orkuvinnslu með endurnýjanlegum orkugjöfum, getur verið réttlætjanleg til þess að bæta upp muninn á kostnaði við orkuvinnslu með endurnýjanlegum orkugjöfum og verðinu sem fæst fyrir viðkomandi orku á markaði. Þetta á við hvort sem viðkomandi fyrirtæki notar endurnýjanlega orkugjafa til framleiðslu á orku í því skyni að selja hana á markaði eða til eigin nota.
108. EFTA-rikin geta veitt aðstoð til nýtingar endurnýjanlegra orkugjafa sem hér segir:
109. **Kostur 1**

- a) EFTA-rikin geta veitt rekstraraðstoð til þess að bæta upp muninn á kostnaði við orkuvinnslu með endurnýjanlegum orkugjöfum, að meðtöldum afskriftum á viðbótarfjárfestingu sem ráðist er í í umhverfisverndarskyni, og verðinu sem fæst fyrir viðkomandi orku á markaði. Heimilt er þá að veita rekstraraðstoð allt þar til orkuverðið hefur verið afskrifað að fullu samkvæmt venjulegum bókhaldsreglum. Önnur orka, sem framleidd er í verinu, er ekki styrkhæf. Aftur á móti má aðstoðin einnig taka tillit til eðlilegrar arðsemiskröfu.
- b) Ef aðstoð er veitt í samræmi við ákvæði stafliðar a) verður að draga frá framleiðslukostnaði alla fjárfestingaraðstoð sem viðkomandi fyrirtæki hefur fengið vegna nýja orkuversins þegar fjárhæð rekstraraðstoðar er ákveðin. Þegar EFTA-rikin senda Eftirlitsstofnun EFTA tilkynningar um aðstoðarkerfi verða þau að tilgreina nákvæmlega í hverju stuðningskerfin eru fölgin og einkum hvaða aðferðir eru notaðar við að reikna aðstoðarfjárhæðir.
- c) Lífmassi er frábrugðinn flestum öðrum endurnýjanlegum orkugjöfum að því leyti að fjárfestingarkostnaður er tiltölulega lítil en rekstrarkostnaður meiri. Eftirlitsstofnun EFTA mun því taka vel óskum um að veita rekstraraðstoð vegna orkuvinnslu með lífmassa sem nemur hærri fjárhæð en fjárfestingin þegar EFTA-rikin geta sýnt fram á að uppsafnaður kostnaður fyrirtækjanna eftir afskriftir orkuvers sé enn hærri en sem nemur markaðsverði orkunnar.

110. **Kostur 2**

- a) EFTA-rikin geta einnig stutt orkuvinnslu með endurnýjanlegum orkugjöfum með því að notast við markaðstengdar aðferðir á borð við útgáfu „grænna skirteina“ eða útboð. Með notkun þessara aðferða er öllum orkuframleiðendum, sem nota endurnýjanlega orkugjafa, gert kleift að njóta óbeinnar eftirspurnartryggingar á orkuframleiðslu sinni á verði sem er hærra en markaðsverð fyrir orku sem er unnin á hefðbundinn hátt. Verð fyrir þessi grænu skirteini er ekki ákveðið fyrirfram heldur ræðst það af framboði og eftirspurn.
- b) Þegar markaðstengdar aðferðir af þessu tagi fela í sér ríkisaðstoð kemur til greina að Eftirlitsstofnun EFTA heimili þær ef EFTA-rikin geta sýnt fram á að stuðningur sé óhjákvæmilegur til að tryggja arðsemi orkuvinnslu með viðkomandi endurnýjanlegum orkugjöfum, að hann leiði ekki til ofgreiðslna þegar allt er talið og að hann dragi ekki úr vilja framleiðenda, sem nota endurnýjanlega orkugjafa, til að auka samkeppnishæfni sína. Eftirlitsstofnun EFTA mun heimila rekstur slíkra aðstoðarkerfa til tíu ára í senn.

111. **Kostur 3**

Auk þess, sem að ofan greinir, geta EFTA-rikin veitt rekstraraðstoð í samræmi við ákvæði 100. mgr.

3.1.7. **Aðstoð til samvinnslu orku**

112. Fjárfestingaraðstoð og rekstraraðstoð, sem er veitt til þess að stuðla að samvinnslu orku, verður talin samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins með vísan til staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. samningsins að því tilskildu að samvinnsluver samræmist skilgreiningu á orkunýtinni samvinnslu samkvæmt 11. lið 70. mgr. og að auki, að því er fjárfestingaraðstoð varðar:

- a) að nýtt samvinnsluver leiði í heild til sparnaðar frumorku í samanburði við aðskilda framleiðslu eins og hún er skilgreind í tilskipun 2004/8/EB ⁽⁵⁰⁾ og ákvörðun 2007/74/EB,
- b) að endurbætur á starfandi samvinnsluveri eða breyting á starfandi orkuveri í samvinnsluver leiði til sparnaðar frumorku í samanburði við stöðuna sem uppi var fyrir breytingu.

113. Að því er rekstraraðstoð varðar verður starfandi samvinnsluver bæði að samræmast skilgreiningu á orkunýtinni samvinnslu samkvæmt 11. lið 70. mgr. og fullnægja þeirri kröfu að fram komi sparnaður frumorku í samanburði við aðskilda framleiðslu eins og hún er skilgreind í tilskipun 2004/8/EB ⁽⁵¹⁾ og ákvörðun 2007/74/EB.

3.1.7.1. *Fjárfestingaraðstoð**Aðstoðarhlutfall*

114. Aðstoðarhlutfallið má ekki vera hærra en sem nemur 60% af styrkhæfum fjárfestingarkostnaði.

115. Þegar fjárfestingaraðstoð til samvinnslu orku rennur til lítilla eða meðalstórra fyrirtækja má hækka aðstoðarhlutfallið um 10 prósentustig þegar um meðalstór fyrirtæki er að ræða og um 20 prósentustig þegar um lítil fyrirtæki er að ræða, eins og sýnt er í töflunni.

	Aðstoðarhlutfall vegna orkunýttinnar samvinnslu
Lítill fyrirtæki	80%
Meðalstór fyrirtæki	70%
Stórfyrirtæki	60%

116. Ef fjárfestingaraðstoðin er veitt á grundvelli eiginlegs samkeppnisútbóðs með skýrum, gagnsæjum forsendum og á jafnréttisgrundvelli þannig að tryggt sé í reynd að aðstoðin takmarkist við það lágmark sem er nauðsynlegt til að ná fram hámarksorkusparnaði, má aðstoðarhlutfallið nema allt að 100% af styrkhæfum fjárfestingarkostnaði eins og hann er skilgreindur í 117. og 118. mgr. Samkeppnisútbóð af þessu tagi verður að fara fram á jafnréttisgrundvelli og með þáttöku nægilegra margra fyrirtækja. Þá verður fjárveiting í tengslum við útboðið að vera bindandi takmörkun í þeirri merkingu að ekki sé unnt að veita öllum bjóðendum aðstoð. Loks verður að veita aðstoðina á grundvelli upprunalegs tilboðs bjóðanda, en ekki með vísan til síðari samningaviðræðna.

Styrkhæfur kostnaður

117. Styrkhæfur kostnaður verður að takmarkast við þann viðbótarkostnað sem fellur til vegna fjárfestingar við byggingu orkunýttins samvinnsluvers umfram þá fjárfestingu sem notuð er til samanburðar.

118. Styrkhæfur kostnaður skal reiknaður að teknu tilliti til rekstrarhagræðis og rekstrarkostnaðar sem tengist

⁽⁵⁰⁾ Tilskipunin hefur verið felld inn í EES-samninginn, sjá 24. lið IV. viðauka.

⁽⁵¹⁾ Tilskipunin hefur verið felld inn í EES-samninginn, sjá 24. lið IV. viðauka.

viðbótarfjárfestingunni og fram kemur á fyrstu fimm árum eftir að ráðist er í þá fjárfestingu, sbr. 81., 82. og 83. mgr.

3.1.7.2. Rekstraraðstoð

119. Rekstraraðstoð vegna orkunýttinnar samvinnslu má veita í samræmi við reglurnar um rekstraraðstoð vegna orkuvinnslu með endurnýjanlegum orkugjöfum, sem mælt er fyrir um í undirkafla 3.1.6.2:
- Fyrirtækjum sem selja raforku og varmaorku til almennings, ef kostnaður við vinnslu orkunnar er hærri en verðið sem fæst fyrir hana á markaði. Þegar ákveðið er hvort aðstoðin er nauðsynleg verður litið til útgjalda og tekna sem tengjast vinnslu og sölu á raforkunni eða varmaorkunni.
 - Til sameiginlegra nota í atvinnuskyni á framleiddri raforku og varmaorku ef unnt er sýna fram á að vinnslukostnaður á hverja orkueiningu sé hærri með þeirri tækni en sem nemur markaðsverði fyrir hverja orkueiningu sem er framleidd á hefðbundinn hátt. Til vinnslukostnaðar má telja eðlilega arðsemiskröfu fyrir orkuverðið, en draga ber frá hagnað sem fyrirtækið kann að hafa af framleiðslu varmaorku.

3.1.8. Aðstoð til orkunýttinnar fjarhitunar

120. Aðstoð, sem er veitt til fjárfestingar í orkunýttum fjarhitunarstöðvum⁽⁵²⁾, verður talin samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins með vísan til staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. samningsins ef hún leiðir til sparnaðar frumorku og að því tilskildu að fjarhitunarstöðin, sem þiggur aðstoð, fullnægi skilgreiningu á orkunýttinni fjarhitun samkvæmt 13. lið 70. mgr. og
- að samhliða rekstur varmavinnslu (svo og raforkuvinnslu þegar um samvinnslu er að ræða) og varma-dreifingar leiði til sparnaðar frumorku, eða
 - að tilgangur fjárfestingarinnar sé nýting og dreifing afgangsvarma til fjarhitunar.

Aðstoðarhlutfall

121. Aðstoðarhlutfall vegna fjarhitunarstöðva má ekki vera hærra en sem nemur 50 % af styrkhæfum fjárfestingarkostnaði. Ef aðstoðin er veitt eingöngu vegna orkuvinnslu í fjarhitunarstöð falla orkunýttar fjarhitunarstöðvar, sem notast við endurnýjanlega orkugjafa eða samvinnslu, undir reglurnar sem mælt er fyrir um í undirköflum 3.1.6 annars vegar og 3.1.7 hins vegar.
122. Þegar fjárfestingaraðstoð til orkunýttinnar fjarhitunar rennur til lítilla eða meðalstórra fyrirtækja má hækka aðstoðarhlutfallið um 10 prósentustig þegar um meðalstór fyrirtæki er að ræða og um 20 prósentustig þegar um lítil fyrirtæki er að ræða, eins og sýnt er í töflunni.

	Aðstoðarhlutfall vegna orkunýttinnar fjarhitunar sem notast við hefðbundna orkugjafa
Lítill fyrirtæki	70%
Meðalstór fyrirtæki	60%
Stórfyrirtæki	50%

123. Ef fjárfestingaraðstoðin er veitt á grundvelli eiginlegs samkeppnisútboðs með skýrum, gagnsæjum forsendum og á jafnréttisgrundvelli þannig að tryggt sé í reynd að aðstoðin takmarkist við það lágmark sem er nauðsynlegt til að ná fram hámarksorkusparnaði, má aðstoðarhlutfallið nema allt að 100 % af styrkhæfum fjárfestingarkostnaði eins og hann er skilgreindur í 124. og 125. mgr. Samkeppnisútboð af þessu tagi verður að fara fram á jafnréttisgrundvelli og með þátttöku nægilegra margra fyrirtækja. Þá verður fjárveiting í tengslum við útbóðið að vera bindandi takmörkun í þeirri merkingu að ekki sé unnt að veita öllum bjóðendum aðstoð. Loks verður að veita aðstoðina á grundvelli upprunalegs tilboðs bjóðanda, en ekki með vísan til síðari samningaviðræðna.

Styrkhæfur kostnaður

124. Styrkhæfur kostnaður verður að takmarkast við þann viðbótarkostnað sem fellur til vegna fjárfestingar á sviði orkunýttinnar fjarhitunar, umfram þá fjárfestingu sem notuð er til samanburðar.
125. Styrkhæfur kostnaður skal reiknaður að teknu tilliti til rekstrarhagræðis og rekstrarkostnaðar sem tengist viðbótarfjárfestingunni og fram kemur á fyrstu fimm árum eftir að ráðist er í þá fjárfestingu, sbr. 81., 82. og 83. mgr.

3.1.9. Aðstoð til úrgangsstjórnunar

⁽⁵²⁾ Að undanskildum fjarhitunargrunnvirkjum, en fjármögnun þeirra fellur ekki undir leiðbeiningarnar sem hér birtast, heldur verða þau metin eingöngu samkvæmt ákvæðum staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr.

126. Fjárfestingaraðstoð, sem er veitt í umhverfisverndarskyni til meðhöndlunar á úrgangi frá öðrum fyrirtækjum, m.a. endurnýtingar, endurvinnslu og endurheimtu, verður talin samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins með vísan til staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. samningsins að því tilskildu að sú starfsemi fari fram í samræmi við forgangsflokkun samkvæmt grundvallarreglum um úrgangsstjórnun⁽⁵³⁾ og skilyrðin sem mælt er fyrir um í 127. mgr.
127. Ekki skal veita fjárfestingaraðstoð í tengslum við úrgangsstjórnun nema öllum eftirtöldum skilyrðum sé fullnægt:
- Fjárfestingin hefur það að markmiði að draga úr mengun frá öðrum fyrirtækjum („mengendum“) og varðar ekki mengun af völdum aðstoðarþegans.
 - Aðstoðin verður ekki til þess að losa mengendurna óbeint undan kostnaðarbyrði sem þeir eiga að bera samkvæmt EB-rétti eða rétt er að telja eðlilegan kostnað þeirra af fyrirtækjarekstri.
 - Fjárfestingin leiðir til endurbóta á „bestu fánlegu tækni“⁽⁵⁴⁾ eða nýtingar hefðbundinnar tækni á nýstárlegan hátt.
 - Förgun eða meðhöndlun úrgangsefnanna hefði að öðrum kosti farið fram á minna vistvænan hátt.
 - Fjárfestingin leiðir ekki til þess að aðeins verði aukin spurn eftir efnunum, sem tekin eru til endurvinnslu, án þess að innsöfnun þeirra aukist.

Aðstoðarhlutfall

128. Aðstoðarhlutfallið má ekki vera hærra en sem nemur 50% af styrkhæfum fjárfestingarkostnaði.
129. Þegar fjárfestingaraðstoð til úrgangsstjórnunar rennur til lítilla eða meðalstórra fyrirtækja má hækka aðstoðarhlutfallið um 10 prósentustig þegar um meðalstór fyrirtæki er að ræða og um 20 prósentustig þegar um lítil fyrirtæki er að ræða, eins og sýnt er í töflunni.

	Aðstoðarhlutfall eigna úrgangsstjórnunar
Lítill fyrirtæki	70%
Meðalstór fyrirtæki	60%
Stórfyrirtæki	50%

Styrkhæfur kostnaður

130. Styrkhæfur kostnaður verður að takmarkast við þann viðbótarkostnað, sem fellur til vegna fjárfestingar í því skyni að koma á fót úrgangsstjórnun og aðstoðarþeginn þarf að bera, umfram þá fjárfestingu sem notuð er til samburðar, það er hefðbundna framleiðslu sem felur ekki í sér jafnvíðtæka úrgangsstjórnun. Kostnað af fjárfestingunni, sem notuð er til samburðar, verður að draga frá styrkhæfum kostnaði.
131. Styrkhæfur kostnaður skal reiknaður að teknu tilliti til rekstrarhagræðis og rekstrarkostnaðar sem tengist viðbótarfjárfestingu vegna úrgangsstjórnunar og fram kemur á fyrstu fimm árum eftir að ráðist er í fjárfestinguna⁽⁵⁵⁾, sbr. ákvæði 81.–83. mgr.

3.1.10. Aðstoð til hreinsunar á mengunarstöðum

132. Fjárfestingaraðstoð, sem rennur til fyrirtækja sem vinna að því að bæta umhverfisskaða með því að hreinsa mengunarstaði, verður talin samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins með vísan til staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. samningsins⁽⁵⁶⁾ ef hún leiðir til aukinnar umhverfisverndar. Það telst umhverfisskaði í þessu samhengi ef jarðvegur, yfirborðsvatn eða grunnvatn spillist.

⁽⁵³⁾ Flokkun samkvæmt orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um endurskoðun á stefnu Evrópubandalaganna á sviði úrgangsstjórnunar (COM(96) 399 final, 30.7.1996). Í þeirri orðsendingu leggur framkvæmdastjórnin áherslu á að úrgangsstjórnun verði að vera forgangsmarkmið í Evrópubandalaginu til þess að unnt sé að draga úr hættu á umhverfisskaða. Hugtakið úrgangsstjórnun felur í sér þrjá þætti: endurnýtingu, endurvinnslu og endurheimtu. Úrgangur, sem ókleift er að koma í veg fyrir, verður að taka til meðhöndlunar og förgunar án þess að hættu stafi af. Í orðsendingu sinni um þáttbundna áætlun um að draga úr myndun úrgangs og endurvinnslu hans (COM(2005) 666) ítrekaði framkvæmdastjórn EB að hún hygðist halda fast við þessar grundvallarreglur og lagði drög að ákveðnum ráðstöfunum til þess að stuðla að minni úrgangsmýndun, svo sem hönnun vinnsluferla og vöru á vistvænum forsendum og hvatningu til lítilla og meðalstórra fyrirtækja til að gera ráðstafanir til að draga úr úrgangi og endurvinnna hann.

⁽⁵⁴⁾ „Besta fánlega tækni“ merkir hér viðtekna og arðbæra aðferð til að nýta úrgangsvöru til framleiðslu á söluvöru. Hugtakið „besta fánlega tækni“ verður þegar það á við, að túlka með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum á Evrópska efnahagssvæðinu og reglum sameiginlega markaðarins.

⁽⁵⁵⁾ Ef fjárfestingin miðast eingöngu við að bæta umhverfisvernd, án þess að henni fylgi annað efnahagslegt hagræði, kemur engin annar frádráttur við sögu við útreikning á styrkhæfum kostnaði.

⁽⁵⁶⁾ Hreinsunarvinna á vegum opinberra aðila á eigin landi fellur ekki sem slík undir ákvæði 87. gr. EB-sáttmálans. Álitamál um ríkisaðstoð geta þó komið upp ef landið er selt að hreinsun lokinni á verði sem er lægra en markaðsvirði. Í þessu tilliti eiga enn við ákvæði kaflans um ríkisaðstoð í tengslum við sölu stjórnvalda á lóðum og húseignum í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð (EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 26, 8.6.2000).

Ef fyrir liggur hver mengandinn er verður sá aðili að bera hreinsunarkostnaðinn í samræmi við mengunarbótaregluna, og má þá ekki veita ríkisaðstoð. Í þessu tilliti er „mengandi“ sá aðili sem ábyrgðin hvílir á samkvæmt gildandi lögum í hverju EFTA-ríki með fyrirvara um EB-reglur sem kunna að verða teknar upp á þessu sviði.

Ef ekki liggur fyrir hver mengandinn er eða ógerningur er að gera honum að greiða kostnaðinn er heimilt að veita aðstoð þeim sem vinnur hreinsunarstarfið.

Aðstoðarhlutfall

133. Aðstoð til hreinsunar á mengunarstöðum má nema allt að 100% af styrkhæfum kostnaði.

Heildarfjárhæð aðstoðar má aldrei verða hærri en sem nemur raunverulegum útgjöldum fyrirtækisins.

Styrkhæfur kostnaður

134. Styrkhæfur kostnaður er kostnaður við hreinsunarstarfið að frádregnu auknu lóðarverðmæti. Öll útgjöld, sem falla til hjá fyrirtæki vegna hreinsunar á eigin starfssvæði teljast styrkhæfur kostnaður í tengslum við hreinsun mengunarstaða, óháð því hvort unnt er að skrá slík útgjöld sem fastafjármuni í efnahagsreikningi.

3.1.11. Aðstoð til flutnings fyrirtækja

135. Fjárfestingaraðstoð, sem er veitt í tengslum við flutning fyrirtækja á nýja starfsstaði af umhverfisverndarástæðum, verður talin samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins með vísan til staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. samningsins ef eftirtöldum skilyrðum er fullnægt:

- Flutningurinn verður að fara fram af umhverfisverndarástæðum eða til að varna umhverfisskaða og tilskilið er að ákvörðun um hana byggist á stjórnsýslu- eða dómsúrskurði lögbærs stjórnvalds eða samningi fyrirtækisins við viðkomandi lögbært stjórnvald.
- Fyrirtækið verður að fullnægja ströngustu umhverfisreglum sem eru í gildi á nýja starfsstaðnum.

136. Aðstoðarþegi getur verið:

- fyrirtæki sem starfar á svæði í þéttbýli eða sérstöku verndarsvæði sem samsvarar svæðum af því tagi sem tilgreind eru í tilskipun ráðsins 92/43/EBE frá 21. maí 1992 um vernd náttúrulegra búsvæða og villtra plantna og dýra⁽⁵⁷⁾, stundar með löglegum hætti (þ.e. í samræmi við öll lagaákvæði sem það fellur undir, að meðtöldum öllum umhverfisreglum) starfsemi sem veldur mikilli mengun og verður vegna þeirrar staðsetningar að flytja starfsemi sína á heppilegri stað, eða
- starfstöð eða stöð sem fellur undir ákvæði Seveso II-tilskipunarinnar⁽⁵⁸⁾.

Aðstoðarhlutfall

137. Aðstoðarhlutfallið má ekki vera hærri en sem nemur 50% af styrkhæfum fjárfestingarkostnaði. Hækka má aðstoðarhlutfallið um 10 prósentustig þegar um meðalstór fyrirtæki er að ræða, og um 20 prósentustig þegar um lítil fyrirtæki er að ræða, eins og sýnt er í töflunni.

	Aðstoðarhlutfall vegna flutnings
Lítill fyrirtæki	70%
Meðalstór fyrirtæki	60%
Stórfyrirtæki	50%

Styrkhæfur kostnaður

138. Þegar Eftirlitsstofnun EFTA ákvarðar fjárhæð styrkhæfs kostnaðar í tengslum við aðstoð til flutnings verður einkum litið til:

- ávinningss sem hér segir:
 - tekna af sölu eða leigu iðjuversins eða lóðarinnar sem flutt er af,
 - bóta sem greiddar hafa verið vegna eignarnáms,
 - hvers kyns annars ávinningss af flutningi iðjuversins, einkum þegar hann stafar af endurbótum á tækniþnáði, sem fram fara í tengslum við flutninginn, og bókhaldslegum ávinningi sem leiðir af betri nýtingu iðjuversins,
 - fjárfestinga sem tengjast aukningu á framleiðslugetu;

⁽⁵⁷⁾ Stj. tíð. EB L 206, 22.7.1992, bls. 7. Breytingar á tilskipuninni urðu síðast með tilskipun 2006/105/EB (Stj. tíð. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 368).

⁽⁵⁸⁾ Tilskipunin hefur verið felld inn í EES-samninginn, sjá lið 23a í X. viðauka.

- b) útgjalda sem hér segir:
 - i) útgjalda sem tengjast lóðar kaupum eða byggingu eða kaupum á nýju iðjuveri með sömu framleiðslugetu og iðjuverið sem lagt var niður,
 - ii) bóta sem fyrirtækinu hefur verið gert að greiða vegna slita á samningi um leigu á lóð eða byggingum þegar þannig stendur á að stjórnslu- eða dómsúrskurður um flutninginn leiðir til þess að samningnum er slitið fyrir en ella hefði verið.

3.1.12. Aðstoð í tengslum við kerfi framseljanlegra losunarheimilda

- 139. Kerfi framseljanlegra losunarheimilda geta falið í sér ríkisaðstoð á ýmsan hátt, til dæmis þegar heimildum er úthlutað gegn lægra gjaldi en sem nemur markaðsvirði og ástæðuna fyrir því má rekja til EFTA-rikkjanna.
- 140. Ríkisaðstoð, sem tengist kerfum framseljanlegra losunarheimilda getur talist samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins með vísan til staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. samningsins ef fullnægt er skilyrðunum sem lýst er í staflíðum a)–d) í þessari málsgrein svo og 141. mgr. Sú undantekning er gerð að ákvæði 141. mgr. taka ekki til viðskiptatímabilsins sem lýkur 31. desember 2012 þegar um ræðir kerfi framseljanlegra losunarheimilda í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB⁽⁵⁹⁾:
 - a) Kerfum framseljanlegra losunarheimilda verður að haga þannig að með þeim náist markmið á sviði umhverfisverndar sem ganga lengra en markmið sem stefnt er að með EB-reglum sem viðkomandi fyrirtækjum er skylt að hlíta.
 - b) Úthlutun losunarheimilda verður að fara fram á gagnsæjan hátt, samkvæmt hlutlægum viðmiðum og með vísan til traustustu gagnaheimilda sem tiltækar eru og heildarfjöldi framseljanlegra heimilda, sem hverju fyrirtæki er úthlutað á lægra verði en sem nemur markaðsverðmæti, má ekki vera meiri en svo að samsvari áætlaðri þörf þess þegar miðað er við aðstæður þar sem ekkert viðskiptakerfi er fyrir hendi.
 - c) Aðferðir, sem ráða úthlutun, mega ekki ívilna tilteknum fyrirtækjum eða atvinnugreinum nema réttlæta megi slíkt á grundvelli röklegs tilgangs kerfisins sjálfs að því er varðar umhverfisvernd svo og þegar nauðsynlegt er að haga reglum með þeim hætti til þess að gæta samkvæmni við önnur ákvæði á sviði umhverfisverndar.
 - d) Einkum og sérstaklega ber að gæta þess að ný fyrirtæki á markaði fái ekki úthlutað losunarheimildum með hagfelldari skilyrðum en eldri fyrirtæki sem starfa á sama markaði. Ef meiri heimildum er úthlutað til starfsstöðva, sem eru þegar í rekstri, en til nýrra starfsstöðva má það ekki leiða til óhöflegra aðgangshindrana.
- 141. Við mat á því hvort ríkisaðstoð í tengslum við kerfi framseljanlegra losunarheimilda sé nauðsynleg og hæfileg að umfangi mun Eftirlitsstofnun EFTA notast við eftirtalin viðmið:
 - a) Val á aðstoðarþegum verður að byggjast á hlutlægum og gagnsægum viðmiðum og úthlutun aðstoðar verður að fara fram í grundvallaratriðum á sama hátt að því er varðar alla keppinauta í sömu atvinnugrein eða á sama viðkomandi markaði, ef þeir búa við sambærilegar aðstæður.
 - b) Útboð á öllum losunarheimildum verður að leiða til verulegrar hækkunar framleiðslukostnaðar í hverri atvinnugrein eða hverjum flokki einstakra aðstoðarþega.
 - c) Ef veruleg hækkun á framleiðslukostnaði er látin ganga inn í verð til viðskiptamanna hlýtur það að leiða til umtalsverðs sölusamdráttar. Við greiningu á þessu kann m.a. að verða byggt á mati á verðnæmi í atvinnugreininni sem um ræðir. Slíkt mat fer fram á viðkomandi landfræðilegum markaði. Þegar metið er hvort ógerlegt er að láta aukinn kostnað vegna kerfis framseljanlegra losunarheimilda ganga inn í verð til viðskiptamanna kunna að verða notaðar áætlaðar tölur um minnkaða sölu svo og áhrif slíkrar breytingar á arðsemi fyrirtækisins.
 - d) Einstök fyrirtæki í viðkomandi grein eiga ekki að geta dregið úr losun til þess að gera sér auðveldara að greiða fyrir losunarheimildirnar. Sýna má fram á að ekki sé unnt að draga úr notkun með því leggja fram tölur um losun með skilvirkustu tækni sem völ er á í EES-rikkjunum og nota þær sem viðmið. Hvert það fyrirtæki, sem nær að nýta sér skilvirkustu tæknina, getur þegar best lætur fengið úthlutað heimildum sem samsvara þeirri aukningu framleiðslukostnaðar vegna kerfis framseljanlegra losunarheimilda sem fram kemur þegar skilvirkasta tækni er notuð og ekki er unnt að láta ganga inn í verð til viðskiptamanna. Hverju því fyrirtæki, sem nær lakari umhverfisárangri, skal úthluta lægri heimild í réttu hlutfalli við umhverfisárangurinn sem það nær.

3.2. Hefur aðstoðin hvatningaráhrif og er hún nauðsynleg?

- 142. Ríkisaðstoð verður að hafa hvatningaráhrif. Ríkisaðstoð, sem er veitt til umhverfisverndar, verður að leiða til breytinga á hegðun viðtakandans sem hafa í för með sér betri umhverfisvernd.

⁽⁵⁹⁾ Stjtið. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32. Breytingar á tilskipuninni urðu síðast með tilskipun 2004/101/EB (Stjtið. ESB L 338, 13.11.2004, bls. 18). Tilskipunin hefur verið felld inn í EES-samninginn, sjá lið 23al í XX. viðauka.

143. Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að aðstoðin hafi engin hvatningaráhrif á aðstoðarþega í þeim tilvikum þar sem vinna við verkefnið er hafin áður en viðtakandinn sækir um aðstoðina hjá stjórnvöldum í viðkomandi landi.
144. Ef vinna við verkefnið, sem er styrkt, er ekki hafin áður en umsókn er lögð fram er lítið svo á að kröfunni um að hvatningaráhrif séu fyrir hendi sé fullnægt sjálfkrafa að því er varðar allar tegundir aðstoðar sem lítið eða meðalstórt fyrirtæki fær, nema í þeim tilvikum að nauðsynlegt er að meta aðstoðina samkvæmt ákvæðum 5. undirkafla um ítarlegt mat.
145. Að því er varðar öll önnur verkefni, sem aðstoð er veitt til, mun Eftirlitsstofnun EFTA krefja EFTA-ríkið, sem tilkynnir aðstoðina, um rökstuðning fyrir því að hvatningaráhrif muni komi fram.
146. Til þess að sýna fram á hvatningaráhrif verður viðkomandi EFTA-ríki að sanna að hefði engin aðstoð verið veitt, þ.e. í þeirri stöðu sem uppi hefði verið ef aðstoð hefði ekki komið til, hefði ekki verið valinn sá kostur sem telst vistvænni. Í þessu tilliti verður EFTA-ríkið að leggja fram upplýsingar sem sýna:
- á trúverðugan hátt að upp hefði getað komið sú staða að aðstoð væri ekki veitt,
 - að styrkhæfur kostnaður hafi verið reiknaður í samræmi við aðferðina sem lýst er í 81.–83. mgr. og
 - að fjárfestingin hefði ekki verið nægilega arðbær ef aðstoð hefði ekki komið til, að teknu tilliti til hagræðis sem fylgt hefði fjárfestingunni þótt aðstoð hefði ekki fengist, m.a. verðmætis framseljanlegra losunarheimilda sem fyrirtækið kann að fá úthlutað í kjölfar vistvænu fjárfestingarinnar.
- 3.3. Er aðstoðin samrýmanleg ríkisaðstoðarreglum með vísan til staflíðar b) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins?**
147. Aðstoð, sem veitt er til að hrinda í framkvæmd mikilvægum sameiginlegum evrópskum hagsmunamálum, getur talist samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins með vísan til staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. samningsins ef eftirtöldum skilyrðum er fullnægt:
- Fyrirhuguð aðstoð tengist verkefni sem er sértækt og hefur verið skilgreint vel með tilliti til þess hvernig það skuli framkvæmt, m.a. hverjir þátttakendurnir eru, hvaða markmiðum verður fylgt, hver áhrifin verða og hvaða leiðir verða farnar að markmiðunum. Eftirlitsstofnun EFTA getur einnig lítið á samstæðu nokkurra verkefna sem eitt verkefni.
 - Verkefnið verður að þjóna sameiginlegum hagsmunum Evrópuríkja: það verður að stuðla að hagsmunum EES-ríkjanna á sviði umhverfisverndar á áþreifanlegan, fordæmisgefandi og greinanlegan hátt, til að mynda þannig að það sé afar mikilvægt fyrir umhverfisstefnu EES-ríkjanna eða Evrópusambandsins. Ávinningur, sem leiðir af markmiðum verkefnisins, má ekki vera bundinn við eitt EFTA-ríki, eða þau EFTA-ríki sem standa að því, heldur verður hann að ná til Evrópska efnahagssvæðisins í heild. Verkefnið verður að fela í sér að talsvert sé lagt af mörkum til að ná markmiðum EES-ríkjanna eða EB-ríkjanna. Það eitt að verkefnið er unnið á vegum fyrirtækja í mismunandi EES-löndum er ekki nægilegt.
 - Aðstoðin er nauðsynleg og felur í sér hvata til að vinna að verkefninu, en það verður jafnframt að fela í sér verulega áhættu.
 - Verkefnið hefur mikla þýðingu þegar horft er til stærðar: það verður að vera verulegt að umfangi og hafa veruleg umhverfistengd áhrif.
148. Til þess að gera Eftirlitsstofnun EFTA kleift að meta slík verkefni á réttum forsendum verður að rökstyðja að unnið verði að sameiginlegum hagsmunum Evrópuríkja með vísan til raunverulegra dæma: til að mynda verður að sýna fram á að verkefnið muni skila tilteknum markmiðum EES-ríkjanna eða Evrópubandalaganna á sviði umhverfisverndar verulega áleiðis.
149. Eftirlitsstofnun EFTA mun líta tilkynnt verkefni jákvæðari augum ef það byggist að hluta á verulegu eigin framlagi þess sem nýtur góðs af því. Hið sama á við þegar að verkefninu standa fyrirtæki í fleiri en einu EES-ríki.
150. Þegar aðstoðin telst samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins með vísan til ákvæða stafl. b) í 3. mgr. 61. gr. kemur til greina að stofnunin heimili herra aðstoðarhlutfall en kveðið er á um í þessum leiðbeiningum að öðru leyti.
- 4. AÐSTOÐ SEM ER VEITT SEM AFSLÁTTUR AF UMHVERFISSKÖTTUM EÐA UNÐANÞÁGA FRÁ ÞEIM**
151. Aðstoð, sem er veitt sem afsláttur af umhverfissköttum eða undanþága frá þeim, verður talin samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins með vísan til staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. samningsins að því tilskildu að hún stuðli að betri umhverfisvernd, að minnsta kosti óbeint, og að skattafslátturinn og undanþágurnar grafi ekki undan því almenna markmiði sem unnið er að.

152. Til þess að unnt sé að samþykkja, með vísan til 61. gr. EES-samningsins, afslætti eða undanþágur frá sköttum sem samsvara sköttum sem eru samræmdir í EB-ríkjunum, einkum þegar samræmingin er samkvæmt tilskipun 2003/96/EB, verða slík ákvæði að samrýmast viðeigandi ákvæðum EB-réttar og vera í samræmi við takmarkanir og skilyrði sem þar er að finna ⁽⁶⁰⁾.
153. Aðstoð, sem er veitt sem afsláttur af sköttum eða undanþága frá sköttum sem samsvara umhverfissköttum sem eru samræmdir í EB-ríkjunum, verður talin samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins með vísan til staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins um 10 ára skeið, að því tilskildu að aðstoðarþegarnir greiði að minnsta kosti lágmarksskatt EB samkvæmt ákvæðum viðeigandi tilskipunar ⁽⁶¹⁾.
154. Aðstoð, sem er veitt sem afsláttur af, eða undanþága frá, öðrum umhverfissköttum en þeim sem fjallað er um í 153. mgr. ⁽⁶²⁾ verður talin samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins með vísan til staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. samningsins um 10 ára skeið að því tilskildu að fullnægt sé skilyrðum 155.–159. mgr.
155. Við greiningu á skattareglum sem fela í sér ríkisaðstoð í mynd afsláttar af, eða undanþágu frá, viðkomandi skatti mun Eftirlitsstofnun EFTA taka til sérstakrar athugunar hvort aðstoðin sé nauðsynleg og hófleg og hvaða áhrif hún hefur í viðkomandi atvinnugreinum.
156. Í þessu tilliti mun Eftirlitsstofnun EFTA byggja á upplýsingum frá stjórnvöldum í EFTA-ríkjunum. Í upplýsingunum þarf annars vegar að koma fram hvaða atvinnugreinar eða flokkar aðstoðarþega njóta afsláttar eða undanþágu og hins vegar staða helstu aðstoðarþega í hverri atvinnugrein og hvernig skattlagningin getur stuðlað að umhverfisvernd. Fylgja skal fullnægjandi lýsing á greinunum sem njóta undanþágu svo og skrá um stærstu aðstoðarþega í hverri grein (einkum með tilliti til veltu, markaðshlutdeildar og skattstofns). Tilgreina skal eftir atvinnugreinum upplýsingar um skilvirkustu tækni sem völ er á í EES-ríkjunum til að draga úr umhverfistjóninu sem skattinum er ætlað að draga úr.
157. Þá verður aðstoð, sem er veitt sem afsláttur af, eða undanþága frá, umhverfissköttum, að vera nauðsynleg og hófleg.
158. Eftirlitsstofnun EFTA mun líta svo á að aðstoðin sé nauðsynleg ef öllum eftirtöldum skilyrðum er fullnægt:
- Val á aðstoðarþegum verður að byggjast á hlutlægum og gagnsæjum viðmiðum og úthlutun aðstoðar verður að fara fram í grundvallaratriðum á sama hátt að því er varðar alla keppinauta í sömu atvinnugrein eða á sama viðkomandi markaði ⁽⁶³⁾, ef þeir búa við sambærilegar aðstæður.
 - Umhverfisskatturinn eins og hann er án afsláttar verður að leiða til verulegrar hækkunar framleiðslukostnaðar í hverri atvinnugrein eða hverjum flokki einstakra viðtakenda aðstoðar ⁽⁶⁴⁾.
 - Ef veruleg hækkun á framleiðslukostnaði er látin ganga inn í verð til viðskiptamanna hlýtur það að leiða til umtalsverðs sölusamdráttar. Í þessu tilliti geta EFTA-ríkin meðal annars lagt fram mat á verðnæmi í atvinnugreininni á viðkomandi landfræðilegum markaði ⁽⁶⁵⁾ ásamt mati á sölusamdrætti og/eða minni hagnaði hjá fyrirtækjum í viðkomandi grein eða flokki.
159. Eftirlitsstofnun EFTA mun líta svo á að aðstoðin sé hæfileg að umfangi ef einu eftirtalinnu skilyrða er fullnægt:
- Kerfið felur í sér viðmið sem tryggja að hver einstakur aðstoðarþegi greiði hlutfall af almennum skatti samkvæmt landslögum sem svarar nokkurn veginn til umhverfisárangurs hvers aðstoðarþega í samanburði við árangur sem næst með skilvirkustu tækni sem völ er á í EES-ríkjunum. Ákvæði kerfisins tryggja að hvert það fyrirtæki, sem nær að nýta sér skilvirkustu tæknina, geti þegar best lætur notið afsláttar sem samsvarar þeirri aukningu framleiðslukostnaðar sem skatturinn leiðir til þegar skilvirkasta tækni er notuð og ekki er unnt að láta ganga inn í verð til viðskiptamanna. Hvert það fyrirtæki, sem skilar lakari umhverfisárangri, skal njóta minni afsláttar í réttu hlutfalli við umhverfisárangurinn sem það nær.
 - Aðstoðarþegar greiða að minnsta kosti 20% af skathlutfalli í landinu nema unnt sé að réttlæta enn lægra hlutfall með vísan til þess að lítil hætta sé á samkeppnisröskun.
 - Afslátturinn eða undanþágurnar eru bundnar því skilyrði að samningar séu gerðir milli EFTA-ríkisins og fyrirtækisins eða fyrirtækjasamtakanna, sem taka við aðstoðinni, þess efnis að fyrirtækin eða fyrirtækjasamtökin skuldbindi sig til að ná umhverfisverndarmarkmiðum sem hafa sömu áhrif og ef fullnægt væri skilyrðum samkvæmt staflíð a) eða b) eða innheimtur lágmarksskattur samkvæmt EB-reglum. Samningar og skuldbindingar af þessu tagi geta meðal annars varðað aðgerðir til að draga úr orkunotkun, losun mengunarefna eða aðrar umhverfisráðstafanir og verða að fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

⁽⁶⁰⁾ Það skilyrði að afsláttur og undanþágur verði að samrýmast viðeigandi ákvæðum EB-réttar gildir aðeins að því er varðar mat á því hvort ráðstöfunin samrýmist leiðbeiningunum sem hér birtast. Sjá í þessu tilliti einnig 10. mgr.

⁽⁶¹⁾ Sjá 15. lið 70. mgr.

⁽⁶²⁾ Til að mynda afsláttur af, eða undanþága frá, sköttum sem heyra ekki undir ákvæði EB-réttar eða eru lægri en gildandi lágmarksskattur EB.

⁽⁶³⁾ Sjá skilgreiningu í tilkynningu Eftirlitsstofnunar EFTA um skilgreiningu á hugtakinu viðkomandi markaður að því er varðar samkeppnislög á Evrópska efnahagssvæðinu (EES), EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 28, 16.7.1998, bls. 3.

⁽⁶⁴⁾ Að því er varðar orku og orkugjafa og raforku skal hugtakið „orkufrekur iðnaður“, eins og það er skilgreint í staflíð a) í 1. mgr. 17. gr. tilskipunar 2003/96/EB, teljast fullnægja þessu viðmiði meðan það ákvæði er í gildi.

⁽⁶⁵⁾ Sjá skilgreiningu í tilkynningu Eftirlitsstofnunar EFTA um skilgreiningu á hugtakinu viðkomandi markaður að því er varðar samkeppnislög á Evrópska efnahagssvæðinu (EES), EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 28, 16.7.1998, bls. 3.

- i) Efnisatriði samninganna verða að vera niðurstaða samninga við hvert EFTA-ríki og verða að taka til markmiða og áætlunar um hvenær þeim markmiðum skuli náð.
- ii) EFTA-ríkin verða að tryggja sjálfstæða ⁽⁶⁶⁾ og tímanlega vöktun á því að skuldbindingum samkvæmt samningunum sé framfylgt.
- iii) Samningana verður að endurskoða með reglulegu millibili með hliðsjón af tæknilegum framförum og öðrum forsendum og þeir verða að hafa að geyma skilvirk ákvæði um viðurlög sem beitt verði ef skuldbindingar eru ekki virtar.

5. SAMRÝMIST AÐSTOÐ, SEM TEKIN ER TIL ÍTARLEGS MATS, GILDANDI RÍKISADSTOÐAR-REGLUM?

5.1. Ráðstafanir sem teknar eru til ítarlegs mats

160. Til þess að Eftirlitsstofnun EFTA geti tekið til ítarlegra mats allar háar aðstoðarfjárhæðir sem úthlutað er samkvæmt samþykktum kerfum og ákveðið hvort slík aðstoð sé samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins verða EFTA-ríkin að tilkynna stofnuninni fyrirfram öll einstök tilvik þar sem fjárfestingaraðstoð eða rekstraraðstoð er veitt, samkvæmt samþykktu kerfi eða sem stök aðstoð, ef aðstoðin fullnægir eftirtöldum skilyrðum ⁽⁶⁷⁾:
- a) **Ráðstafanir sem falla undir reglugerð um hópundanþágu:** Öll tilvik sem eru tilkynnt Eftirlitsstofnun EFTA í samræmi við *skyldu til að tilkynna hverja aðstoðarráðstöfun sérstaklega* samkvæmt ákvæðum hópundanþágureglugerðarinnar.
 - b) **Stakar ráðstafanir sem falla undir ákvæði þessara leiðbeininga ⁽⁶⁸⁾:** Öll eftirfarandi tilvik:
 - i) Fjárfestingaraðstoð: þegar einu fyrirtæki er veitt meiri aðstoð en sem nemur 7,5 millj. evra (jafnvel þótt aðstoðin falli undir samþykkt aðstoðarkerfi).
 - ii) Rekstraraðstoð til orkusparnaðar: þegar hverju fyrirtæki er veitt meiri aðstoð en sem nemur 5 millj. evra á fimm ára tímabili:
 - iii) Rekstraraðstoð til raforkuframleiðslu og/eða samvinnslu varmaorku með endurnýjanlegum orkugjöfum: þegar aðstoð er veitt orkuverum sem nýta endurnýjanlega orkugjafa á stöðum þar sem geta til raforkuvinnslu með endurnýjanlegum orkugjöfum verður í kjölfarið meiri en 125 MW.
 - iv) Rekstraraðstoð til framleiðslu á lífheldsneyti: þegar aðstoð er veitt til framleiðslu á lífheldsneyti á stöðum þar sem framleiðsla verður í kjölfarið meiri en 150 000 tonn á ári.
 - v) Rekstraraðstoð til samvinnslu orku: þegar aðstoð er veitt til samvinnslu orku þar sem geta til raforkuframleiðslu samvinnslu verður í kjölfarið meiri en 200 MW. Aðstoð til framleiðslu á varmaorku með samvinnslu verður metin í tengslum við tilkynningu um raforkuframleiðslugetu.
161. EFTA-ríkin mega veita rekstraraðstoð til nýrra orkuvera, sem framleiða orku með endurnýjanlegum orkugjöfum, á grundvelli útreiknings á ytri kostnaði sem unnt reynist að komast hjá. Ef þessi aðferð er notuð til að ákvarða aðstoðarfjárhæð er skylt að tilkynna ráðstöfunina og verður hún tekin til ítarlegs mats óháð mörkunum sem kveðið er á um í iii. lið staflíðar b) í 160. mgr. Ytri kostnaður, sem unnt reynist að komast hjá, er peningalegt mat á þeim félagslega og umhverfislega viðbótarkostnaði sem þjóðfélagið þyrfti að bera ef sama orka væri framleidd í veri sem nýtti hefðbundna orkugjafa. Útreikningur á þessum kostnaði verður byggður á muninum á þeim ytri kostnaði sem til fellur vegna orkuframleiðslu þeirra sem nýta endurnýjanlega orkugjafa, en þeir greiða ekki sjálfir, annars vegar, og þeim ytri kostnaði sem til fellur vegna orkuframleiðslu þeirra sem nýta óendurnýjanlega orkugjafa, en þeir greiða ekki sjálfir, hins vegar. Við þennan útreikning verður EFTA-ríkið að nota aðferð sem nýtir viðurkenningar á alþjóðavettvangi og hefur fengið vottun Eftirlitsstofnunar EFTA. Meðal annars verður að leggja fram rökstudda og magngreinda samanburðargreiningu á kostnaði, ásamt mati á ytri kostnaði keppinauta á sviði orkuvinnslu, til þess að sýna fram á að aðstoðin renni í raun til þess að bæta upp ytri kostnað sem unnt reynist að forðast.
162. Hvað sem öðru líður verður aðstoðarfjárhæð, sem framleiðendur fá greidda umfram aðstoð sem leiðir af kosti 1 sem lýst er í 109. mgr., þ.e. rekstraraðstoð til orkuvinnslu með endurnýjanlegum orkugjöfum, að renna til nýrra fjárfestinga fyrirtækjanna í endurnýjanlegum orkugjöfum í samræmi við ákvæði undirkafla 3.1.6.1.
163. Að því tilskildu að EFTA-ríkin tryggi fullt samstarf og leggi tímanlega fram fullnægjandi upplýsingar mun Eftirlitsstofnun EFTA leitast við af fremsta megni að ljúka rannsókninni tímanlega. EFTA-ríkjunum er bent á að leggja fram upplýsingar um hvert það atriði sem þau telja að gæti nýst við mat á málinu. EFTA-ríkin geta einkum stuðst við mat á eldri kerfum eða ráðstöfunum á sviði ríkisaðstoðar, mat á áhrifum aðstoðarinnar af hálfu yfirvaldsins sem heimilar hana, svo og aðrar athuganir sem lúta að umhverfisvernd.

⁽⁶⁶⁾ Í þessu tilliti skiptir það ekki máli hvort vöktunin fer fram á vegum opinberrar stofnunar eða einkaaðila.

⁽⁶⁷⁾ Þetta á einnig við óháð því hvort viðkomandi aðstoðarþegi nýtir samtímis skattundanþágu eða skattafláttar af því tagi sem fjallað er um í 4. undirkafla.

⁽⁶⁸⁾ Undanþágur frá, og afslættir af, umhverfissköttum, sem falla undir ákvæði 4. undirkafla þessara leiðbeininga, verða ekki tekin til ítarlegs mats. Aðstoð, sem er veitt sem skattviltun í samræmi við ákvæði 3. undirkafla, verður þó tekin til ítarlegs mats ef hún er umfram leyfileg hámark samkvæmt þessari málsgrein.

164. Ítarlegt mat er framkvæmt sem hlutfallslegt mat, þ.e. því er hagað eftir því hversu líklegt er að röskun hljótist af í viðkomandi máli. Í samræmi við þetta leiðir sú staðreynd að ítarlegt mat fer fram ekki nauðsynlega til þess að hefja þurfi formlega rannsókn, þótt þörf kunnri að vera á því í sumum tilvikum.

5.2. Viðmið er varða efnahagslegt mat á einstökum málum

165. Ítarlegt mat verður byggt á þeim kostum og göllum sem fjallað er um í undirkaflum 5.2.1 og 5.2.2 og koma til viðbótar viðmiðunum sem lýst er í undirkafla 3. Skyllt er, hvað sem öðru líður, að virða aðstoðarhlutföllin sem þar er mælt fyrir um. Þá verður ítarlega matið byggt á hinum tilgreindu kostum og göllum þegar þeir skipta máli um þá tegund eða það form aðstoðar sem um ræðir.

5.2.1. Kostir aðstoðarinnar

166. Sú staðreynd að aðstoðin hvetur fyrirtæki til að sinna umhverfisvernd sem þau hefðu ekki sinnt að öðrum kosti er helsti kosturinn sem líta ber til við mat á því hvort aðstoðin samrýmist gildandi reglum.

5.2.1.1. Er markaðsbrestur fyrir hendi?

167. Eftirlitsstofnun EFTA mun almennt ekki draga í efa að neikvæð úthrif fylgi tilteknum tegundum hegðunar eða notkun tiltekins varnings sem hefur í för með sér umhverfistjón. Stofnunin mun þó ganga úr skugga um að ríkisaðstoðinni sé beint að slíkum markaðsbresti á þann hátt að hún hafi umtalsverð áhrif á umhverfisvernd. Í þessu tilliti mun stofnunin einkum huga að væntu framlagi til umhverfisverndar sem náð verður með ráðstöfuninni (í mælanlegum skilningi) og því umhverfisverndarstigi sem stefnt er að í samanburði við gildandi EB-reglur og/eða reglur sem gilda í öðrum EES-rikjum.

168. Eftirlitsstofnun EFTA mun einnig taka til skoðunar atriði sem geta réttlætt að aðstoð sé veitt til aðlögunar að landsreglum sem ganga lengra en EB-reglur. Stofnunin mun einkum hafa hliðsjón af gerð, tegund og staðsetningu helstu keppinauta aðstoðarþegans, kostnaði aðstoðarþegans af því að fylgja landsreglum (eða kerfum framseljanlegra losunarheimilda) hefði engin aðstoð verið veitt og til samanburðar kostnaði helstu keppinauta hans af því að fylgja þeim reglum.

5.2.1.2. Hefur viðeigandi stjórnæki verið notað?

169. Athugað verður hvort ríkisaðstoð er viðeigandi stjórnæki til að vinna að markmiði á sviði umhverfisverndar, með vísan til þess að hugsanlega mætti ná sama árangri með öðrum stjórnækjum og að ríkisaðstoð getur unnið gegn mengunarbótareglunni.

170. Í mati sínu á því hvort ráðstöfun samrýmist gildandi reglum mun Eftirlitsstofnun EFTA einkum líta til mats sem EFTA-rikið kann að hafa látið gera á áhrifum hinnar fyrirhuguðu ráðstöfunar, meðal annars á því hvort önnur stjórnæki en ríkisaðstoð hefðu komið til greina, og taka tillit til vísbendinga um að mengunarbótareglan verði virt.

5.2.1.3. Hefur aðstoðin hvatningaráhrif og er hún nauðsynleg?

171. Ríkisaðstoð, sem er veitt í umhverfisverndarskyni, verður ávallt að hafa hvatningaráhrif, þ.e. hún verður að leiða til þess að viðtakandinn breyti hegðun sinni á þann hátt að stuðli að betri umhverfisvernd. Aðstoð getur ekki talist nauðsynleg eingöngu með vísan til þess að hún leiði til betri umhverfisverndar. Ávinningur af nýjum fjárfestingum eða framleiðsluaðferðum takmarkast að jafnaði ekki við umhverfisáhrif þeirra.

172. Auk útreiknings á auknum kostnaði samkvæmt 3. undirkafla mun Eftirlitsstofnun EFTA haga greiningu sinni að teknu tilliti til eftirtalinna atriða:

- a) **Staða sem uppi hefði verið ef aðstoð hefði ekki komið til:** Leggja ber fram sannanir um tilteknar aðgerðir sem fyrirtækið hefði ekki ráðist í ef aðstoð hefði ekki verið veitt, til að mynda nýfjárfestingu, framleiðsluaðferð sem skilar betri umhverfisvernd og/eða nýja vöru sem er umhverfisvænni.
- b) **Vænt umhverfisáhrif sem tengjast breytingu á hegðun:** Að minnsta kosti annað eftirtalinna atriða verður að koma fram:
 - i) *Betri umhverfisvernd:* samdráttur mengunar af tiltekinni tegund sem hefði ekki dregist saman ef aðstoð hefði ekki verið veitt.
 - ii) *Hraðari innleiðing nýrra reglna sem öðlast gildi í framtíðinni:* samdráttur mengunar sem hefst fyrr en ella vegna aðstoðarinnar.
- c) **Hagræði í framleiðslu:** Ef fjárfestingunni fylgir annars konar hagræði, svo sem aukin framleiðslugeta, framleiðni, sparnaður eða gæði, verða hvatningaráhrifin að jafnaði minni en ella. Þetta á einkum við ef ávinningurinn er umtalsverður á líftíma fjárfestingarinnar, og hugsanlega svo mikill að endurheimta megi kostnaðarauka af umhverfisverndarráðstöfunum þó að aðstoð komi ekki til.
- d) **Markaðsaðstæður:** Á sumum mörkuðum getur verið fyrir hendi samkeppnisaðhald, einkum með hliðsjón af vöruímynd og merkingum sem votta framleiðsluaðferðir, sem hvetur fyrirtæki til að leggja mikið á sig við umhverfisvernd. Ef vísbendingar eru um að betri umhverfisvernd náist fram fyrir tilstuðlan aðstoðarinnar en með almennri hegðun á markaði eru meiri líkur en ella á að aðstoðin hafi hvatningaráhrif.

- e) **Lögbundnar reglur sem kunna að verða settar síðar:** Ef yfir standa viðræður á vettvangi Evrópu-bandalaganna um upptöku nýrra eða strangari lögbundinna reglna, sem stefnt yrði að að fylgja með viðkomandi ráðstöfun, verða hvatningaráhrif aðstoðarinnar að jafnaði minni en ella.
 - f) **Áhætta:** Ef sérstök hætta er á að árangur af fjárfestingunni verði minni en vænst er verða hvatningaráhrif aðstoðarinnar að jafnaði meiri.
 - g) **Arðsemi:** Ef arðsemi ráðstöfunarinnar, sem ráðist er í, er neikvæð á afskriftatíma fjárfestingarinnar, eða á tímabilinu sem rekstraraðstoðin á að standa, að teknu tilliti til hvers kyns hagræðis og áhættu sem fjallað er um í þessari málsgrein, hefur aðstoðin að jafnaði hvatningaráhrif.
173. Ef viðleitni fyrirtækisins miðast við að fullnægja landsreglum sem ganga lengra en EB-reglur eða hafa verið settar þar sem engum EB-reglum er til að dreifa mun Eftirlitsstofnun EFTA ganga úr skugga um að aðstoðarþeginn hefði þurft að bera umtalsverðan kostnaðarauka og hefði ekki getað staðið undir kostnaði við að fullnægja tafarlaust ákvæðum landsreglna.

5.2.1.4. Er aðstoðin hæfileg að umfangi?

174. EFTA-ríkinu ber að leggja fram sannanir fyrir því að aðstoðin sé nauðsynleg, að aðstoðarfjárhæðin sé höfð sem lægst og að val á aðstoðarþegum fari fram í samræmi við meðalhöfsreglu. Eftirlitsstofnun EFTA mun hafa eftirtalin atriði til hliðsjónar í greiningu á þessu:
- a) **Er styrkhæfur kostnaður rétt reiknaður?** Sannanir fyrir því að styrkhæfur kostnaður sé í raun takmarkaður við þann kostnaðarauka sem er nauðsynlegur til að ná megi fram jafngóðri umhverfisvernd og stefnt er að.
 - b) **Hvernig eru aðstoðarþegar valdir?** Val á aðstoðarþegum á að fara fram á jafnréttisgrundvelli og á gagnsæjan og opinn hátt, og án þess að útilokuð séu að ástæðulausu fyrirtæki sem kunna að vilja keppa um aðstoðina með verkefnum sem hafa sama markmið á sviði umhverfisverndar. Aðferðin á að leiða til þess að valdir séu þeir aðstoðarþegar sem geta unnið að viðkomandi markmiði á sviði umhverfisverndar gegn minnstri aðstoð eða á þann hátt sem er hagkvæmastur.
 - c) **Er aðstoð haldið í lágmarki?** Sannanir fyrir því að aðstoðarfjárhæðin sé ekki hærri en svo að nægi til að bæta upp ófullnægjandi arðsemi, að meðtöldum eðlilegum hagnaði á afskriftatíma fjárfestingarinnar.

5.2.2. Greining á samkeppnisröskun og áhrifum á viðskipti

175. Að því er varðar mat á neikvæðum áhrifum aðstoðarráðstöfunarinnar verður greining Eftirlitsstofnunar EFTA á samkeppnisröskun einkum lätin snúast um fyrirsjáanleg áhrif sem aðstoð til umhverfisverndar hefur á samkeppni milli fyrirtækja á viðkomandi vörumörkuðum ⁽⁶⁹⁾.
176. Ef aðstoðin er hæfileg að umfangi, einkum í þeim skilningi að við útreikning á auknum fjárfestingar- eða rekstrarkostnaði hafi verið litið til hvers kyns hagræðis sem fyrirtækið kann að njóta í því sambengi, er líklegt að aðstoðin hafi lítil neikvæð áhrif. Þó er hugsanlegt, eins og getið er í undirkafla 1.3.6, að jafnvel þegar aðstoðin er nauðsynleg og hæfileg að umfangi til þess að hlutaðeigandi fyrirtæki geti náð fram betri umhverfisvernd leiði aðstoðin til breyttrar og samkeppnisraskandi hegðunar aðstoðarþegans. Fyrirtæki, sem sækist eftir hagnaði, keppir að jafnaði ekki að betri umhverfisvernd en lögbundnar kröfur segja til um nema það telji að það hafi af slíku að minnsta kosti lágmarkshagræði.
177. Eftirlitsstofnun EFTA mun í upphafi meta líkurnar á því að aðstoðarþeginn geti náð fram hærri eða óbreyttum sölutölum vegna aðstoðarinnar. Stofnunin mun einkum hafa eftirtalin atriði til hliðsjónar:
- a) **Lækkar kostnaður á framleiðslueiningu eða er hann bætur að einhverju leyti?** Ef nýr búnaður hefur í för með sér að kostnaður á framleiðslueiningu lækkar frá því sem verið hefði ef engin aðstoð hefði komið til, eða aðstoðin bætir rekstrarkostnaðinn að hluta, er líklegt að aðstoðarþeginn geti aukið sölu á framleiðsluvörum sínum ⁽⁷⁰⁾. Því verðnæmari sem varan er, þeim mun meiri verður samkeppnisröskunin.
 - b) **Er tekin upp umhverfisvænni framleiðsluáðferð?** Ef aðstoðarþeginn tekur upp umhverfisvænni framleiðsluáðferð, og ef viðtekið er að nota merkingar eða vörúmynd til að vekja athygli neytenda á vörunni á grundvelli þess að hún stuðli að betri umhverfisvernd, þá er líklegt að aðstoðarþeginn geti aukið sölu á framleiðsluvörum sínum. Því gjarnari sem neytendur eru á að velja vörur vegna umhverfiseiginleika þeirra, þeim mun meiri verður samkeppnisröskunin.
 - c) **Verður til ný vara?** Ef aðstoðarþeginn hefur framleiðslu á nýrri eða betri vöru er líklegt að hann muni auka sölu á vörum sínum og jafnvel njóta þess hagræðis sem fylgir því að vera fyrstur á markað með tiltekna vöru. Því gjarnari sem neytendur eru á að velja vörur vegna umhverfiseiginleika þeirra, þeim mun meiri verður samkeppnisröskunin.

⁽⁶⁹⁾ Aðstoðin getur haft áhrif á ýmsum mörkuðum, og þá sökum þess að áhrifin eru ekki bundin við markaðinn sem samsvarar hinni styrktu starfsemi heldur ná til annarra markaða sem tengjast þeim markaði annaðhvort sem aðlægir markaðir (aðliggjandi eða fráliggjandi) eða systurmarkaðir, eða sökum þess að aðstoðarþeginn starfar þegar á þeim mörkuðum eða gæti hafið starfsemi þar í náinni framtíð.

⁽⁷⁰⁾ Óvist er að útreikningur á kostnaðarauka nái að fullu til hvers kyns rekstrarhagræðis þar eð hagræðið er ekki reiknað til frádráttar yfir allan líftíma fjárfestingarinnar. Við það bætist að tormeðki geta verið á því að reikna sumar tegundir hagræðis, til að mynda ef það tengist aukinni framleiðni eða aukinni framleiðslu með óbreyttri framleiðslugetu.

5.2.2.1. Viðvarandi hvati/ruðningsáhrif

178. Hugsanlegt er að ríkisaðstoð til umhverfisverndar verði notuð til þess að ýta undir notkun nýskapandi og umhverfisvænnar tækni í atvinnusköpunarskyni, með það að markmiði að færa framleiðendum á innanlandsmarkaði það hagræði sem fylgir því að vera fyrstur á markað með tiltekna vöru. Aðstoðin getur þannig raskað viðvarandi hvötum og leitt til ruðningsáhrifa gagnvart fjárfestingum í viðkomandi sérhæfðri tækni í öðrum EES-ríkjum og leitt til þess að þekking á þeirri tækni safnist einkum fyrir í einu EES-ríki. Þessi áhrif verða þeim mun meiri sem fleiri keppinautar draga úr framlögum til nýsköpunar í samanburði við stöðuna sem uppi hefði verið ef engin aðstoð hefði verið veitt.
179. Eftirlitsstofnun EFTA mun hafa eftirtalin atriði til hliðsjónar í greiningu á aðstoðinni:
- Hver er aðstoðarfjárhæðin?** Eftir því sem aðstoðarfjárhæðin er hærri þeim mun líklegri er að hluti aðstoðarinnar verði notaður til aðgerða sem raska samkeppni. Þetta á einkum við ef aðstoðarfjárhæðin er há í samanburði við umfang almennrar starfsemi aðstoðarþegans.
 - Hversu oft er aðstoð veitt?** Ef fyrirtæki nýtur endurtekinnar aðstoðar eykur það líkur á að viðvarandi hvatar raskist.
 - Hversu lengi stendur aðstoðin?** Ef rekstraraðstoð er veitt í langan tíma eykur það líkurnar á samkeppnisröskun.
 - Er dregið úr aðstoð í áföngum?** Ef rekstraraðstoð fer minnkandi með tímanum hvetur það fyrirtækið til hagkvæmari rekstrar og röskun á viðvarandi hvötum fer því einnig minnkandi með tímanum.
 - Hversu vel er fyrirtækið í stakk búíð að fullnægja nýjum reglum?** Ef aðstoðin gerir viðkomandi fyrirtæki kleift að fullnægja nýjum EB-reglum sem vænta má að verði teknar upp í fyrirsjáanlegri framtíð lækkar fjárfestingin, sem aðstoð er veitt til, kostnað af fjárfestingu sem fyrirtækið hefði þurft að bera hvað sem öðru líður.
 - Hversu strangar eru gildandi reglur í hlutfalli við sett markmið á sviði umhverfisverndar?** Því vægari sem lögbundnar kröfur eru þeim mun meiri er hættan á að ekki sé þörf á aðstoð til að ganga lengra en þar er kveðið á um og að aðstoðin valdi ruðningsáhrifum gagnvart fjárfestingum eða sé notuð þannig að viðvarandi hvatar raskist.
 - Er hætta á að styrkirnir nýtist til annarrar starfsemi?** Ef fyrirtækið framleiðir margvíslegar vörur, eða framleiðir sömu vöru bæði á hefðbundinn og umhverfisvænan hátt, er meiri hætta en ella á styrkirnir nýtist til annarrar starfsemi en ætlunin var.
 - Er hlutleysis gætt að því er varðar tækniáðferðir?** Ef ráðstöfun miðast við að styrkja aðeins tiltekna tækniáðferð er meiri hætta en ella á að viðvarandi hvatar raskist.
 - Gætir samkeppni frá nýsköpun á öðrum vettvangi?** Ef keppinautar í öðrum löndum vinna að tækni sem nýta má til samkeppni við starfsemina sem nýtur aðstoðar eykur það líkurnar á að aðstoðin raski viðvarandi hvötum.

5.2.2.2. Óhagkvæmum fyrirtækjum gert kleift að halda áfram starfsemi

180. Réttlæta má ríkisaðstoð til umhverfisverndar sem tímabundna tilhögun sem notast er við meðan fundin er aðferð til að beina að fullu á réttan stað byrðinni af neikvæðum umhverfisúthrifum. Hana má ekki nota til að styrkja að öþörfu fyrirtæki sem ráða ekki við að aðlagast umhverfisvænni reglum og tækni vegna óhagkvæms rekstrar. Eftirlitsstofnun EFTA mun hafa eftirtalin atriði til hliðsjónar í greiningu á aðstoðinni:
- Hverrar tegundar eru aðstoðarþegarnir?** Ef framleiðni aðstoðarþegans er tiltölulega lítil og fjárhagsstaða hans veik eykur það líkurnar á að aðstoðin verði til þess að halda fyrirtækinu á markaði á óeðlilegum forsendum.
 - Er offramleiðslugeta í greininni sem aðstoðin beinist að? Í greinum, sem einkennast af offramleiðslugetu, er meiri hætta en annars staðar á að fjárfestingaraðstoð ýti undir það ástand og viðhaldi óhagkvæmu markaðsskipulagi.**
 - Hver er viðtekin hegðun í greininni sem aðstoðin beinist að?** Ef öðrum fyrirtækjum í greininni hefur tekist að ná fram sambærilegri umhverfisvernd án aðstoðar eykur það líkurnar á að aðstoðin verði til þess að viðhalda óhagkvæmu markaðsskipulagi. Því minni visbendingar sem eru um að aðstoðarþeginn virði mengunarbótaregluna, og því stærra hlutfall af ytri umhverfiskostnaði sem keppinautar aðstoðarþegans fella inn í framleiðslukostnað sinn, þeim mun meiri verður samkeppnisröskunin.
 - Hvert er hlutfallslegt mikilvægi aðstoðarinnar?** Því meira sem breytilegur framleiðslukostnaður lækkar eða fæst bættur þeim mun meiri verður samkeppnisröskunin.
 - Hvernig eru aðstoðarþegar valdir?** Ef val á aðstoðarþegum fer fram á jafnréttisgrundvelli og á gagnsæjan og opinn hátt dregur það úr líkum á að aðstoðin verði til þess að halda fyrirtækinu á markaði á óeðlilegum forsendum. Því viðtækari sem styrkveitingarnar eru (þegar miðað er við hversu stór hluti viðkomandi markaðar er styrktur) og því meira sem byggt er á samkeppni (með útboðs- eða innkaupastefnu) þeim mun minni verður samkeppnisröskunin.

- f) **Hversu sértæk er ráðstöfunin?** Ef ráðstöfunin, sem er grundvöllur aðstoðarveitingar, varðar tiltölulega marga hugsanlega aðstoðarþega, ef hún varðar öll fyrirtæki sem starfa á viðkomandi markaði og ef hún útilokar ekki fyrirtæki sem gætu unnið að sama markmiði á sviði umhverfisverndar dregur það úr líkum á að aðstoðin verði til þess að halda óhagkvæmum fyrirtækjum á markaði.

5.2.2.3. Markaðsráðandi staða/markaðshindrandi starfsemi

181. Hugsanlegt er að aðstoðarþegi nýti aðstoð, sem er veitt til umhverfisverndar, til þess að styrkja eða viðhalda markaðsráðandi stöðu á viðkomandi vörumarkaði. Eftirlitsstofnun EFTA mun meta, áður en aðstoð er veitt, hvort aðstoðarþegi nýtur markaðsráðandi stöðu og hvaða breytinga er að vænta á markaðsráðandi stöðu í kjölfar aðstoðarinnar. Hugsanlegt er að aðstoðarþegi, sem hefur umtalsverðan markaðsstyrk, nýti aðstoð, sem er veitt til umhverfisverndar, til þess að efla eða viðhalda markaðsstyrk með því að greina vörur sínar enn frekar frá vörum keppinauta eða útiloka þá. Ólíklegt er að stofnunin geri athugasemdir um samkeppnismál er varða markaðsítök/markaðsstyrk á mörkuðum þar sem markaðshlutdeild hvers aðstoðarþega er minni en 25% og á mörkuðum þar sem samþjöppunarstig markaðarins er lægra en 2 000 samkvæmt Herfindahl-Hirschman-stuðli.
182. Eftirlitsstofnun EFTA mun hafa eftirtalin atriði til hliðsjónar í greiningu á aðstoðinni:
- Hver er markaðsstyrkur aðstoðarþegans og hvernig er markaðsskipulagi háttáð?** Ef aðstoðarþeginn er þegar ráðandi á viðkomandi markaði ⁽⁷¹⁾ getur aðstoðarráðstöfunin styrkt þá stöðu með því að veikja enn frekar það samkeppnisaðhald sem keppinautar aðstoðarþegans geta veitt.
 - Eiga ný fyrirtæki á markaði kost á aðstoð?** Ef aðstoðin varðar vörumarkaði eða framleiðslutækni sem á í samkeppni við vörur aðstoðarþega sem er fyrir á markaði og nýtur markaðsstyrks er hugsanlegt að aðstoðin verði nýtt í atvinnusköpunarskyni til að koma í veg fyrir að ný fyrirtæki sækji inn á markaðinn. Ef hugsanleg ný fyrirtæki á markaði eiga ekki kost á aðstoð er hættan á samkeppnisröskun af völdum aðstoðarinnar því meiri.
 - Hvaða áhrif hefur aðstoðin á sérgreiningu vöru og verðmismunun?** Aðstoðin getur haft þau neikvæðu áhrif að gera aðstoðarþeganum auðveldara að stunda sérgreiningu vöru og verðmismunun til skaða fyrir neytendur.
 - Hver er styrkur kaupenda?** Ef sterkir kaupendur eru á markaðnum dregur það úr líkunum á að aðstoðarþegi, sem nýtur markaðsstyrks, geti hækkað verð til þessara sterku kaupenda. Því meiri sem styrkur kaupenda er þeim mun minni eru því líkurnar á að aðstoðin bitni á hagsmunum neytenda.

5.2.2.4. Áhrif á viðskipti og framleiðslustað

183. Ríkisaðstoð til umhverfisverndar getur leitt til þess að tiltekin svæði njóti góðs af bættum framleiðsluáæðum, einkum lægri framleiðslukostnaði eða auknum vörugæðum. Þetta getur valdið því að fyrirtæki flytji starfsemi sína til svæðanna sem njóta aðstoðar eða að viðskiptum sé beint þangað í auknum mæli.
184. Aðstoðin verður þannig til að flytja hagnað til EFTA-rikisins á vörumarkaðnum sem aðstoðin varðar, svo og á aðfangamörkuðum.
185. Eftirlitsstofnun EFTA mun í greiningu sinni athuga hvort vísbendingar eru um að aðstoðarþeginn hafi hugað að öðrum stöðum til fjárfestingar, en þá eru meiri líkur á að aðstoðin hafi umtalsverð samkeppnisraskandi áhrif.

5.2.3. Jafnvægismat og ákvörðun

186. Með hliðsjón af þessum kostum og göllum aðstoðarinnar mun Eftirlitsstofnun EFTA vega og meta áhrif ráðstöfunarinnar og skera úr um hvort röskun af hennar völdum bitnar á viðskiptaskilyrðum þannig að stríði gegn almannahag. Æskilegast er að bæði kostir og gallar séu settir fram með vísan til sömu viðmiða (til að mynda ytri kostnaðar sem sneitt er hjá í samanburði við lækkan á hagnaði keppinautar í tilteknum gjaldmiðli).
187. Almennt á við að því meiri sem hinn umhverfistengdi ávinningur er, og því betur sem sýnt er fram á að aðstoðarþjárhæðin sé takmörkuð við það lágmark sem er nauðsynlegt, þeim mun líklegri er að matsniðurstaðan verði jákvæð. Á hinn bóginn á einnig við að því sterkari vísbendingar sem eru um að aðstoðin muni valda umtalsverðri samkeppnisröskun þeim mun minni líkur eru á jákvæðri matsniðurstöðu. Ef væntir kostir eru verulegir og líkur standa til að röskunin verði mjög mikil mun matið fara eftir því að hvaða leyti kostirnir eru taldir vega upp gallana.
188. Eftirlitsstofnun EFTA getur ákveðið að hreyfa ekki andmælum við hinni tilkynntu aðstoðarráðstöfun, án þess að hefja formlega rannsókn, eða fara þá leið, í samræmi við ákvæði um formlega rannsókn í 6. gr. II. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, að ljúka rannsókn með ákvörðun í samræmi við

⁽⁷¹⁾ Aðstoðin getur haft áhrif á ýmsum mörkuðum, og þá sökum þess að áhrifin eru ekki bundin við markaðinn sem samsvarar hinni styrktu starfsemi heldur ná til annarra markaða sem tengjast þeim markaði annaðhvort sem aðlægir markaðir (aðliggjandi eða frálíggjandi) eða systurmarkaðir, eða sökum þess að aðstoðarþeginn starfar þegar á þeim mörkuðum eða gæti hafið starfsemi þar í náinni framtíð.

7. gr. bókunarinnar. Ef stofnunin tekur skilyrta ákvörðun, í skilningi 4. mgr. 7. gr. ofangreindrar bókunar, getur hún til að mynda ákveðið að binda ákvörðunina eftirtöldum skilyrðum sem verða að draga úr röskun eða áhrifum á viðskipti af völdum ráðstöfunarinnar og vera hófleg:

- a) **Aðstoðarhlutfall sé lægra** en hæsta leyfilega hlutfall samkvæmt 3. undirkafla.
- b) **Viðhafður sé fjárhagslegur aðskilnaður** til þess að koma í veg fyrir að styrkveiting á einum markaði nýtist á öðrum markaði, þegar þannig stendur á að aðstoðarþegi starfar á fleiri en einum markaði.
- c) **Fullnægt sé viðbótarskilyrðum sem miðast við að bæta umhverfisáhrif** ráðstöfunarinnar.
- d) **Engin mismunun sé viðhöfð** gagnvart öðrum hugsanlegum aðstoðarþegum (minna sértækar ráðstafanir).

6. UPPSÖFNUN

- 189. Aðstoðarhámmörk samkvæmt þessum leiðbeiningum skulu gilda óháð því hvort stuðningur við aðstoðarverkefnið er fjármagnaður að fullu af ríkisfé eða að hluta með tilstyrk Evrópubandalagsins.
- 190. Aðstoð, sem samþykkt hefur verið á grundvelli þessara leiðbeininga, má ekki sameina annarri ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins eða öðrum fjárhagsstuðningi sem aflað er fyrir tilstyrk Evrópubandalagsins ef skörun af því tagi leiðir til herra aðstoðarhlutfalls en ákveðið er í þessum leiðbeiningum. Þó er heimilt, séu útgjöld, sem eru styrkhæf samkvæmt reglum um aðstoð til umhverfisverndar, einnig styrkhæf að fullu eða að hluta samkvæmt reglum um aðstoð í öðrum tilgangi, að fella þann hluta, sem er sameiginlegur, undir það hámark sem er hagfelldast samkvæmt viðeigandi reglum.
- 191. Aðstoð til umhverfisverndar má ekki sameina minniháttaráðstoð vegna sama styrkhæfa kostnaðar ef slík uppsöfnun leiðir til herra aðstoðarhlutfalls en ákveðið er í þessum leiðbeiningum.

7. LOKAÁKVÆÐI

7.1. Ársskýrslur

- 192. Samkvæmt ákvæðum bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól og ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA 195/04/COL frá 14. júlí 2004 um framkvæmdarákvæði sem um getur í 27. gr. II. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól ber EFTA-ríkjunum að afhenda Eftirlitsstofnun EFTA ársskýrslur.
 - 193. Auk þess, sem krafist er í ofangreindum ákvæðum, skulu ársskýrslur um aðstoð til umhverfisverndar hafa að geyma eftirtaldir upplýsingar vegna sérhvers samþykks aðstoðarkerfis, að því er stórfyrirtæki varðar:
 - Heiti aðstoðarþega
 - Aðstoðarfjárhæð sem greidd er hverjum aðstoðarþega
 - Aðstoðarhlutfall
 - Lýsingu á markmiðum að baki ráðstöfuninni og á því hvers konar umhverfisvernd stefnt er að með henni
 - Atvinnugreinar sem styrktu verkefni tilheyra
 - Skýringu á því hvað gert hefur verið til að viðhalda hvatningaráhrifum, einkum með vísan til þeirra þátta og viðmiða sem fjallað er um í 6. undirkafla
 - 194. Að því er varðar skattundanþágur og skattfrádrátt þarf EFTA-ríkið aðeins að leggja fram laga- og/eða reglugerðarákvæði sem gilda um aðstoðina og upplýsingar um þá flokka fyrirtækja sem njóta skattfrádráttar eða skattundanþágu og þær atvinnugreinar sem undanþágurnar eða frádrátturinn varðar helst.
 - 195. Ársskýrslurnar verða birtar á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA.
- ### 7.2. Gagnsæi
- 196. Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að nauðsynlegt sé að gera frekari ráðstafanir til að gera framkvæmd ríkisaðstoðar á Evrópska efnahagssvæðinu gagnsæri. Einkum er nauðsynlegt að tryggja að EFTA-ríkin, atvinnurekendur, hagsmunaaðilar og stofnunin sjálf hafi greiðan aðgang að heildartexta ákvæða um öll gildandi aðstoðarkerfi á sviði umhverfisverndar.
 - 197. Þessu markmiði er auðvelt að ná með samtengingu vefsetra. Við rannsókn á aðstoðarkerfum á sviði umhverfisverndar mun Eftirlitsstofnun EFTA því jafnan krefjast þess af viðkomandi EFTA-ríki að endanlegur heildartexti allra ákvæða um aðstoðarkerfi verði birtur á netinu og að stofnuninni séu sendar upplýsingar um veffangið. Óheimilt er að hrinda aðstoðarkerfi í framkvæmd nema upplýsingarnar hafi verið birtar á netinu.

7.3. Eftirlit og mat

198. EFTA-ríkjunum ber að sjá til þess að tekin sé saman ítarleg gögn um alla aðstoð sem er veitt til umhverfisverndar. Gögnin verða að taka til allra upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að staðfesta að ákvæði um styrkhæfan kostnað og leyfilegt aðstoðarhlutfall hafi verið virt og skulu þau varðveitt í 10 ár eftir að aðstoðin var veitt og afhent Eftirlitsstofnun EFTA þegar eftir því er leitað.
199. Eftirlitsstofnun EFTA mun leita eftir þessum upplýsingum hjá EFTA-ríkjunum með það fyrir augum að meta áhrif þessara leiðbeininga fjórum árum eftir að þær eru birtar ⁽⁷²⁾.

7.4. Viðeigandi ráðstafanir

200. Eftirlitsstofnun EFTA beinir því hér með til EFTA-ríkjanna, í samræmi við ákvæði 1. mgr. 1. gr. I hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, að þau geri eftirtaldir viðeigandi ráðstafanir í tengslum við gildandi aðstoðarkerfi á sviði umhverfisverndar:

EFTA-ríkin breyti aðstoðarkerfum af þessu tagi, eftir því sem þörf er á, til samræmis við ákvæði þessara leiðbeininga áður en 18 mánuðir eru liðnir frá því að þær eru samþykktar, með eftirtöldum undantekningum:

- i) EFTA-ríkin breyti fyrir 31. desember 2012, eftir því sem þörf er á, kerfum sem snúa að aðstoð sem er veitt sem afsláttur af eða undanþága frá sköttum sem samsvara sköttum sem falla undir ákvæði tilskipunar 2003/96/EB.
 - ii) Hin nýju hámark, sem sett eru stökum verkefnum í 160. mgr., öðlast gildi daginn eftir að leiðbeiningar þessar eru samþykktar í stjórn Eftirlitsstofnunar EFTA.
 - iii) Skylda til að leggja fram ítarlegri ársskýrslur gildir um aðstoð, sem er veitt samkvæmt aðstoðarkerfum sem eru í gildi 1. janúar 2009.
201. Því er beint til EFTA-ríkjanna að þau gefi til kynna skýrt og fyrirvaralaust samþykki sitt við þessari tillögu um viðeigandi ráðstafanir áður en **einn mánuður** er liðinn frá því að hún berst þeim í hendur. Berist ekki svar mun Eftirlitsstofnun EFTA líta svo á að hlutaðeigandi EFTA-ríki hafi ekki samþykkt tillöguna.

7.5. Gildistaka, gildistími og endurskoðun

202. Leiðbeiningar þessar gilda frá deginum sem þær eru samþykktar og koma í stað kaflans um ríkisaðstoð á sviði umhverfisverndar í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð, frá 23. maí 2001 ⁽⁷³⁾.
203. Leiðbeiningar þessar gilda til 31. desember 2014. Eftirlitsstofnun EFTA áskilur sér rétt til að breyta þeim fyrir þann tíma, að höfðu samráði við EFTA-ríkin, með hliðsjón af mikilvægum stefnumiðum á sviði samkeppni eða umhverfismála eða í því skyni að taka tillit til annarra stefnumiða eða alþjóðlegra skuldbindinga. Breytingar af því tagi geta einkum reynst nauðsynlegar í ljósi milliríkjasamninga um loftslagsbreytingar sem gerðir kunna að vera og síðari breytinga á Evrópulöggjöf er varðar það efni. Eftirlitsstofnun EFTA mun taka mið af endurskoðun framkvæmdastjórnar EB á leiðbeiningunum (að fjórum árum liðnum) sem fram á að fara á grundvelli efnislegra upplýsinga og niðurstaðna viðtæks samráðs sem fram fer einkum með hliðsjón af gögnum frá EES-ríkjunum.
204. Eftirlitsstofnun EFTA mun beita ákvæðum þessara leiðbeininga gagnvart öllum aðstoðarráðstöfunum sem henni eru tilkynntar og henni ber að taka ákvörðun um eftir að leiðbeiningarnar hafa verið samþykktar, jafnvel þótt verkefni hafi verið tilkynnt áður en leiðbeiningarnar voru birtar. Þetta á meðal annars við um staka aðstoð sem er veitt samkvæmt samþykktum aðstoðarkerfum og tilkynnt stofnuninni í samræmi við þá skyldu að tilkynna slíka aðstoð sérstaklega.
205. Í samræmi við ákvæði Leiðbeininga um ríkisaðstoð um reglur sem gilda um mat á ólögmati ríkisaðstoð mun Eftirlitsstofnun EFTA beita gagnvart aðstoð, sem ekki er tilkynnt,
- a) ákvæðum þessara leiðbeininga, ef aðstoðin var veitt eftir að þær voru samþykktar,
 - b) ákvæðum þeirra leiðbeininga sem voru í gildi þegar aðstoðin var veitt, í öllum öðrum tilvikum.

⁽⁷²⁾ Í tengslum við þá vinnu kunna EFTA-ríkin að vilja hlaupa undir bagga með því að leggja fram eigin eftirámat á aðstoðarkerfum og stökum ráðstöfunum.

⁽⁷³⁾ Stj. 21, 24.1.2002, EES-viðbætur nr. 6.

II. VIÐAUKI

Tafla með yfirliti um aðstoðarhlutföll vegna fjárfestingaraðstoðar miðað við styrkhæfan kost

	Lítið fyrirtæki	Meðalstórt fyrirtæki	Stórfyrirtæki
Aðstoð við fyrirtæki sem ganga lengra en krafist er í EB-reglum, eða bæta umhverfisvernd í þeim tilvikum að engum slíkum reglum er til að dreifa	70 % 80 % þegar um ræðir styrki til vistvænnar nýsköpunar 100 % þegar útboð er viðhaft	60 % 70 % þegar um ræðir styrki til vistvænnar nýsköpunar 100 % þegar útboð er viðhaft	50 % 60 % þegar um ræðir styrki til vistvænnar nýsköpunar 100 % þegar útboð er viðhaft
Aðstoð til athugana á umhverfisáhrifum	70 %	60 %	50 %
Aðstoð til snemmbærrar aðlögunar að væntanlegum EB-reglum			
– meira en 3 árum	25 %	20 %	15 %
– 1 til 3 árum fyrir gildistöku reglnanna	20 %	15 %	10 %
Aðstoð til úrgangsstjórnunar	70 %	60 %	50 %
Aðstoð til nýtingar endurnýjanlegra orkugjafa	80 % 100 % þegar útboð er viðhaft	70 % 100 % þegar útboð er viðhaft	60 % 100 % þegar útboð er viðhaft
Aðstoð til orkusparnaðar	80 %	70 %	60 %
Aðstoð til uppsetningar á samvinnsluorkustöðvum	100 % þegar útboð er viðhaft	100 % þegar útboð er viðhaft	100 % þegar útboð er viðhaft
Aðstoð vegna fjarhitunar sem notast við hefðbundna orkugjafa	70 % 100 % þegar útboð er viðhaft	60 % 100 % þegar útboð er viðhaft	50 % 100 % þegar útboð er viðhaft
Aðstoð til hreinsunar á mengunarstöðum	100 %	100 %	100 %
Aðstoð til flutnings fyrirtækja	70 %	60 %	50 %

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.5838 – Bertelsmann/Planeta/Círculo)

2010/EES/29/02

1. Framkvæmdastjórninni barst 31. maí 2010 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækin Media Finance Holding S.L., sem lýtur yfirláðum þýska fyrirtækisins Bertelsmann AG („Bertelsmann“), og Editorial Planeta S.A., sem lýtur yfirláðum spænska fyrirtækisins Planeta Corporación S.R.L. („Planeta“), öðlast með hluta-fjárkaupum í sameiningu yfirláð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í nýstofnuðu sameiginlegu spænsku fyrirtæki, Círculo de Lectores S.A. („Círculo“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Bertelsmann: sjónvarpsrekstur, útgáfa bóka og tímarita, umsýsla með tónlistarréttindi, fjarsala, þjónusta við fjölmiðla og áskriftarklúbbur
 - Planeta: framleiðsla á menningar-, fréttá-, kennslu- og skemmtiefni fyrir spænsku- og frönskumælandi markaði
 - Círculo: bókaklúbbur
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 147, 5. júní 2010). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5838 – Bertelsmann/Planeta/Círculo, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.5863 – Merck/Millipore)

2010/EES/29/03

1. Framkvæmdastjórninni barst 2. júní 2010 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Merck KGaA („Merck“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í bandaríska fyrirtækinu Millipore Corporation („Millipore“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Merck: framleiðsla og sala lyfja og iðefna, m.a. lífvísindavara
 - Millipore: þróun, framleiðsla og sala á tækjum og þjónustu til fyrirtækja á sviði lífvísinda
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 151, 10. júní 2010). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5863 – Merck/Millipore, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2010/EES/29/04****(mál COMP/M.5899 – Warburg Pincus/Silver Lake/Interactive Data Corporation)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 31. maí 2010 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækin Silver Lake Partners III, L.P., sem lýtur yfirráðum bandarísku samsteypunnar Silver Lake Group L.L.C. („Silver Lake“), og Warburg Pincus Private Equity X, L.P. og Warburg Pincus X Partners, L.P., sem bæði lúta yfirráðum bandaríska fyrirtækisins Warburg Pincus & Co. („Warburg Pincus“), öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í bandaríska fyrirtækinu Interactive Data Corporation.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Silver Lake: fjárfestingasjóðir á heimsvísu með áherslu á tækni, tæknigreinar og tengdar atvinnugreinar þar sem vöxtur er mikill
 - Warburg Pincus: fjárfestingar í óskráðum félögum á heimsvísu
 - Interactive Data Corporation: sala fjármálagagna, greining og tengdar lausnir
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 151, 10. júní 2010). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5899 – Warburg Pincus/Silver Lake/Interactive Data Corporation, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

Upphaf málsmeðferðar**2010/EES/29/05****(mál COMP/M.5658 – Unilever/Sara Lee Body Care)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 31. maí 2010 að hefja málsmeðferð í ofangreindu máli eftir að hafa komist að þeirri niðurstöðu að mikill vafi léki á að hin tilkynnta samfylking væri samrýmanleg sameiginlega markaðnum. Upphaf málsmeðferðar markar byrjun annars áfanga rannsóknar á þessari samfylkingu og er með fyrirvara um endanlega ákvörðun í málinu. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið c) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004.

Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Til að unnt sé að taka fullt mið af athugasemdunum verða þær að berast framkvæmdastjórninni innan 15 daga frá því að tilkynning þessi birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 22964301/22967244) eða í pósti, með tilvísun til máls COMP/M.5658 – Unilever/Sara Lee Body Care, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition,
Merger Registry
J-70
1049 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË

Ríkisaðstoð – Spánn**2010/EES/29/06****Málsnúmer C 10/10 (áður N 562/09) – Aðstoð til endurskipulagningar í fyrirtækinu
A NOVO Comlink SL****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. ESB-sáttmálans**

Framkvæmdastjórnin hefur með bréfi, dagsettu 24. mars 2010, tilkynnt stjórnvöldum á Spáni þá ákvörðun sína að hefja rannsókn í samræmi við 2. mgr. 108. gr. ESB-sáttmálans í tengslum við ofangreinda aðstoð, Um nánari upplýsingar sjá [Stjtið. ESB C 140, 29.5.2010, bls. 25](#).

Frestur hagsmunaaðila til að gera athugasemdir við aðstoðina, sem framkvæmdastjórnin hefur tekið til rannsóknar, er einn mánuður frá því að ágríp þetta og eftirfylgjandi bréf birtist í Stjtið. ESB (birtingardagur 29.5.2010). Athugasemdir skal senda á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
State Aid Greffe
1049 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË

Bréfasími +32 22961242

Athugasemdum verður komið á framfæri við stjórnvöld á Spáni. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 4. mgr. 16. gr. reglugerðar 2010/EES/29/07
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur
í bandalaginu**

Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug

Aðildarríki	Finnland
Flugleið	Helsinki-Savonlinna-Helsinki
Gildistökudagur almannaðjónustukvaða	1. október 2010
Textinn er afhentur endurgjaldslaust, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða almannaðjónustukvaðirnar, eftir beiðni sem senda ber:	<p>Ministry of transport and communications Kirjaamo PB 31 FI-00023 Valtioneuvosto Helsinki SUOMI/FINLAND</p> <p>Netfang: kirjaamo@lvm.fi Bréfasími +358 916028596 Vefslóð: http://www.lvm.fi</p>

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 4. mgr. 16. gr. reglugerðar 2010/EES/29/08
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur
í bandalaginu**

Almannaðjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug

Aðildarríki	Finnland
Flugleið	Helsinki-Varkaus-Helsinki
Gildistökudagur almannaðjónustukvaða	1. október 2010
Textinn er afhentur endurgjaldslaust, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða almannaðjónustukvaðirnar, eftir beiðni sem senda ber:	<p>Ministry of transport and communications Kirjaamo PB 31 FI-00023 Valtioneuvosto Helsinki SUOMI/FINLAND</p> <p>Netfang: kirjaamo@lvm.fi Bréfasími +358 916028596 Vefslóð: http://www.lvm.fi</p>

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar 2010/EES/29/09
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur
í bandalaginu**

Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannapjónustukvaðir

Aðildarríki	Finnland
Flugleið	Flugleiðirnar Helsinki-Savonlinna og/eða Helsinki-Varkaus
Samningstími	1. október 2010 til 31. desember 2013
Frestur til að skila tilboðum	61 degi eftir að auglýsingin um almannapjónustukvaðirnar birtist í <i>Stjórnartíðindum Evrópusambandsins</i> (birtingardagur 3.6.2010)
Texti útboðsauglýsingarinnar er afhentur endurgjaldslaust, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða útboðið og almannapjónustukvaðirnar, eftir beiðni sem senda ber:	Ministry of transport and communications Kirjaamo PB 31 FI-00023 Valtioneuvosto Helsinki SUOMI/FINLAND Netfang: kirjaamo@lvm.fi Bréfasími +358 916028596 Vefsetur: http://www.lvm.fi

Orðsending stjórnvalda í Frakklandi með vísan til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni ⁽¹⁾

2010/EES/29/10

(Tilkynning um umsóknir um sérleyfi til olíu- og gasleitar sem kennd eru við „Langlade“ og „Hermine“)

Samkvæmt umsókn, sem lögð var fram 29. júní 2009, hafa fyrirtækin ConocoPhillips Canada Resources Corp., sem er skráð að PO Box 130, 401, 9th Ave S.W., Calgary, Alberta T2P 2H7, Canada, og BHP Billiton Petroleum Corp., sem er skráð að 1360 Post Oak Blvd, Suite 150, Houston, TX 77056-3030, United States of America, farið fram á sérleyfi til fimm ára, sem kennt er við „Langlade“ til olíu- og gasleitar á svæði á hafsbotni sem er hér um bil 547 km² og liggur undan strönd Saint-Pierre-et-Miquelon.

Samkvæmt umsókn, sem lögð var fram 9. desember 2009, hefur fyrirtækið Bardoil Energy SAS, sem er skráð að 42 rue de l'Abbé Pierre Gervain, Boîte Postale 4353, 97500 Saint-Pierre-et-Miquelon, France, farið fram á sérleyfi til fimm ára, sem kennt er við „Hermine“ til olíu- og gasleitar á svæði á hafsbotni sem er hér um bil 1 312 km² og liggur undan strönd Saint-Pierre-et-Miquelon.

Svæðið, sem ofangreindar leyfisumsóknir taka til samtals, markast af lengdarbaugum og breiddarbaugum sem tengja hornpunktana sem skilgreindir eru með hnitum hér fyrir neðan. Talið er frá núlllengdarbaugi sem liggur um Greenwich.

Hornpunktur	Gráður vestlægrar lengdar	Gráður norðlægrar breiddar
A	56° 24' 01,7"	44° 35' 33,1"
B	56° 15' 00,6"	44° 35' 32,0"
C	56° 15' 02,1"	44° 47' 17,8"
D	56° 09' 16,2"	44° 47' 16,6"
E	56° 09' 21,0"	43° 50' 00,2"
F	56° 23' 53,3"	43° 50' 00,2"

Tilhögun umsókna og skilyrði fyrir úthlutun leyfa

Upphaflegir umsækjendur og aðrir, sem keppa um leyfið, skulu færa sönnur á að þeir fullnægi kröfum sem gerðar eru til umsækjenda og skýrðar eru í 4. og 5. gr. tilskipunar 2006-648 frá 2. júní 2006 um námaréttindi og réttindi til geymslu efna í jörð (*Journal officiel de la République française*, 3. júní 2006).

Fyrirtækjum, sem þess kynnu að óska, er heimilt að keppa um einkaleyfið með umsókn sem leggja ber fram áður en 90 dagar eru liðnir frá því að auglýsing þessi birtist (birtingardagur 1.6.2010), í samræmi við málsmeðferðina sem lýst er í tilkynningu um úthlutun námaréttinda fyrir kolvatnsefni í Frakklandi er birt var í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* C 374 hinn 30. desember 1994, bls. 11, og staðfest með tilskipun 2006-648 frá 2. júní 2006 um námaréttindi og réttindi til geymslu efna í jörð (*Journal officiel de la République française* (frönsku stjórnartíðindin), 3. júní 2006).

Samkeppnisumsóknum skal beint til ráðherra námarekstrar og ber að senda þær á neðangreint póstfang. Ákvarðanir um upphaflegu umsóknina og umsóknir, sem keppa við hana, verða teknar áður en tvö ár eru liðin frá því að upphaflega umsóknin barst stjórnvöldum í Frakklandi, þ.e. eigi síðar en 31. ágúst 2011.

Skilmálar og kröfur að því er varðar rekstur starfseminnar og lok hennar

Umsækjendum er bent á 79. gr. og gr. 79.1 í frönskum námalögum og á tilskipun 2006-649 frá 2. júní 2006 um námaréttindi, geymslu efna í jörð, auk námareglugerðar og reglugerðar um geymslu efna í jörð (*Journal officiel de la République française* (frönsku stjórnartíðindin), 3. júní 2006).

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 164, 30.6.1994, bls. 3.

Nánari upplýsingar eru veittar í fagráðuneytinu á eftirfarandi póstfangi: Ministère de l'Écologie, de l'Énergie, du Développement durable et de la Mer, Direction générale de l'énergie et du climat, Direction de l'énergie, Sous-direction de la sécurité d'approvisionnement et nouveaux produits énergétiques, Grande Arche de la Défense, Paroi Nord, 92055 La Défense Cedex, France, sími +33 140819529.

Ofangreinda löggjöf má alla finna á vefsetri Légifrance:

<http://www.legifrance.gouv.fr>

Orðsending stjórnvalda í Frakklandi með vísan til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni ⁽¹⁾ 2010/EES/29/11

(Tilkynning um umsóknir um sérleyfi til olíu- og gasleitar, sem bera yfirskriftina „Sézanne-leyfin“, frá Concorde Energy LLC annars vegar og Realm Energy International hins vegar)

Samkvæmt umsókn, sem lögð var fram 8. september 2009, hefur fyrirtækið Concorde Energy LLC, sem er skráð að 1537 Bull Lea Road, Suite 200, Lexington KY 40511 United States of America, farið fram á sérleyfi til fjögurra ára, sem kennt er við „Sézanne“ til olíu- og gasleitar á svæði sem er hér um bil 273 km² og er í Marne-sýslu.

Samkvæmt umsókn, sem lögð var fram 11. desember 2009, hefur fyrirtækið Realm Energy International, sem er skráð að 2nd Floor, Berkeley Square, London W1J 6BD, United Kingdom, farið fram á sérleyfi til fimm ára, sem kennt er við „Sézanne“ til olíu- og gasleitar á svæði sem er hér um bil 870 km² og nær yfir hluta sýslanna Aube og Marne.

Svæðið, sem ofangreindar leyfisumsóknir taka til samtals, markast af lengdarbaugum og breiddarbaugum sem tengja hornpunktana sem skilgreindir eru með hnitum hér fyrir neðan. Talið er frá núlllengdarbaugi sem liggur um Greenwich.

Hornpunktur	Nýgráður austlægrar lengdar	Nýgráður norðlægrar breiddar
A	1,40	54,20
B	1,60	54,20
C	1,60	54,10
D	1,64	54,10
E	1,64	54,13
F	1,68	54,13
G	1,68	54,10
H	1,80	54,10
I	1,80	54,20
J	2,00	54,20
K	2,00	54,21
L	2,09	54,21
M	2,09	54,19

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 164, 30.6.1994, bls. 3.

Hornpunktur	Nýgráður austlægrar lengdar	Nýgráður norðlægrar breiddar
N	2,08	54,19
O	2,08	54,18
P	2,09	54,18
Q	2,09	54,17
R	2,10	54,17
S	2,10	54,02
T	2,08	54,02
U	2,08	54,01
V	2,05	54,01
W	2,05	54,00
X	1,90	54,00
Y	1,90	53,90
Z	1,70	53,90
AA	1,70	54,00
BB	1,50	54,00
CC	1,50	54,10
DD	1,40	54,10

Tilhögun umsókna og skilyrði fyrir úthlutun leyfa

Upphaflegir umsækjendur og aðrir, sem keppa um leyfið, skulu færa sönnur á að þeir fullnægi kröfum sem gerðar eru til umsækjenda og skýrðar eru í 4. og 5. gr. tilskipunar 2006-648 frá 2. júní 2006 um námaréttindi og réttindi til geymslu efna í jörð (*Journal officiel de la République française*, 3. júní 2006).

Fyrirtækjum, sem þess kynnu að óska, er heimilt að keppa um einkaleyfið með umsókn sem leggja ber fram áður en 90 dagar eru liðnir frá því að auglýsing þessi birtist (birtingardagur 1.6.2010), í samræmi við málsmeðferðina sem lýst er í tilkynningu um úthlutun námaréttinda fyrir kolvatnsefni í Frakklandi er birt var í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* C 374 hinn 30. desember 1994, bls. 11, og staðfest með tilskipun 2006-648 frá 2. júní 2006 um námaréttindi og réttindi til geymslu efna í jörð (*Journal officiel de la République française* (frönsku stjórnartíðindin), 3. júní 2006).

Samkeppnisumsóknum skal beint til ráðherra námarekstrar og ber að senda þær á neðangreint pósthfang. Ákvarðanir um upphaflegu umsóknina og aðrar umsóknir, sem keppa við hana, verða teknar áður en tvö ár eru liðin frá því að upphaflega umsóknin barst frönskum stjórnvöldum, þ.e. eigi síðar en 9. október 2011.

Skilmálar og kröfur að því er varðar rekstur starfseminnar og lok hennar

Umsækjendum er bent á 79. gr. og gr. 79.1.2006 í frönskum námalögum og á tilskipun 649-2 frá 2. júní 2006 um námaréttindi, geymslu efna í jörð, auk námareglugerðar og reglugerðar um geymslu efna í jörð (*Journal officiel de la République française* (frönsku stjórnartíðindin), 3. júní 2006).

Nánari upplýsingar eru veittar í Ministère de l'Écologie, de l'Énergie, du Développement durable et de la Mer, Direction générale de l'énergie et du climat, Direction de l'énergie, Sous-direction de la sécurité d'approvisionnement et nouveaux produits énergétiques, Grande Arche, Paroi Nord – 92055 La Défense Cedex, France, sími +33 140819529.

Ofangreinda löggjöf má alla finna á vefsetri Légifrance:

<http://www.legifrance.gouv.fr>

Auglýsing eftir tillögum – EACEA/12/10**2010/EES/29/12****Áætlunin „Virk æska“****Aðgerð 4.5 – Stuðningur við upplýsingastarfsemi fyrir ungmenni og þá sem starfa að æskulýðsmálum og í æskulýðssamtökum**

Auglýst er eftir tillögum í þeim tilgangi að styrkja verkefni, sem stuðla að aukinni upplýsingu og auknum samskiptum ungmenna og æskulýðsleiðtoga, með áherslu á Evrópuþáttinn. Fyrirhuguðum verkefnum er skylt að efla miðlun gæðaupplýsinga og auka aðgang ungmenna að upplýsingum og að ýmiss konar samskiptaleiðum, bæði á innlendum vettvangi og evrópskum. Verkefni skulu, þegar til lengri tíma er litið, hafa það að markmiði að örva ungmenni til þátttöku í opinberu starfi og greiða fyrir því að þau gerist virkir og ábyrgðarfullir evrópskir samfélagsþegnar.

Nánari upplýsingar um markmið og verkefni má finna í óstyttri útgáfu auglýsingarinnar eins og hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, Stjtið. ESB C 144, 3.6.2010, bls. 35, svo og um einstök skilyrði fyrir úthlutun.

Umsóknarfrestur er til **10. september 2010**.

Ítarlegar leiðbeiningar fyrir umsækjendur og umsóknareyðublöð er að finna á eftirfarandi vefslóð:

http://eacea.ec.europa.eu/youth/funding/2010/call_action_4_5_en.php